



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerkjabók Eyjafjarðarsýslu 1882–1890



Mjer sýnd, 6. septr. 1890.

J. Havsteen

amtm.

Séð 4/4 1936.

Jngólfur Jónsson

Séð 1/8 '38

Páll Magnússon



Skýrsla um landamerki eins og þau nú eru haldin á byggðum jörðum og afrjetti í Skíðadal, sem er eign Vallakirkju.

1. Syðra-Hvarf

Merkjum að norðan ræður Græntóarlækur frá Skíðadalsá uppá brún, og þaðan réttlínis á Hvarfshnjúk upp og að skilur Ytrahvarfsland.

Að sunnan er garður krókóttur og óglöggur af brekkuborðinu upp engið og nokkuð uppi fjallshlíðina, þegar honum (garðinum) sleppir í hlíðinni, ræður rjett stefna á fjall upp. En frá garðsendanum á áðurnefndu brekkuborði, beinlínis vestur eyrarnar að Skíðadalsá. Nefnd merki að greina Hjaltastaðaland.

2. Gljúfrárkot

Merki að norðan eru eptir vörðum fremur, er standa ein á bakkanum austan Skíðadalsár, önnur skamt ofar í grasbaka, þriðja ofan til á ^{sér} nefndu Vindholti, síðan eptir gili, er ræður rjettri stefnu á Holárfjall upp. Þessi merki að greina Holarkots og Gljúfrárkotslönd. –

Að sunnan ræður Gljúfuráin merkjum frá Skíðadalsá fram til jökla.

Vestan Skíðadalsár liggur undir Gljúfrárkot all mikill landspartur, til þessara ummerkja: Að sunnan í Rauðukeldu og Merkishaus, sjá merki að norðan við Sveinstaðir.

En að norðan ræður Syðri-Hvítílækur, sjá merki við Krosshól að sunnan. –

3. Sveinstaðir.

Merkjum að sunnan ræður Vesturáin frá Skíðadalsá fram til jökla, og að greinir nefnd Vesturá Sveinstaðaland frá svo kölluðum Stafnstungum.

Að norðan eru merki haldin í svo nefnda ~~Rauðu~~ Rauðukeldu, sem er skammt utar en gegnt Gljúfurárgili, ræður nefnd Rauðakelda beinni stefnu frá Skíðadalsá upp engið og síðan rjettlínis í merkjahaus og á fjall upp, þannig eru merki haldin nú og að greina Sveinstaðaland frá Gljúfrárkotsparti. –

Ath. Ábúandi Sveinstaða fram ber þá munnmæla sögu, að Sveinstaða merki hafi verið til forna dálítið norðar, en þau eru nú haldin. En fyrir beit frá Sveinstöðum ljéði Gljúfrárkot, lítil spilda utan við Rauðukeldu til slægna, sem nú fylgir hinum svokallaða Gljúfrárkotsparti.

4. Krosshóll

Þar eru merki að sunnan Syðri-Hvítílækur, sem ræður stefnu frá Skíðadalsá rjett á fjall upp. Merki þessi að greina Krosshóllsland að sunnan frá Gljúfrárkotsparti að norðan.



Merki að norðan er þu beinn og glöggur garður frá Skíðadalsá uppí Kamsbrún, sunnan við svo nefndan Strák, verður svo óglöggur í dalverju í fjallinu, en uppúr dalnum vottar fyrir honum aptur í beinni stefnu uppí Syðrahorn í svo kölluðum Síðuklettum, og ræður stefna þaða á fjall upp. – Þessi merki aðgreina Krossjól og Hverhóls lönd

5. Hverhóll

Merki að sunnan er hinn glöggvi garður frá Skíðadalsá upp að síðuklettum, sem getið er um við Krosshóls merki að norðan. –

En að norðan er garður sunnan til við svo nefndan Merkiðslæk, fyrst frá Skíðadalsá, af bakkanum upp í mýrina verður þar óglöggur á parti; þegar mýrin endar, sjest hann aptur, í beinni stefnu við neðri partinn, og upp sunnan við svokallaðan Merkishól, þegar upp dregur lengra verður hann óglöggur, en stefna ræður úr því rjettlínis á fjall upp. Þessi merki aðskilja Hverhólsland að norðan frá Kongstaðalandi.

6. Kongstaðir.

Þar ráða merki að sunnan, sömu sem nefnd eru við Hverhól að norðan, sem er garður frá Skíðadalsá, og sunnan við Merkishól, síðan rjettsýnis á fjall upp. –

Að norðan ræður þveráin merkjum frá Skíðadalsá fram til Jökla. –

7. Afrjetti fremst í Skíðadal

a) Almenningsfjall það er austan Skíðadalsár

b.) Stafnstungufjall, það er vestan Skíðadalsár

Land þetta liggur að þeim kennileytum sem hjer segir, að norðan við Almenning ræður Gljúfuráin merkjum frá Skíðadalsá fram til fremstu vatna upptaka, sem sjá má um Gljúfrárkots merki að sunnan þeim megin.

Að vestan við Stafnstungur, þar afmarkar Vesturáin frá Skíðadalsá fram til fremstu vatna upptaka, sjá þar um við Sveinstaða merki að sunnan. –

Völlum 5. dag mai mánaðar 1883

H. Guttormsson prestur

Landamerkjalyising þessari er jeg samþykkur við jörðina N^o 1. viðvikjandi Hjaltastöðum
Einar Ásmundsson

Þessari Landamerkjalyisingu er jeg samþykkur við jörðina N^o 6, að því er þverá í Skíðdal snertir
Einar Ásmundsson



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Þessari Landamerkjalysing er jeg samþykkur við jörðina N^o 2 áhrærandi Holárkot
Björn Jónsson



Landamerki Jarðarinnar Finnstaða í Saurbæarhrepp og Eyjafjarðarsýslu.

eru að sunnan djúpt gil, sem heitir „Illgil“ þegar upp fyrir brúnina kemur, beyist gilið mikið til suðausturs, en ræður samt altaf merkjum.

Að vestan er „Núpárgilið“ merki

Að norðan eru merkin í stein sunnarlega á svo nefndum „Markhól“, skammt fyrir sunnan og neðan Björk, og frá honum ofaní jarðfastan stein niður undir Núpárgili, og frá steininum á Markhól beint strik í vörðu uppá svonefndum „Höfða“ á neðstu brúninni þar undan, sem mindast af tveimur giljum, og eptir þessum merkjum beint strik uppá fjall.

Að austan eru merkin eptir miðju fjallinu

Vigfús Gíslason

í umboði eigandans Sra Jóns Austmanns

Samþykkir –

Olafur Stefánsson

Árni Jónsson

eigendur að Kjerhóli

Magnús Ólafsson

eigandi að Björk samþykkur.

Lesið á Manntalsþingi að Saurbæ 22 mai 1883

J Thorarensen.



Landamerki Ásláksstaða í Glæsibæarhrepp

Að sunnan ræður Hrappsstaða á úr Lóni og uppi svo kallaða Háumóa, og síðan í garð, er liggur milli túnanna á Hrappsstöðum og Ásláksstöðum, og þaðan beint í vörðu sunnarlega á Votahjalla og síðan í Vörðu á Ytri-Sistramel og svo í vörðu á sunnanverðri Ásláksstaðabrún. –

Að austan ræður Lónið að svo nefndu Krókholti

Að utan: úr Krókholti eptir hnausum hjerum bil beint í Gljúputóttir á Votufit og þaðan til fjalls í Svartafoss og þaðan í vörðu í Sistrabrún. –

Að vestan ræður fjallið. –

Akureyri 19 martz 1883

Þessu samþykkir

Magnus Friðfinnsson

Jónas Olafsson

Stephán Stephensen

G. Árnason

Landamerki Hrappstaða í Glæsibæarhrepp.

Að sunnan úr Lóninu beina stefnu í gamlan farveg Hrappsár og eptir honum uppí Hrappstaðagil, er siðan ræður merkjum.

Að utan úr Háumóum, og þaðan uppí garð, er liggur milli túnanna á Asláksstöðum og Hrappstöðum, og þaðan beint í vörðu sunnarlega á Votahjalla og síðan í vörðu á Ytri-Sistramel og svo í vörðu á sunnan verðri Ásláksstaða brún.

Að austan ræður Lónið að Háumóum

Að vestan ræður fjallið. –

Akureyri 19. marz 1883

Stephán Stephensen

Þessu samþ.

G. Arnason

Magnus Friðfinnsson. –

Landamerki Skriðukots. –

Að norðan móts við Hofsárkot er Skriðugil rjett stefna á fjall upp, og Skriðulækur úr Gljúfrum gilsins beina stefnu í Skíðadalsá niður, þaðan vestur bakkana sjónhending rjett í syðra Bakkamelshorn allt að Svarfaðardalsá. –

Að sunnan móts við Ytra-Hvarf beinn og glöggur garður, sem ræður stefnu á fjall upp; en úr melborðinu í Merkisklauf, sem garðurinn endar, beint niður að Skíðadalsá, þaðan svo rjett vestur yfir bakkasporðinn og eyrarnar, að Svarfaðardalsá. –

Ytrahvarfi 24. dag mai mán 1883

Joh. Jónsson

Þessari landamerkjalytingu er jeg samþykkur að því er Hofsárkort snertir

Einar Asmundsson. –

Þessari Landamerkja lýsingu er jeg samþykkur hvað Ytra-Hvarf snertir. –

Joh. Jónsson



Landamerki Þverár í Skíðadal.

Að sunnan ræður til móts við Kongstaði þveráin niður frá Skíðadalsá upp að fossi, sem er í þveránni, en frá fossinum til móts við Mársstaði hvorutveggju forn merki garður upp í svokallaða Rauðuskriðu, sem hefur upptök sín í Hamraendahól, og svo bein stefna á fjall upp. –

Að norðan ræður til móts við Syðri-Marstaði forn merkjagarður frá Skíðadalsá af svonefndu Merkisnesi upp í stein skammt fyrir neðan brekkur; úr steininum bein stefna uppí lækjarmót, og þaðan uppí svo nefndan Balastein, en síðan á fjall upp.

Fyrir griparekstur Marstaða-ábúanda á málum yfir Þverárland, á Þverárdal og af honum, á ábúandi Þverár hagagöngu eptir þörfum fyrir allan búsmala sinn og frían upprekstur á dalnum að sumarlagi fyrir 400 fjár, er taka má af öðrum til afrjettargöngu.

Staddur að Þverá í Skíðadal 26. dag mai mánaðar 1883

Einar Asmundsson

Þessari landamerkjalyngu er jeg samþykkur að því er Syðri-Marstaði snertir
þórður Jónsson

Fyrir Ytri-Márstaði er eg þessari merkjalýsingu samþykkur
þorkell Þorsteinsson

Merkjalýsing þessari er jeg samþykkur hvað Kongstaðir snertir
H Guttormsson. –



Landamerki Hjaltastaða í Skíðadal.

Að utan ræður til mót við Syðra-Hvarf forn merkigarður við læk, og úr stórum steini, sem stendur á garðinum ofan verðum, bein stefna á fjall upp, en á hinn bóginn úr neðri enda garðsins, beint niður í Skíðadalsá

Að sunnan ræður til mots við Sælu Ytri-Sæluá frá upptökum sínum niður í Skíðadalsá

Staddur á Hjaltastöðum 26. dag mai mán 1880

Einar Asmundsson

Þessari merkjalýsing er jeg samþykkur áhrærandi Syðra-Hvarf

H Guttormsson



Landamerki Skeiðs í Svarfaðardal

Að utan til motsvið Hræringstaði áin Grýta, neðan frá Svarfaðardalsá upp til fremstu upptaka. Að sunnan ræður til móts við Kot forn farvegur Vatnsdalsár neðan frá Svarfaðardalsá beint uppi Vatnsdalsárgil, en síðan Vatnsdalsáin fram til Jökla

Staddur í Skeiði 26. Dag ma m. 1883

Einar Ásmundsson

Þessari landamerkjalyðingu er jeg samþykkur fyrir Hræringstaðir

Árni Runólfsson

Landamerki Koti í Svarfaðardal

Að utan ræður til móts við Skeið forn farvegur Vatnsdalsár neðan frá Svarfaðardalsá beint uppi Vatnsdalsárgil, en síðan Vatnsdalsáin fram til jokla. – Að vestan ræður Svarfaðardalsá til fremstu upptaka á Heljardalsheiði og að suðvestan takmörkin milli Eyjafjarðarsýslu og Skagafjarðarsýslu

Staddur að Koti 26. dag mai m. 1883

Einar Ásmundsson

Að Skeiði er sami eigandi, sem að Koti, svo samþykkir á landamerkjum þar í milli gjörist eigi þörf.

Einar Ásmundsson

Landamerki Fífilgerðis í Ongulstaðahrepp

Að utan ræður Kúalækur til austur og uppi Vörðubrún, að vestan er gamall garður, merki jarðarinnar fyrir neðan vallarbrekkuna, að sunnan keldu er að skilur vellina á Króksstöðum og Fífilgerði og beint úr henni í Arnarklöpp og þaðan rjett sýnis uppí Vörðubrún (eður Kotabrún) sem sumir svo kalla, síðan norður brún þessa í áðurgreinda stefnu úr Kúalæk. –

Akureyri 30 jan 1883

Stephán Stephensen

Að því leyti er merkjalýsing þessi snertir Kaupangslund, er jeg undirskrifaður henni samþykkur

Kaupangi 5/2 83

V. Bjarnason

Að því er merkja lýsing þessi snertir samþykkja

Króksstöðum 7/2 83

Rósa Sigurðardóttir

Jón Jónsson

Að því leiti sem Leifsstaða land snertir, er þessi merkjalýsing rjett: í Kúalæk á milli bæanna og þar uppí brúnina, sem bein stefna verður úr áðurefndum Kúalæk og eyðst í Leifstaðafell að vestan verðu. –

Landamerki Rifkellsstaða í Ongulstadahrepp. –

Að utan úr Munkaþverárgilskjapti í Kvísl, er rennur sunnan við þrætu hólma, og síðan eptir henni og í Eyjafjarðará.

Að austan ræður Mjaðmá

Að sunnan er beutiland óskipt, en engjatakörk eru eptir skurði og vörðum, er liggja í milli Klausturnesskíls að neðan og Merkismels að ofan. –

Að vestan ræður Eyjafjarðará

Jörðunni tilheyrir hólmi í Eyafjarðará, að nafni Stangarhólmi

Akureyri 16. januar 1883

Stephán Stephensen

Samþykkir

J. Jónsson á Munkaþverá

Eggert Davíðsson Litlahamri

Jón Sigfússon fyrir Espihól.



Landamerki Gils í Öxnadal.

Að norðan úr Yxnadalsá eptir skriðu uppí vörðu, er liggur á milli Gils og Varmavatnshóla og þaðan beint uppí Gilsskarð. –

Að sunnan beint úr Hjallalandsskarði í Lurkastein og þaðan í Yxnadalsá

Að vestan ræður fjallið

Að austan ræður Yxnadalsá. –

Akureyri 19. marz 1883

Stephán Stephensen.

Samþykkur vegna Varmavatnshóla

Jón Bergsson

(handsalað)

Samþykkir vegna Almennings

Jón Jonsson

eigandi Skriðu

J. Andrjesson

(eigandi Syðri-Bægisár)

[A að vera bls 11 í bók I]

Landamerki Helgársels í Ongulstaðahreppi

Að austan ræður þverá merkjum á meðan hún fellur fyrir Helgárselslandi

Að sunnan ræður Melrakkadalsá merkjum allt frá þverá og að upptökum hennar. Þaðan ræður fjallgarðurinn merkjum að vestan og norður gegnt Staðarvörðu.

Að norðan er landamerki Staðarvarða, sem stendur á miðri fjallshlíðinni og stefna frá henni þvert við dalinn niður að smáhól á þverárbakka og vestur á fjall, sem áður er sagt. –

Akureyri 16. janúar 1883

Stephán Stephensen

A Hallgrímsson

eigandi Garðsár

Flóvent Sigfússon

eigandi Ongulstaða

Helgársel er sameign við Almenning að vestan hvortveggja landsjóðseign

Stephán Stephánsson



Almenningur í Ongulstaðahreppi

Að austan ræður milli Reykja í Fnjóskadals þróskuldur í Gönguskarði sunnanverðu, og þaðan eptir Skarðslæk vestur í Þverá. –

Að vestan ræður melrakkadalsá að norðan fram í Melrakkadalsbotn

Að sunnan til miðra fjalla

þetta land er upprekstrarland Múkaþverárklosturjarða á Staðarbyggð fyrir utan Múkaþverá, Gröf og Skálpagerði. –

Akureyri 16. januar 1883

Stephán Stephensen

A Hallrímsson

eigandi Garðsár.

Jarðirnar Reykir í Fnjóskadal og Helgársel eru ásamt Almenningnum eign landsjóðs Stephán Stephensen.



Landamerki Litlahamars í Ongulstaðahreppi. –

Að utan er beutiland óskipt. Engjatakörk liggja eptir skurði og vörðum er liggja milli Klausturnesskíls að neðan og Merkismels að ofan.

Að sunnan: beutiland óskipti. Engjatakörk: Úr Rauðasteini, sem er spölkorn fyrir utan túnið á Kambi og ofani Yztu klöpp, þaðan suðrí Bríkarklöpp, og þaðan vestur eptir vörðum ofaní Stórhamarstjörn sunnarlega.

Að vestan ræður kýll, sumstaðar glöggur ~~æ~~ en á öðrum stöðum mjög óglöggur. –

Akureyri 16. janúar 1883

Stephán Stephensen.

Jarðir þær, sem land eiga að Litlahamarslandi eru ásamt Litlahamri eign Landsjóðs.

Stephán Stephensen.



Landamerki Kambs í Ongulstaðahrepps:

Að norðan frá Rauðasteini, sem er fyrir norðan túnið á Kambi og ofan í Yztuklöpp, og svo þaðan suður klapparbrúnarinnar um Bríkarklöpp.

Að sunnan: frá vörðu, sem er á Klapparbrúnunum fyrir ofan Merkismel og svo eptir vörðum beina stefnu uppeptir í mel, sem er suður og ofan undan beitarhúsunum frá Kambi Beitarland þar fyrir ofan óskipt. –

Akureyri 16. jan. 1883

Stephán Stephensen

Jarðir þær er liggja að Kambi eru ásamt Kambi eign Landsjóðs.

Stephán Stephensen

Landamerki Hóls í Ongulstaðahrepps.

Beitiland óskipt.

Engjatakörk:

Að utan milli Syðri-Tjarna: Ur gilinu, sem aðskilur túnið á Hóli og Syðri-Tjörnum eptir vörðum niður mýrina í vestur, og í vörðu, sem stendur 2^{vo} faðma fyrir ofan eða austan svokallaðan Langaskurð, er liggur út Staðarbyggðarmyrar neðan til.

Að vestan: Úr nefndri vestustu eða neðstu vörðu og beint suður í gamlan skurð, og svo eptir skurðinum suður í stóran stíflugarð, sem að skilur Ytralaugalands og Háls engi. –

Að sunnan: Eptir nefndum stíflugarði, og í gróf, eða gil, sem er í brúnunum milli Hóls og Ytralaugalands. –

Akureyri 16. januar 1884

Stephán Stephensen

Jón Davíðsson

eigandi Kropps)

Hinar aðrar jarðir er land eiga að eru eign landsjoðs

Stephán Stephensen



Landamerki Syðri-Tjarna og Syðri-Tjarnarkots í Ongulstaðahreppi.

Beitiland óskipt:

Engjatakörk:

Að utan milli Ytritjarna Úr 3ju vörðu frá skurði, er liggur meðfram braut upp að YtriTjörnum, eptir vörðum í mýrinni uppí stóran einstakan stein framaní brekkunni milli bæanna.

Að vestan: Ur nefndri 3^u vörðu suður eptir í stíflugarð, er að skilur Kristness og Kropps engi og svo þaðan úr ræsi, sem er á nefndum stíflugarði beina línu suður í svo nefnda Efranness-kíl, sem er í Kropps engi. –

Að sunnan milli Hóls: Beina stefnu úr gilinu milli Syðri-Tjarna og Hóls og utan til í næstu lág fyrir utan túnið á Kroppi.

Akureyri 16. januar 1884

Stephán Stephensen

Jón Davíðsson

(eigandi Kropps)

Hinar aðrar jarðir er liggja að eru Landsjóðs eign. .

Stephán Stephensen



Landamerki Ytra- og Syðra-Laugalands í Ongulstaðahrepp.

Beitiland óskipt:

Engjatakörk: að utan liggur Hálsstíflugarðr.

Að vestan: Hjerum bil eptir aðalskurðinum, nema hvað Kroppur á lítið horn eður rönd fyrir ofan skurðinn útvið Hólsgarð, og að Múkaþverá á á parti rönd upp að kíl fyrir ofan skurðinn, jafn langa og kíllinn er langur allt suður að Laugalandsbrú, en fyrir sunnan brúna ræður í suður eptir deiglu lá eða lægð, er liggur fyrir ofan bakkan og suður í Sandskarðskíl. –

Að sunnan ræður skurður alla leið uppi brekkur.

Milli Laugalandanna ræður skurður er liggur alla leið ofaní kíl á milli bæanna og á milli túnanna er vallargarður.

Akureyri 16. janúar 1883

Stephán Stephensen

Jón Davíðsson

(eigandi Kropps)

Aðrar jarðir, er hjer liggja að eru eign Landsjóðsins einsog Laugalöndin

Stephán Stephensen

Landamerki Grýtu í Ongulstaðahreppi. –

Að norðan er stíflugarður eptir kíl, er Kaldfor heitir, og ræður hann merkjum, síðan liggja merkin beint úr honum austur í lítinn lækjarskorning er myndast í hallanum fyrir ofan mýrina og í stóran rauðleitan stein við syðri barm skorningsins, þaðan ræður Skorningur uppað brún í holtunum, þaðan er nú lítt sýnilegur vegur hefir legið, og þaðan beint í Skáldalæk, þar sem Kroppsvegurinn nú liggur yfir hann, síðan ræður Skáldalækur merkjum að stórum einstökum steini fyrir sunnan lækinn, þaðan beint suður í tvo stóra ^{jarðfasta} ~~einstaka~~ steina á mýrar sundi og suður í Syðra-Skriðugilslæk, síðan í vestur eptir læknum ofanað myri, og ræður garður eptir mýrinni alla leið. –

Akureyri 16. januar 1883

Stephán Stephensen

Grýta er eign landsjóðs – ásamt jörðum þeim, er að henni liggja.

Stephán Stephensen



Landamerki Uppsala og Klaufar í Ongulstaðahreppi

Að sunnan milli Sigtuna að ofan og Grýtu að neðan: úr röðlinum milli Mjóugilja, er liggur sunnan við Uppsalagil og beina stefnu í Hestklett og úr honum beint ofaní Uppsalalæk – Skáldalæk – síðan ræður lækurinn unz hann beyist móts við steininn í Merkissundi þá beint í steininn og úr honum beina stefnu í Kölduforargarð.

Að vestan ræður bakkinn fyrir vestan Bakkakýl.

Að utan er óskipt beitiland. Engjatakmörk að utan eru eptir skurði, er liggur úr Sandskarðskíls og uppi brekkur.

Klaufarengi:

1. Spilda 80 faðma breið í suður frá skurðinum úr Syðra-Sandskarðskíl, sem er afmörkuð með flóðgörðum að norðan og kíl að vestan.
2. Spilda takmörkuð að sunnan úr steininum í Merkissundi og beina leið niður á brún, að vestan brúnin og að norðan Laugalandsholt.

Akureyri 16. januar 1884

Stephán Stephensen

Jarðir þær, er hjer liggja að, eru ásamt ofannefndum jörðum eign Landsjóðs.

Stephán Stephensen

Landamerki Gloppu í Skriðuhreppi.

Að sunnan ræður Vaská

Að vestan ræður Oxnadalsá útað Vatnshólum frá því Vaská rennur í Oxnadalsá, síðan ræður síki er rennur úr Varmavatni í Oxnadalsá og þaðan Oxnadalsá þangað til Gloppá rennur í hana

Að norðan ræður Gloppá

Undir jörðina heyra Melrakkadalur og Kinnar að Melrakka á.

Akureyri 16. januar 1883.

Stephán Stephensen.

Eg enn samþykkur ofan tjeðum landamerkjum Gloppá, milli Fagraness og Gloppu. –

Bægisá 16. febr. 1883

Arnljótur Olafsson.

Samþykkur vegna Varmavatnshóla

Auðnum 16. mai

Jón Bergsson

(handsalað)

Fyrir hönd Skriðu hrepps enn eg samþykkur ofantjeðum landamerkjum, Vaská, milli Gloppulands og Almennings, sem tilheyrir Skriðuhrepp. –

Steinstöðum 16. mai 1883

Július Hallgrímsson

(p. t. Hreppsnefndaroddviti)

Litla-Brekka í Arnarneshrepp. –

Að utan ræður Hofsá ofanúr fjalli niður í neðri Brúnir þar sem hún tekur að beyja í suður, síðan – frá árkróknum – ræður Melhryggur austur í Keldudrag, sem liggur í Ásláksstaðakíl, og þaðan beina línu í Ásláksstaðakil eptir steinum.

Að sunnan: þarsem Hofsá hefir fallið í Kílinn og suður í Hnaus, ur Hnausnum og uppi lág og síðan eptir henni, síðan úr enda hennar ráða hnausar, sem settir eru á stangli uppundir mel fyrir sunnan húsið á Litlu-Brekku, þá garðmót út og upp á annan melhól utan og neðan við Ytra – Brekkukotstún, síðan úr garðmótsendanum á melhólnum beint í Grófarlæk. –

Allur bithagi í fjallinu er óskiptur fyrir ofan bæi

p. t. Arnarnesi 27. maí 1884

Stephán Stephensen.

Þessari merkjalýsing er sem ábúandi á Hofi samþykkur.

Davið Guðmundsson

Sem eigandi Stórubrekku samþykkur

Jónas Gunnlögsson.

Sem umboðsmaður Möðruvalla samþykkur

Einar Asmundsson

Vegna Ásláksstaða samþykkur

þ. Daníelsson.

Landamerki Ytra–Brekukots í Arnarnesshrepp.

Að utan ræður Grófarlækur, sem er fyrir utan túnið, þartil krókur kemur á hann út og ofanundan túninu, þá úr þeim krók á læknum er stefna í garðmót, sem liggur af melnum fyrir utan og neðan túnið og suður og ofan mel suður undan Litlu–Brekku, þaðan ræður hnausaröð ofan að lag í brúnunum, í láginni ræður krókótt kelda, þaðan beina stefnu yfir í hnaus frammí flóanum. – Að sunnan ræður Stóru–Brekku lækur nema á ofurlitlum parti er lækurinn skorinn í boga og er þá merki eptir krókótttri keldu, þartil hún kemur í lækinn aptur, svo eptir læknum og beina stefnu í hnaus fram í flóanum, sem er stefna í miðjan Karlskofa.

Að austan bein lína millum fyrrnefndra hnausa, og er sú lína dregin úr Kílnum, þar sem Hofsa hefur fallið í kílinn og í hnaus, sem er yzt í skotti í Nestkotshólnum.

Í fjallinu er óskipt land. –

Akureyri 17. maí 1884

Stephán Stephensen.

Sem umboðsmaður Möðruvalla samþykkur

Einar Asmundsson

Sem eigandi Stóru Brekku samþykkur

Jónas Gunnlögsson

Ytra–Brekukot er ásamt Litlu–Brekku eign dánarbús þ. sál. Dbrm. Danielssonar

Stephán Stephensen.

Landamerki Ásláksstaða í Arnarhesshreppi.

Eptir dragi, er liggur yzt á Móðruvallanesi – er nær suður í Hörgá – og þaðan beint í lág, er liggur nokkuð fyrir austan Kílbrú, sem Móðruvellir eiga úti.

Milli Ásláksstaða og Litlu–Brekku ræður Skriðuhryggur fram úr Hofsárgili

Milli Ásláksstaða og Hofs ráða gamlar götur neðan í melnum frá Hofsá úti melinn, sem gatan heim að Hofi neðan af veginum liggur sunnan; frá melnum ská lína dregin uppi merkja stein niður undan vallargarðshliðinu á Hofi, þaðan lína dregin út og upp í stóran stein á Geldingahól, þaðan beina línu úti landamerkjagarð, sem liggur beint austur og vestur milli Hvamms og Ásláksstaða og austur í merkjavörðu milli Oss og Ásláksstaða og þaðan suður í Hvíthól, síðan lína dregin suður í Gildrusteina, frá Gildrusteinum lína dregin suður í Merkisklauf, og þaðan ræður lækjarfarvegur austur í Ásláksstaðakíl, síðan ræður sá káll út fyrir Ásláksstaðatanga endan, en Hörga að austan að frádregnum Kríuhólma. –

Akureyri 19. marz 1883

Stephán Stephensen

Vegna Hvamms

P. Sigfusson

J. S. Thorarensen

(vegna Hofs)

J. Guðmundsson

samþykkir þetta fyrir Litlu-Brekku

Jósef Jóhannesson.

Jón A Hjaltalin samþykkur vegna Möðruvalla

Einar Asmundsson.

Samþykkur

Stephán Stephensen

umboðsmaðr yfir Litlu–Brekku.



Landamerki Titlings í Glæsibæarhrepp.

Að sunnan (neðst) um 16 fðm fyrir sunnan Sveig eptir vörðum upp að túninu á Titlingi. –

Að norðan (neðst) Úr Sveignum við Rangá og síðan eptir henni þangað til vörður taka við, er liggja uppi vallargarðinn milli Lögmanshlíðar og Titlings.

Að vestan ræður Sveigur frá Rangá nema hvað jörðunni tilheyrir um 16 faðm. suður fyrir hann. –

Að vestan er allt beutiland óskipt.

Akureyri 19. marz 1883

Stephán Stephensen.

Titlingur er á samt Lögmanshlíðartorfunni eign dánarbús Þ. sal Dbrm. Danielssonar

Stephán Stephensen.



Landamerki

Syðri-Villingadals í Saurbæarhrepp í Eyjafjarðarsýslu eru þessi, að norðanverðu er merkjagarður gamall og sjer til hans ofaná holt það er Rauðarholt heitir, og síðan bein stefna í Grámannaklett, sem stendur við ána, en uppí fjallinu gil það, er Tilingsgil heitir og þaðan beint strik uppá mitt fjall að austan Torfufellsár. Að sunnan og vestan Svartá og ráð þær merkjum.

Nesi 21 apríl 1884

Helgi Pálsson

Sigrún Pálsdóttir

jarðeigendur.

Páll Steinsson samþykkur

(sem eigandi Leynings.)

Samþykkur

Stephán Stephensen

umboðsmaður Ytri-Villingadals. –

Landamerki Flögu í Hörgárdal

Að utan til móts við Myrkárdal, Myrká, og Stóragerði ræður Myrkáin frá upptökum til þess er hún rennur í Hörgá. Að neðan ræður Hörgá, en að sunnan til móts við Ásgerðarstaði merkjalækur.

Nesi 23 dag apríl mán 1884
Einar Ásmundsson

Sem eigandi að Myrkárdal er jeg þessari merkjaskrá samþykkur
J. Gunnlögsson.

Sem beneficiarius Myrkár enn eg merkjaskrá þessari samþykkur
Arnljótr Olafsson.

Að Ásgerðarstöðum er landsjóðurinn eigandi einsog að Flögu
Einar Ásmundsson



Landamerki Staðartungu með Miðhálsstöðum.

Að sunnan til móts við Búðarnes ræður forn merkigarður sunnan undir Sandhól hinum fremri, og frá garðinum bein lína á fjall upp.

Að vestan og utan ræður Hörgá, en að austan Oxnadalsá. Fyrir sunnan Miðhálsstaði ræður til móts við Skjaldastaði svo kölluð Merkilaut og niður frá henni bein lína til Oxnadalsár. Upp úr Merkilaut ræður og bein lína í hálsbrún í lítið skarð, sem þar er, en síðan skiptir löndum hæðsti hryggur fram eptir hálsinum til fjalls

Nesi 31 dag marz mán. 1884

Einar Asmundsson

Sem eigandi að Búðarnesi samþykki eg þessa merkjaskrá. –

J Jónasson

Samþykkur sem umráðamaður Skjaldastaða

Stephán Stephensen.



Landamerki Einhamars.

Að utan til mots við Bás ræður gamall og óglöggur merkigarður neðan frá Horgá og svo frá honum bein stefna á fjall upp.

Að neðan Hörgá, en að sunnan til mots við Nyjabæ bein lína neðan úr Merkilækjarós uppí gja, sem er í miðjum hömrum í fjallinu, og svo upp í gegn.

Nesi 31 dag marz mánaðar 1884

Einar Asmundsson

Sem eigandi Nýabæjar er jeg þessum landamerkjum samþykkur

G. Guðmundsson



Landamerki Báss.

Að neðan ræður Hörgá, en að utan til móts við Búðarnes bein stefna neðan frá ánni upp í klöpp og skriðu skammt fyrir utan Bús og svo á fjall upp. –

Að sunnan til móts við Einhamar ræður gamall og óglöggur merkigarður neðan frá Hörgá, og svo frá honum bein stefna á fjall upp. –

Nesi 31 dag marz mánaðar 1884

Einar Asmundsson

Sem eigandi að Búðarnesi samþykki jeg þessa merkja skrá

J. Jonasson. –

Landamerki Barkár

Að utan til móts við Oxnhól ræður Oddstaða á frá upptökum hennar og til þess hún rennur í Hörgá. – Að sunnan ræður Hafra á til móts við Sörlatungu, frá upptökum árinna og til þess hún rennur í Barká; en eptir það ræður Barkáin og síðan Hörgá að neðan. –

Nesi 31 dag marz mán. 1884

Einar Asmundsson.

Að öllum þeim jörðum, sem í kringum Barká liggja er landssjóðurinn eigandi einsog að Barká Einar Ásmundsson.



Landamerki Sörlatungu.

Að utan ræður Hafra á til móts við Barká

Að neðan Barká til móts við þúfnavelli

Að sunnan Fjeeggstaða á til móts við Fjeeggsstaði

Nesi 31 dag marz mánaðar 1884

Einar Ásmundsson

Að öllum þeim jörðum, sem í kringum landeign Sörlatungu liggja, er landsjóðurinn eigandi einsog að Sörlatungu

Einar Ásmundsson



Landamerki Fjeeggstaða

Að utan ræður til móts við Sörlatungu Fjeeggstaða á frá upptökum til þess hún rennur í Barká

Að neðan ræður Barká til móts við þúfnavelli

Að sunnan ræður til móts við Baugasel niðu[r] frá fjallshaus lækur og kelda til Barkár.

Nesi 31 dag marz mánaðar 1884

Einar Asmundsson

Að ollum þeim jörðum, sem í kringum landeign Fjeeggstaða liggja er landsjóðurinn eigandi einsog að Fjeeggstöðum.

Einar Asmundsson.



Landamerki Ásgerðarstaða.

Að utan ræður til móts við Flögu lækur, sem kallaður er merkjalækur. Að neðan ræður Hörgá, en að sunnan til móts við Ásgerðarstaðasel lækur, sem einnig er kallaður Merkjalækur, og er hann hjerumbil 680 faðma frá Ásgerðarstöðum en 200 faðm. frá Ásgerðarstaðaseli. .

Nesi 23 dag apríl mán. 1884

Einar Asmundsson

Að Flögu og Asgerðarstaðaseli er sami eigandi, sem að Asgerðarstöðum nefnil. landsjóðurinn Einar Ásmundsson.



Landamerki Ásgerðarstaðasels.

Að utan ræður til móts við Ásgerðarstaði Merkjalækur, hjerumbil 200 fðm. frá Ásgerðarstaðaseli. Að norðan ræður Hörgá, en að sunnan til móts við Flögusel annar Merkjalækur, sem er hjerumbil mitt á milli bæjanna.

Nesi 23. dag apríl mán. 1884

Einar Asmundsson

Að Ásgerðarstöðum og Flöguseli er sami eigandi, sem að Ásgerðarstaðaseli nefnilega landsjóðurinn

Einar Ásmundsson –



Landamerki Baugasels:

Að neðan og sunnan ræður til móts við þúfnavelli Barká frá upptökum hennar.

Að utan til móts við Fjeeggstaði ræður lækur og kelda niður frá Fjallshaus til Barkár.

Ítak í land jarðarinnar:

Möðruvellir í Horgárdal eiga fyrir heimaþje upprekstur á Barkárdal fyrir innan Baugasel

Nesi 23 apríl mán. 1884

Einar Asmundsson

Að jörðum þeim, er að landeign Baugasels liggja, er sami eigandi, sem að Baugaseli nefnil.
landssjóðurinn. –

Einar Asmundsson.

Landamerki Flögusels.

Að utan ræður til móts við Asgerðarstaðasel Merkilækur, sem er hjer um bil mitt á milli bæjanna. Að neðan ræður Hörgá, en að framan til til móts við Hörgárdalsafrett, sem fylgir Möðruvöllum eru merki úr hellunefi niður við Hörgá upp í Þórðarklöpp

Nesi 23 dag apríl mán. 1884

Einar Asmundsson.

Að Asgerðarstaðaseli og Horgárdalsafrett er sami eigandi, sem að Flöguseli nfl. landsjóðurinn.
Einar Asmundsson.

Landamerki Hallgilstaða í Arnarnesshrepp.

Að sunnan ræður til móts við Möðruvelli bein lína niður af hæsta tindri á Hallgilstaða hnjúk yfir hæðsta Lynghól í vað á svokölluðum Grundarlæk, en síðan ræður Grunarlækurinn á stuttum vegi niður að Markþúfu. – Að austan bein stefna frá Markþúfunni út eptir mýrum að merkiskurði. – Að utan ræður til móts við þratarhól merkjaskurður neðst, og svo úr honum bein lína upp í Einstökuborg og síðan á fjall upp. -

Nesi 31 dag marz mán. 1884

Einar Asmundsson.

Vegna þratarhóls

Jónas Gunnlögsson

Að Möðruvöllum er sami eigandi, sem að Hallgilsstöðum, það er að segja landsjóðurinn. –

Einar Ásmundsson.

Landamerki Ytri-Reistarár.

Að utan eru merki til móts við Baldursheim neðst Dunhagatjörn og svo frá henni bein sjónhending upp í stóran einstakan stein sem kallaður er Díahraukur, og síðan á fjall upp. Að neðan ræður til móts við Syðri-Bakka og Pálmholt kíll sá er rennur suður úr Dauðutjörn. Að sunnan ræður Reistaráin til móts við Syðri-Reistará.

Nesi 31 dag marz mán. 1884
Einar Asmundsson.

Að Baldursheimi, Syðri-Bakka og Syðri-Reistará er landsjóður eigandi einsog að Ytri-Reistará.
Einar Asmundsson.

Sem eigandi Pálmholts, er jeg þessari landamerkjaskrá samþykkur.
Jakob Snorrason.



Landamerki Baldursheims

Að sunnan til móts við Ytri-Reistará eru merki í Dauðutjörn, en neðst frá tjörninni ræður bein sjóhending upp í stóran stein, sem kallaður er Díahraukur og svo á fjall upp. Að neðan ræður til móts við Syðri-Bakka og Bragholt kíll sá eða lækur, sem rennur út ur Dauðutjörn. Að utan ræður til móts við Skriðuland merkigarður í svokallaðri Merkilaut og þegar hann þrýtur bein stefna á fjall upp –

Nesi 31 dag marz mán. 1884

Einar Asmundsson

Að öllum þeim jörðum, sem í kringum landeign Baldursheims liggja er sami eigandi, sem að Baldursheimi, það er að segja landsjóðurinn

Einar Ásmundsson.



Landamerki Skriðulands

Að sunnan til móts við Baldursheim ræður merkigarður í svo kallaðri Merkislaut, og þegar hann þrýtur, bein stefna á fjall upp.

Að neðan til móts við Bragholt ræður lækur. Að utan til móts við Kjarna ræður neðst merkigarður upp frá læknum og frá garðinum bein stefna á fjall upp.

Nesi 31 marz 1884

Einar Asmundsson

Að öllum þeim jörðum, sem í kringum landeign Skriðulands liggja, er sami eigandi sem að Skriðulandi, það er að segja landsjóðurinn

Einar Ásmundsson. –



Landamerki Kjarna

Að sunnan til móts við Skriðuland merkigarður neðan frá læk, og frá garðinum bein stefna á fjall upp. Að neðan ræður til móts við Arnarnes lækur sá, sem rennur út í Arnarnestjörn. Að utan ræður einnig til móts við Arnarnes forn merkigarðsstúfur við læk fyrir utan Kjarna en bein sjóhending frá neðri enda garðsins niður í Arnarnestjörn og frá efri enda hans á fjall upp. –

Nesi 31 dag marz mán 1884
Einar Ásmundsson

Að Arnarnesi og Skriðulandi er landsjóðurinn eigandi einsog að Kjarna
Einar Asmundsson.



Landamerki Kleifar í Þorvaldssdal

Að neðan eða austan takmarkar Þorvaldssdalsá landeign jarðarinnar.

Að sunnan til móts við Grund ræður landamerkjum melhryggur upp frá klifi, kallaður Syðstihryggur eða Rípill og þaðan bein lína á fjall upp. Að utan til móts við Brattavelli eru merki um svo kallaðan Grænutopt og þaðan beina stefnu upp í stakan klett ofan til á hólum og norðan til á melhrygg er liggur niður frá klettum. Upp frá klettinum, sem nefndur er Kerling, ræður hin sama beina stefna lína á fjall upp og á hinn bóginn einnig frá Grænutópt niður til Þorvaldssdalsár.

Nesi í Höfðahverfi 5 desembr 1883

Einar Asmundsson.

Þessari merkja lýsingu erum við samþykkt að því er Brattavöllum viðkemur

Sigurður Sveinsson

Kristín Jóhannsdóttir

G Bjarnason.

Þessari merkjalýsing er eg samþykkur að því er Stærráarskógi viðkemur

Stærráarskógi 8 januar 1884

J Hallgrímsson

Að Grund er sami eigandi sem að Kleif, það er að segja landsjóðurinn

Einar Ásmundsson.

Landamerki Bjarga í Horgárdal

Að sunnan til móts við Litla-Dunhaga ræður klettur í fjallinu og bein stefna úr honum niður í Grásteina, þaðan í klöpp ofan við reiðgötur og úr klöppinni þvert niður í Hörgá. Að austan ræður Hörgá móti Djúpárbakka. Að norðan ræður til móts við Moðruvelli bein sjónhending úr Ferjuklauf fyrir neðan Trjestaði í syðri enda á Bjargaklöpp í fjallinu og þaðan á fjall upp

p. t. Moðruvöllum 17da apríl 1884
Einar Ásmundsson

Að öllum þeim örðum, sem í kringum Bjargaland liggja, er sami eigandi sem að Björgum nefnilega Landssjóður

Einar Ásmundsson.



Landamerki Litlu-Hámundarstaða. –

Að utan ræður til móts við Stóru-Hámundarstaði forn garður frá fjalli fjöru.

Að neðan eru merki til móts við Hellu yzt við sjóinn Svartagil og úr því bein stefna suður í Merkislæk, þar sem hann hverfur í jörð, en síðan lækurinn sjálfur suður að Krossamerkjum. –

Að sunnan ræður móti Krossum sami lækur upp eptir, þangað til hann rennur saman úr tveimur lækjum, er heita Skriðulækur og Kollhólalækur, en frá þeim lækjamótum ræður bein sjónhending upp milli lækjanna sunnan vert í Miðhnjúk. –

Nesi 31. dag marz mánaðar 1884

Einar Asmundsson.

Fyrir hönd móður minnar sem eiganda Kross samþykkur

Þorvaldr Þorvaldsson.

Sem eigandi að Hellu samþykkur

Vígfus Gunnlögsson

Að Stóru-Hámundastöðum er landsjóðurinn eigandi einsog að Litlu-Hámundarstöðum

Einar Asmundsson. –

Landamerki Möðruvalla í Hörgárdal.
með Nunnuhól og Spónsgerði.

Að utan ræður til móts Hallgilstaði bein lína niður frá hæðsta tindri á Hallgilsstaðahnjúk yfir hæzta Lynghól og niður í vað á svokölluðum Grundarlæk. Þá ræður Grundarlækurinn á stuttum vegi niður að markþúfu, og frá þúfunni bein stefna út mýrar að neðri enda á merkiskurði milli Hallgilsstaða og þratarhóls. – Að utan ræður til mótsvið þratarhól bein lína austur úr áðurnefndum merkjaskurði sunnan við Mannhól í vörðu á Skeiðmel, og frá þeirri vörðu bein lína út í aðra vörðu á útnorðurenda Neskotshóla. –

Þaðan ræður til móts við Stórubrekku Ytrakot og Litlu-Brekku bein lína út eftir flóa þangað sem Hofsá hefur runnið niður í Aslaksstaðakíl. Síðan ræður kíllinn skammt niður fyrir brú á þjóðvegi til móts við Aslaksstaði og frá kílnum lautardrag til Hörgár þar sem skemst er á milli kílsins og árinna. Þar eftir ræður Hörgá til móts við Skipalón og Hlaðir, og eru þar í henni hólmar, sem fylgja Möðruvöllum. Að sunnan til móts við Björg ræður neðan frá Hörgá bein sjónhending úr Ferjuklauf fyrir neðan Trjestaði í syðri enda á Bjargaklökk og svo á fjall upp.

Möðruvöllum fylgir afrjett á Hörgárdal innanverðum og ræður Grjótá þar merkjum til móts við Framland. Á Hörgárdalsheiði skiptir löndum á sú, er rennur eftir Víkingsdal og bein stefna úr þeirri á hinumegin á heiðinni á á fjall upp. Milli Flögusels og afrjettarinnar eru merki úr Hellunefi niður við Hörgá uppí þórðarklökk.

Möðruvellir eiga upprekstur fyrir geldfje á Barkárdal fyrir innan Baugasel.

p. t. Möðruvöllum 17. dag apríl m. 1884.

Einar Ásmundsson.

Sem eigandi Stórubrekku er eg þessu samþykkur sömuleiðis þratarhóls

Jónas Gunnlögsson.

Sem eigandi að Framlandi er jeg þessari merkjaskrá samþykkur

J Gunnlögsson. –

Vegna dánarbús Dbrm. þ. sál Danielssonar samþykkir sem umboðsmaður jarða dánarbúsins fyrir Litlu-Brekku og Ytrakot samt Áslaksstaði

Stephán Stephensen

Vegna Skipalóns

þ. Danielsson.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Að jörðunum Björgum, Hallgilstöðum, Hlöðum, Baugaseli og Flöguseli er landsjóðurinn eigandi einsog að Möðruvöllum

Einar Asmundsson.

Landamerki Hrísá í Svarfaðardal.

Að austan ræður til móts við Háls bein lína utanfrá Vilpu við Hálssand upp með Hálsá, þangað sem hún fellur úr gili út á eyrar. – Þessi merkjalína er afmörkuð með merkjavörðum. Að sunnan ræður til móts við Hamar og Hamarskot forn merkja garður ofan frá Hálsá niður að veginum suður frá Hrísum, en fyrir neðan lækur, sem rennur niður í Hrísatjörn sunnanverða. Að vestan ræður Svarfaðardalsá vestan við Hríshólma og svo austur með að utan þar sem hún rennur sunnan við Boggverstaðasand, og svo austast vilpa sú, sem upphaflega var nefnd.

Staddur á Hrísum 29. dag mai mán 1883.

Einar Asmundsson

Þessari landamerkjalytingu hvað sætir Hamar og Hamarkot er jeg samþykkur

A. Árnason.

Þessari merkjaskrá er jeg samþykkur hvað Háls snertir

Halldór Bjarnason

(handsalað).



Landamerki Hnjúks í Skíðdal.

Að utan ræður til móts við Sælu Syðri-Sæluáin frá Skíðdalsá á fjall upp.
Að sunnan ræður til móts við Klængshól forn merkigarður neðan frá Skíðdalsá upp í fjallið, og þá er garðurinn þrýtur bein stefna úr efri enda hans á fjall upp. –

Staddur að Hnjúki 26 dag mai mán 1883.

Einar Asmundsson

Þessari merkjalýsing er jeg samþykkur að því sem Klængshól áhrærir fyrir hönd móður minnar
Óskar Rognvaldsson

Þessari Landamerkjalyýsingu er jeg samþykkur hvað Sælu snertir
Jón Antonsson.

Landamerki Tjarnargarðshorns.

Að sunnan til móts við Jarðbrú ræður forn merkigarður neðan frá reiðgötum upp í fjall og síðan framhald sömu stefnu upp í Digrahnjúk. Að austan eður neðan ræður til móts við Tjörn forn garður, er liggur út eptir Húsabakka ofan við reiðgötur allt á Kolholt. Að norðan ræður móti Tjörn bein lína frá enda gamallar tóptar á Kolholti upp í Skriðu gil og síðan á fjall upp.

Staddur á Tjarnargarðshorni 28 dag maí m. 1883
Einar Ásmundsson

Þessari landamerkjalyýsingu er eg samþykkur að því er Tjörn snertir
KE. Kristjánsson

Þessari merkjalýsingu er jeg samþykkur fyrir Jarðbrú
Gísli Jónasson.

Landamerki Hofsár í Svarfaðardal.

Að norðan ræður merkjum til móts við Hof bein lína neðan frá Svarfaðardalsá upp í Hofsárgljúfur út og upp frá bænum að Hófsa, en þar fyrir ofan ræður Hofsáin merkjum fram til jökla. – Að sunnan ræður til móts við Skeggstaði bein lína frá merkisteini ofanvert á Löngumelum niður á fornan merkigarð, sem liggur ofan úr hlíðinni niður eptir enginu. – Neðst í enginu fyrir ofan melbrekku, beygist merkigarðurinn til suðurs nokkurn spöl og svo fram á melbrekkuna. Eptir það ræður bein stefna vestur á bakkana milli Skíðadalsár og Svarfaðardalsár þar til land jarðarinnar Bakka tekur við. – Að vestan ræður til móts við Bakka merkjalína framan eptir miðjum áðurnefndum bökkum út að ármótum Svarfaðardalsár og Skíðadalsár en eptir það ræður Svarfaðardalsá út að Hofslandi

Nesi í Höfðahverfi 5 dag marz m. 1884.

Einar Asmundsson.

Þessari landamerkjalyýsingu er eg samþykkur hvað Hof áhrærir

Boggverstöðum 25 marz 1884

B. G. Þorvaldsson.

Sem umboðsmaðr Bakka er eg samþykkur framanskriafaðri Landamerkjalyýsingu.

St Jónsson

Að Skeggstöðum er sami eigandi sem að Hofsá, það er að segja landsjóðurinn

Einar Ásmundsson



Landamerki Hofsárkots í Svarfaðardal

Að norðan ræður til móts við Skeggstaði vestan af miðjum bökkum milli Svarfaðardalsár og Skíðadalsár bein lína austur í merkjagarð, sem liggur af melbrekku upp engið; og eptir að garðurinn þrýtur sama lína á fjall upp.

Að sunnan ræður til móts við Skriðukot Skriðulækur, er rennur ofan fjallið í klettagili sem kallað er Skriðugil. Þegar gilið þrýtur, ræður frá neðsta gljúfri þess bein stefna vestur á miðja áðurnefnda bakka. Að vestan til móts við jörðina Bakka ræður merkjalína eptir miðjum bökkunum út að Skeggstaðalandi. –

Nesi í Höfðahverfi 5. dag marz mán 1884.

Einar Asmundsson

Þessari Landamerkjalyýsingu er jeg samþykkur hvað Skriðukot snertir.

Ytra-Hvarfi 25. marz m. 1884

Jóh. Jónsson.

Sem umboðsmaðr Bakka samþykkur

St. Jónsson.

Að Skeggstöðum er sami eigandi sem að Hofsárkoti, það er að segja landsjóðurinn

Einar Ásmundsson.



Landamerki Skeggstaða í Svarfaðardal.

Að norðan ræður til móts við Hofsá vestan af miðjum bökkum milli Svarfaðardalsár og Skíðadalsár bein stefna austur í merkigarðsenda á melbrekku, sem er neðan við engið. Þaðan ræður merkigarðurinn fyrst út fyrir ofan nefnda melbrekku og síðan beint upp til fjalls, en eptir að garðurinn þrýtur bein stefna upp í merkistein á ofanverðum Longumelum og svo upp² á ¹fjall.

–

Að sunnan til móts við Hofsáarkot ræður merkigarður, er liggur upp og niður engið fyrir ofan melbrekku, og frá efri enda garðs þessa bein lína á fjall upp, en frá neðri enda hans á melbrekkunni bein lína á fjall upp miðja áður nefnda bakka. –

Að vestan ræður til móts við jörðina Bakka merkjalína út eptir miðjum bakkanum að Hofsárlandi.

Nesi í Höfðahverfi 5 dag marz m. 1884.

Einar Ásmundsson.

Sem umboðsmaður Bakka samþykkur

St. Jónsson.

Að Hofsá og Hofsáarkoti er sami eigandi sem að Skeggstöðum, nfl. landsjóðurinn. –

Einar Ásmundsson.



Landamerki Eyjafjarðarsýslujarðarinnar Skáldalæks í Svarfaðardal.

Að norðan eru merki úr Hestanestanga uppi Skipalág, þaðan eptir garði, sem liggur í suðaustur uppi ásbrún. Að austan ræður ásbrúnin frá áðurnefndum garði að norðan suður í Grástein. – Að sunnan frá Grásteini liggur garðmót út og ofan í Ytri-Saurbæar tjarnarenda, þaðan beinlínis vestur í miðjan Ingólfshaug.

Að vestan ræður Svarfaðardalsá nokkurn part að sunnan, svo tekur við afhalli, er beygist austur á við, og liggur út undir Hestanes, fellur svo þar í aðalána. Hjer af myndast Eyja, sem hálf tilheyrir Hrapstöðum en hálf Böggverstöðum og kölluð Skáldalækjareyja. – Eyja þessi, sem liggur að Skáldalækjartúni og aðeins fráskilin með litlu sýki, hefir auðsjáanlega legið undir jörðina fyrrum, og gamlir menn, sem eg hefi átt tal við þar um hafa sagt, að eyjan hálf hafi fallið undan fyrir búðarstæði og uppsátur í Böggverstaðasandi, sem jörðin Skáldalækur hlýtur því að hafa rjett til bæði búðarstæðis og skipsuppsáturs á Böggverstaðasandi. –

Steinstöðum 15. sept.br. 1883.

St. Jónsson.

Ágreiningur sá, sem orðið hefur milli umboðsmanns Stærri og minni Eyjafjarðarsýslujarða, sem Skáldalækur heyrir undir og umboðsmans Möðruvallaklausturs, sem Bogggverstaðir liggja undir, um það hvort Skáldalækur egi búðarstæði og uppsátur á Böggverstaðasandi úrskurðast á þá leið, að Skáldalækur ekki skuli eiga hið umrædda ítak í Böggverstaðaland. –

Íslands Norðr- og Austuramt Akureyri 30 april 1884

J. Havsteen

settur

Framan skrifuðum landamerkjum milli jarðanna Skáldalækjar og Hamars er eg samþykkur

A Arnason

eigandi Hamars

Framan skrifuðum landamerkjum milli Skáldalækjar og Sökku er eg samþykkur

J. Rögnvaldsson. –



Landamerki eptirnefndra Eyjafjaðarsýslujarða í Svarfaðardal. Steindyr

Að sunnan upp frá Svarfaðardalsá ræður þveráin merkjum uppí dalsmynni, úr þaðan og fram til jökla í Bakkadalsbotni. Að norðan frá Svarfaðardalsá í Klauf eða þó heldur skarð, sem er lítið eitt utar en í miðjum Bakkamel, og á stóran stein, sem stendur framan í brekku skamt fyrir ofan melinn, þaðan beinlínis eptir mόνnum uppá Stekkjarhól, úr nefndum hól beint uppá engjagarð, svo út og upp á við í stóra þúfu, síðan suður og upp aptur, er stefnir svo milli tveggja hóla, er kallast engjahólar, þaðan í steina þrjá, er standa í rjettri röð hver upp frá öðrum, og ráða þeir merkjum í Hólabrún upp; fyrir ofan nefnd merki tekur við Bakkadalur, sem er óskipt land. –

Bakki

Þar ráða merki að sunnan hin sömu sem nefnd eru að norðan á Steindyrum, því lönd liggja þannig saman. Að norðan frá Svarfaðardalsá í stein, sem stendur á melnefi skammt upp frá ánni, þaðan upp eptir Merkisklaufinni og rjettlínis uppí svokallaðan Merkisstein, en sömu stefnu uppí skurð í enginu, svo eptir honum þar til hann endar í polli hjá þúfu, þaðan upp Lækjarmýrina, svo suður og upp í stóran stein, utan og ofan við Yzta-Bakkagerðishús, og úr því eptir læk uppi Syzta haus, þaðan í stein í svokallaðri efribrún. –

Að austan eru merki haldin milli tveggja fornra farvega, sem liggja út og suður nálægt miðjum bökkunum milli Svarfaðardalsár og Skiðadalsár. –

Syðragarðshorn.

Þar ráða merkjum að sunnan öll sömu kennileyti, sem skrifuð eru við Bakkaland að norðan, úr steininum á Merkisklaufarmelnum og í stein þann, sem er uppi á fjalli á efribrún. – Að norðan frá Svarfaðardalsá í stein framaní svokallaðri Torfholtubrekku skamt frá ánni, svo beint upp engið eptir smáhnausavörðum uppi Lækjargil, sem er rjett fyrir utan Syðragarðshornsbæ, svo útúr Lækjargilinu frá dýi, sem er í Ytribakka þess, og út og upp neðan við túnið í þúfur tvær, sem stefna hver frá annari á skakk og í stein utan við vallargarðinn úr þeim steini og beint uppá miðja svokallaða Klofa, er stefnir í stein framan á Syðri-Skálabrún, svo þaðan á fjall upp. –

Ytragarðshorn

Að sunnan ráða merki, sem skrifuð eru að norðan við Syðragarðshorn og aðskilur þeirra jarða lönd. Að norðan í fargvegsmót á hólana vestanvið Svarfaðardalsá og uppá Yztuklauf í Arnarholti, upp úr henni í syðri Blakkgerðisgarð og eptir honum þar til hann endar, síðan beint uppí miðja Breiðulág og í stóran stein, sem stendur framaní Hnausabrúninni efst á Breiðulág, þaðan stefna á fjall upp. –



Steinstöðum 15. Sept 1883

St. Jónsson

Athugas.

Þess skal getið, að eptir samþykki amtsins með brjefi dags 18 marz 1878, er ákveðinn engja partur með ummerkjum, eptir þarum framfarinni gjörð dags. 13. júní 1878 tekinn undan jörðunni Grund til slægna og torfristu og lagður til jarðarinnar Ytra-Garðshorns.

St. Jónsson. –

Sem umboðsmaður yfir Hofsá, Skeggstöðum og Hofsárkoti er eg samþykkur framangreindum landamerkjum Bakka.

Einar Asmundsson

Samkvæmt brjefi Norðr og Austuramtsins dagsettu 18 marz þ. á. samt tilmælum umboðsmanns Stefáns Jónssonar var af okkur undirskrifuðum hreppstjóra Jóh. Jónssyni og úttektarmanni Jóni Halldórssyni, að viðverandi hlutaðeigandi ábúendum og umboðsmanni, álitinn og tiltekinn engjapartur úr Grundar engi, er nú skal leggjast til Ytra-Garðshorni og er það til þessara ummerkja: Að sunnan verðu úr svo nefndu byrgi eður grænutopt og beinlínis í hnausa vörðu er stefnir í lækjargil sunnan við Brekkutún, en að norðanverðu í þvergarð, sem liggur úr ytra sporði á svo nefndum þrætutungum og bein línis uppí hnausavörðu, sem stefnir í Brekkubæ. Og skal þess hjer getið, að partur þessi er af hendi látinn til Garðshorns bónda einungis til slægna og nauðsynlegrar torfristu með þeim skilmála, að Grundarbóndi megi rista torf í parti þessum ef hann girnist það sjer til hægðarauka.

Til staðfestu eru okkar undirskrifuð nöfn

Staddir á Grund dag 13. júní 1878

Joh. Jónsson

Jón Halldorsson

Ábúendur } Gísli Pálsson.

St. Jónsson

Kristján Jónsson.



Landamerkjalysing fyrir jörðunni Þrastarhóli í Arnarnesshrepp og í Eyjafjarðarsýslu.

Í fjallinu ræður mekrjum að norðan þrastarhólsá, þar til hún kemur ofan útundan túninu, þá er garður utan við ána, sem ræður merkjum ofaní hnaus, sem er útaf Neskotshólum. – Að austan eru merki úr fyrr nefndum haus og í vörðu á nyrsta skotti á Neskotshólum og þaðan beina línu í vörðu á skeið-mel, sem er austan við Mannhól. – Að sunnan ræður merkjum fyrr nefnd varða í skeiðmel og bein lína sunnan við Mannhól uppí skurð, sem er þar uppá mýrunum og úr honum beint í Einstöku-Borg og þaðan beint uppí fjallstopp. –

Þrastarhóli 8^{da} apríl 1884

Jónas Gunnlögsson

Þessari landamerkja lýsingu er jeg samþykkur að því sem snertir umboðsjarðirnar Möðruvelli og Hallgilsstaði.

p. t. Hallgilsstöðum 16 apríl 1884

Einar Asmundsson

Sem eigandi að Syðrakoti er eg samþykkur

Jóhann Sveinsson. –



Syzti- og Yzti-bær í Hrísey.

Við undirskrifaðir, búendur í Hrísey innan Eyjafjarðarsýslu, gefum hjer með til kynna að við erum ásáttir með landamerki þau, sem að verið hafa og garður tilvísar þvert yfir eyuna, og ræður í sjó fram Borgarbrík að austan og Merkisnes að vestan

Yztabæ 1 mai 1884

Ch. Stephánsson

Syztabæ 1. mai 1884

Jörundur Jónsson. –



Landamerki Klængshóls í Skíðadal. –

Að norðan til móts við Hnjúk forn merkja garður neðan frá Skíðadalsá og uppí fjallið, og þá er garðurinn þrýtur bein lína úr efri enda hans á fjall upp.

Að sunnan til móts við Hólsárkot ræður Hólsáin merkjum frá Skíðdalsá upp og fram til jökla. –

Klængshóli 8 dag apríl m. 1884

Óskar Rögnvaldsson

fyrir hönd móður minnar.

Samþykkir

Björn Jonsson Hólsarkoti

Sem umboðsmaður yfir Hnjúki er eg merkjaskrá þessari samþykkur –

Einar Asmundsson.



Landamerkjalyking fyrir jörðunni Syðra-Brekkukoti í Arnarnresshrepp og Eyjafjarðarsýslu.

Að norðan ræður merkjum lækur allt ofaní hnaus, sem er við lækinn niðurá mýrunum. Og að austan ræður úr þeim hnaus suður beint í merkjagarð þratarhóls – Að sunnan ræður garðurinn; en fyrir ofan bæi er óskipt land. –

Syðrakoti 25. apríl 1884

Jóhann Sveinsson

Sem eigandi að þratarhóli og Stórubrekku er eg samþykkur þessum landamerkjum
J. Gunnlögsson.

Samþykkur

Stephán Stephensen

umboðsmaður Ytra-Brekkukots.



Landamerki Selár.

Að sunnan til mots við Selárbakka ræður Seláin merkjum upp í lækjarmot.

Að vestan til móts við Kálfskinn ræður lækur merkjum frá lækjarmótum úti svo nefndan Stórapoll í Selárgröfum. Þaðan bein stefna í Grástein, frá Grásteini ræður garður til móts við Stærrárskóg út að Birnuneslandi. –

Að norðan til móts við Birnunes ræður merkigarður frá sjó upp í merkigarð að vestan.

Selá 24 maí 1884

Sigurður Jóhannesson

Þessu erum við undirskrifaðir samþykkir

T. Hallgrímsson

Jóhann Fr Jónasson

Rósa Stefansdóttir

eigandi Selárbakka. –



Landamerki jarðarinnar Birnunes.

Eptir því sem mjer er kunnugt bæði af augljósum merkjagörðum og gamalla manna sögn, þá eru landamerkin þessi. – Milli Selár og Birnunes liggur garður, sem gengur neðan frá sjó og uppá hinar svokölluðu Birnunesborgir og vestan af þeim og vestur í garð þann, sem skilur Stærráarskógs og Birnuneslönd og sem gengur útað þorvaldsdalsá. – Milli Birnunes og Litlaskógs byrja merkin að því sem mjer er frekast kunnugt úr miðjum Gilskjaftinum neðst og þaðan rjettsynis til sjáfar. –

Birnunes 20 apríl 1883
Kristján Jonsson.

Merkin milli Stærráarskógs og Birnunes samþykkir
Tómas Hallgrímsson

Merki til fjöru milli Litlárskógs og Birnunes samþykkir
Rósa Jónsdóttir

Merki þessi samþykki jeg hvað Birnunes snertir
Völlum 20/5 83.
H Guttormsson



Merkjalýsing á Syðra-haga í Arnarnesshrepp. –

Milli Hillna og Haga er garður á sjávarbakka saman við Rauðuvíkina á Kellingarnefi og þaðan beina stefnu í lækinn í svokallaðri Breiðuklauf í Gráhjalla, og þaðan eptir læknum uppá Sauðaklett, en fremur eptir sama læk uppí syðra Gaunguskarð í Hrossahjalla og þaðan eptir sömu stefnu uppá fjall.

Aptur milli Syðrihaga og Ytrihaga úr fjörunni eptir læknum uppeftir túninu í krókinn, sem Ytri haga bærar lækurinn er tekinn, úr Syðri Haga læknum þaðan í vallargarðshliðið nokkuð utan við Syðrihagahesthúsið, þaðan beint í bæarlækinn í flæðunum þar sem hann byrjar að beyjast suður og niður og svo eptir læknum uppi efstu hjallabrún og þaðan í vörðu ofarlega á Skriðu hjalla og þaðan beina línu uppá fjall. –

Syðri haga 24. maí 1884

F Sigfússon

(eigandi Ytri-Haga og Hellna.

Jóhann Einarsson



Landamerki Hreiðarstaðakots í Svarfaðardal. –

Að sunnan til móts við Urðir ræður merkja garður frá Svarfaðardalsá og uppundir fjallshlíðina. En þegar hann þrýtur ræður Hvitilækur á fjall upp. –

Að norðan til móts við Hreiðarstaði frá Svarfaðardalsá ræður Músarlækur merkjum upp engið, að stórum steini neðarlega í hlíðinni, frá steininum bein lína í syzta klett hans í neðri brún, þaðan bein lína á fjall upp. –

Tungufelli 10 maí 1884

Sigurður Sigurðsson

Þessari merkjalýsingu er eg samþykkur fyrir hönd eiganda hvað Hreiðarstaði snertir.

Jón B. Runólfsson

Merkjalýsing þessa samþykkir hvað Urðir snertir

Sigurhjörtur Jóhannesson.

Landamerki á Pálmholti

eru: að neðan þjóðvegurinn, en að utan þvergarður, sem liggur uppí svo nefnda Dauðatjörn; að ofan er káll, sem liggur úr fyrnefndri Tjörn, en að sunnan Pálmholtslækur. –

Pálmholti þ. 21. apríl 1884

Jakob Snorrason –

Sem umboðsmaður yfir Syðri-Bakka, Ytri-Reistará og Syðri-Reistará er eg þessari landamerkjaskrá samþykkur. –

Landamerki Sökku í Svarfaðardal –

Að norðan til móts við Skáldalæk, ræður Pjetursós frá Svarfaðardalsá í miðjan Ingólfshöfða, þaðan bein lína austur yfir flóan í merkigarð utan við Saurbæarból, þaðan ræður merkigarðurinn upp til móts við Hamar á Yztastall utaní fjallsöxlinni þaðan ræður bein lína ofarlega í Hamarsdal fram til jökla. –

Að sunnan til móts við Vallastaðaland ræður Deildarlækur frá Svarfaðardalsá upp fyrir sunnan þrætuhála, þaðan úr krók á læknum suður og upp á Hánefstaðahóla horn, þaðan beina línu á fjall upp. –

Ítak Vallastaðar á Sökkubökkum Breiðiteigur og Naustateigur til þessara ummerkja: Að norðan við Breiðateig er seyru drag fram á bakkanefið gegnt Ytri-Seleyrartanga, þar er settur merkisteinn í þúfu við ána og annar ofar í beinni línu í Syðrienda Ingólfshöfða. Milli teiganna er garður frá ánni uppað veitunni (sem nefnist Sakkan) Að sunnan við Naustateig ræður lautardrag – frá ánni upp að veitunni- sett merkisteinum. –

Jörðin Olduhryggur á Lóðspildu í Sökkulandi til þessara ummerkja, að norðan frá Svarfaðardalsá úr krók utan við Syðstutótt á bökkunum eptir merki vörðum suður fyrir neðan reiðholt þaðan í vörðu uppá reiðholti, þaðan í lækjarseyru utan við Olduhryggjar tún, þaðan í þúfu í Enninu, þaðan beina línu í þúfu á Stóraholti og þaðan eptir merkjavörðum upp. – Að sunnan Sökkumerki til móts við Vallastaðarland. Deildarlækur frá Svarfaðardalsá upp fyrir sunnan þrætuhála í krókinn þar, svo suður og upp í Hánefstaðahóla horn, þaðan bein lína til efstu upptaka Deildarlækjar og á fjallsegg upp. –

Auk þessa er ~~er~~ kúgresis ítak til 15 hesta og tolfrætt hundrað heytorfs árlega í Sökkunum. –

Sökku og Tungufelli 10. dag maím. 1884

Jóhann Rögnvaldsson

Sigurður Sigurðsson

Framan skrifaðri landamerkjalyýsing milli Hamars og Sökku er eg samþykkur. –

Á Árnason

Þessari Landamerkjalyýsingu er jeg samþykkur hvað Vallastaðarland snertir. –

H Guttormsson

Framan skrifuð landamerki samþykkir að öllu leyti hvað Olduhrygg áhrærir

Benidikt Helgason –

Sem umboðsmaðr Skáldalækjar samþykkir

St Jónsson. –



Landamerki á Hamri í Svarfaðardal

Að norðanverðu ræður garður merkjum til móts við Hrísa ofanfrá Hólsá allt niður að Alptalækjarós, sem ræður í sunnanverða Hrísatjörn.

Að vestan til móts við Skáldalæk ræður merkigarður frá Svarfaðardalsá suður og upp í garð þann er nefnist Sveitar langur, frá samkomu garðanna ræður bein lína suður vestaní ásnum í Grástein. –

Að sunnan til móts við Sökku ræður merkigarður frá Grásteini uppá fjalls öxl þaðan bein lína fram til jökla

Hamri 24. maí 1884

A. Árnason

Framan skrifaðri merkjalínu milli Hamars og Sökku er eg samþykkur. –

J. Rögnvaldsson

Sem umboðsmaður Skáldalækjar Samþykkir

St Jónsson

Sem umboðsmaður Hrísa er jeg landamerkjaskrá þessari samþykkur

Einar Asmundsson.

Tungufells Landamerki.

Þar ræður að suðaustan frá Skíðadalsá fyrst frá ánni glöggur garður lítinn spöl upp í merkistein í garðinum, sem er óhræranlegt bjarg og annar steinn þar ofaní ómeðfærilegur; frá þessum steinum er garðurinn beinn og glöggur uppá Ytri-Prettalagarbarm, þar tekur við annar garður, sem liggur uppí fjallsröðina í Kúaskálar hans og þaðan stefna uppi klettana beinlínis í Stólstopp. Þessi merki að greina Dælis og Tungufells-lönd. Að austan frá garðinum ræður Skíðadalsá fyrst út gilið, svo rjett stefna út eyrar og hólmana eptir því sem Skíðadalsárgil er sem opnast fyrir framan Kaupstaðs-Hvamminn allt út að Svarfaðardalsá spölkorn fyrir utan Tungusporðsmelinn. Þessi merki að austan og norðan að greina Tungufells og Ytra-Hvarfs lönd, án tillits til hvernig Skíðadalsá breytir farvegi á hólmunum þegar hún kemur útúr Dælishólum.

Að sunnan ræður garður beinn og glöggur frá Svarfaðardalsá upp engið og holtin rjettlínis í Stólsgil; svo ræður nefnt gil stefnu á fjall upp – þessi merki aðgreina Tungufells og Melalönd. – Að vestan og norðvestan ræður Svarfaðardalsá merkjum.

Þessari merkjalýsingu er eg samþykkur

Sigurðr Sigurðsson

Þessari Landamerkjalýsingu er eg samþykkur hvað Ytra-Hvarf snertir

Ytra-Hvarfi 10 maí 1884

Jóh. Jónsson

Þessi landamerki samþykkir hvað Dæli snertir

Hnjúki 10 maí 1884

Þorðr Jónsson

Þessi landamerki samþykkir hvað Mela snertir

Sigurhjótr Jóhannesson –



Halldórstaðir

Landamerki millum jarðanna Halldórsstaða og Tjarna í Saurbæar-hrepp er gamall og glöggur merkjagarður á undirlendinu og úr honum bein stefna til fjallsbrúnar sunnan við svokallaðan Geldingaklett, sem er ofarlega í fjallinu, en millum Halldórstaða og Jökuls eru merkin í svokölluðu „Halldórstaðagili“ frá Eyjafjarðará til fjallbrúnar; að ofan nær landið til fjallsbrúnar og að neðan til Eyjafjarðará.

Tjörnum þann 24. nóvembr. 1883

Páll Sveinsson

eigandi ofanefndra jarða. Halldorstada og Tjarna

Jonas jonsson samþykkir

fyrir eiganda Jökuls.



Landamerkjalysing Syðra-Holts í Svarfaðardal. –

Að sunnan til móts við Tjarnarkirkjujörðina Ingvarir ræður vegargarður frá Svarfaðardalsá upp engið; frá efri enda brúarinnar ræður forn merkigarður á fjall upp. –

Að norðan til móts við Ytraholt ræður lækur frá Svarfaðardalsá upp fyrir sunnan Ytraholtsbæ, þaðan ræður Hálsáin upp og fram til jökla. –

Jnnan hjer greindra landamerkja er talið ítak frá gamalli tíð tilheyrandi Tjarnarstað, sem sje mánaðar selstaða eða tveggja mánaða upprekstur fyrir búsmala á Syðra Holtsdal annað málið. –

Syðra-Holti 1 dag maimánaðar 1884

Páll Jónsson. –

Hinsvegar rituð landamerki samþykki jeg að mínu leyti –

Tjörn 13. mai 1884

K E. Thorarinsson

Sem umboðsmaðr Ytra Holts samþykkur framan skrifuðum landamerkjum

St. Jonsson.

Landamerki Ytra-Hvarfs í Svarfaðardal.

Að norðan til móts við Skriðukot ræður bein lína frá Svarfaðardalsá yfir bakkasporðinn og eyrarnar vestur að Skíðadalsá, frá Skíðadalsá upp mýrina sama lína beint í merkisklauf í meðbarðinu, þaðan ræður merkisgarður upp í fjallshlíðina á Ytribakka merkigils þegar hann þrýtur, bein lína utan til í skurð á Lágubrún, þaðan rjett lína á fjall upp. –

Að sunnan til mots við Syðra-Hvarf ræður Grænulóalækur frá Skíðadalsá uppí brún, þaðan bein lína á Hvarfshnjúk upp. –

Að vestan til móts við Tungufell ræður Skíðadalsá út í Kaupstaðshvamm, þaðan bein lína – þannig að Síðadalságril sje sem opnast í Dælishólum – út eyrarnar og hólmana allt út að Svarfaðardalsá spölkorn fyrir utan Tungusporðsmelinn.

Ytra-Hvarfi 1 dag apríl mán 1884

Jóh. Jónsson

Þessari landamerkjalyýsingu er eg samþykkur hvað Skriðukot snertir

Jóh. Jónsson.

Merkjalýsing þessa samþykkir hvað Tungufell áhrærir.

Tungufelli 10 dag mai m. 1884

Sigurður Sigurðsson.

Þessari landamerkjalyýsingu er eg samþykkur fyrir Vallnakirkjujörðina Syðra-Hvarf. –

Völlum 10 dag mai 1884

H. Guttormsson.



Landamerkjalýsing fyrir jörðunni Stóru Brekku í Arnarneshrepp og Eyjafjarðarsýslu.

Að norðan ræður merkjum Stóru-Brekkulækur nema á litlum parti er lækurinn skorinn í boga og er þá merki eptir krókóttri keldu þar til hún kemur í lækinn aptur. Svo eptir læknum og í hnaus fram í flóanum, sem er stefna í miðjan Karlskofa.

Að sunnan ræður merkjum Syðra-Brekkukotslækur nokkuð ofan á mírarnar, þá er hnaus við lækinn, úr þeim hnaus beint suður í garð þann, er að skilur þrastarhóls og Syðra-Brekkukotsland. Svo eptir garðinum í hnaus, sem er utan við þrastarhólsá, og sem er rjett út af skotti nyrst í Neskotshólunum. –

Að austan er bein lína millum fyrnefndra hnausa og er sú lína dregin úr kílnum þar sem að Hófsá hefur fallið í kílinn og á vörðu þá, sem er í nyrzta skotti á Neskotshólum.

Fyrir ofan bæi eða í fjallinu er óskipt land en það nær suður að þrastarhólsá og út að Hofsá. –

þrastarhóli 8 apríl 1884

Jónas Gunnlögsson.

Þessari landamerkjalýsing er jeg samþykkur að því er snertir Móðruvelli.

p. t. Móðruvöllum 16 apríl 1884

Einar Ásmundsson

Sem eigandi að Syðrakoti er eg samþykkur

Jóhann Sveinsson.

Sem umboðsmaðr dánarbus Dbrm. sál. þ. Danielssonar samþykkur hvað Litlu-Brekku og Ytra-Brekkukot snertir. –

Stephán Stephensen.

Skrá Yfir landamerki jarðarinnar Vatnsenda í Olafsfirði. –

Að sunnan eru merkin talin að vera í garð sem liggur beint upp sunnan til í svokölluðum Lambatungum og yfir Lónsnesið ofan til fjarðararinnar og það sem maðr getur sjeð liggur fyrir ljeður garður í alveg beina stefnu.

En að utan hafa þau verið haldin í garð nokkurn, er liggur upp frá svokallaðri Grænutopt og upp til fjalls beina stefnu til vörðu, er stendur á fjallsegginni þar rjett upp undan, en fyrir neðan áðurnefnda tópt liggur garðurinn nokkuð útá við og kemur hann niður að vatni lítið eitt fyrir sunnan Hólakotsvöll og liggur hann yfir læk nokkurn er kallaður er Lambeyrarlækur (og eru og hafa verið haldin merki milli jarðanna í þessum læk. Líka fylgir jörðunni hólmi nokkur, sem kallaður er Storhólmi og fjarðaráin fellur beggja vegna hans úti vatnið. –

Vatnsenda 28 apríl 1884

Guðmundr Þorsteinsson

(í umboði eiganda)

Ofan skrifuðum landamerkjum á áðurnefndri jörð erum við nærstu nábúar samþykkir

Þorsteinn Jonsson bóndi á Lóni

Kristján Þorsteinsson bóndi á Hólkoti.



Landamerkja lýsing Hóls í Olafsfirði. –

Milli Hóls í Olafsfirði og Kalsárkots ræður merkjum merkjagarður gamall, sem liggur með læk frá fjalli ofani Fjarðará. – Og milli Hóls og Grundar eru merki í svo nefnt Kvíagil frá fjalli og ofan fyrir sunnan völlin í Hóli og svo suður Holtin sem liggja suður að háu tótt, og þaðan ofaní stóran stein, sem stendur í árbakkanum. –

Yztamói 3. júní 1885

Jón Halldorsson í Hofi

eigandi Kalfsárkots. –

A Þorleifsson

eigandi Hols



Landamerkjalyásing Grundar í Olafsfirði. –

Milli Grundar og Hóls eru merki í svonefnd Kvíjagil frá fjalli ofan fyrir sunnan túnið á Hóli og suður Holtin sem liggja suðrað háutótt, og þaðan ofaní stóran stein, sem stendur á árbakkanum. Milli Grundar og Karlstaða ræður merkjum Grímá frá fjalli til Fjarðarar. –

Yztamói 3. júní 1885

Sigfus Dagsson

eigandi Karls

Karlsár. –

[Torfingstodum]

A Þorleifsson

eigandi Grundar –



Landamerki Ytribakka.

Að sunnan ræður forn merkjagarður neðan frá sjó, upp svo kallaðan Háa mel uppí garð þann, er liggur út og suður vestan við ásana. – Að norðan ræður forn merkjagarður frá sjó upp yfir þvera ásana sunnan til við Stekkjarlautina frá Arnarnesi. – Að vestan ræður forn merkjagarður samkvæmt áreiðargjörð frá 21. maí 1873, er samlagar sig merkjagarði Arnarness og Braghólts

Ytribakka 28 maí mán 1885

F Jonsson

Þessari landamerkja skrá er eg sem umboðsmaður nærliggjandi landsjóðsjarða samþykkur

Einar Asmundsson

Landamerki Syðri-Bakka.

Að austan ræður Eyjafjörður, en að sunnan Pálmholtslækur til móts við Syðri-Reistará, neðan frá sjó allt upp að þjóðvegi. Þá ræður þjóðvegurinn að ofan eða vestan til mots við Pálmholt út að fornum garði, sem liggur neðan frá sjó upp fyrir utan Syðri-Bakka vestur í kíllinn, er rennur út fyrir neðan Baldursheim, og er garður þessi landamerki frá þjóðveginum að kíllinum. Þá ræður kíllinn að vestan merkjum til móts við Baldursheim út að öðrum þvergarði, sem að utan verður ræður til móts við Bragholt og Ytri-Bakka austur í sjó. –

Nesi 31. dag marz mánaðar 1884.

Einar Asmundsson

Sem eigandi Ytribakka er eg samþykkur ofan nefndri Merkjaskrá

F Jónsson

Sem eigandi Pálmholts er eg samþykkur ofan nefndri merkjaskrá

J. Snorrason

Að Syðri-Reistará, Baldursheimi og Bragholti er landsjóðurinn eigandi einsog að Syðri-Bakka. –

Einar Asmundsson

Landamerki Arnarness.

Að sunnan ræður til mótsvið Ytri-Bakka og Bragholt forn merkjagarður austanaf Hjalteyri og vestur í læk þann, sem rennur úti Arnarnesstjörn. – Þó ræður lækurinn til móts við Kjarna unz hann rennur í tjörnina. Frá tjörninni ræður bein sjón hending uppi fornan merkjagarð við læk fyrir utan Kjarna og svo á fjall upp.

Að utan ræður til móts við Kambhól lækur, sem kemur beint ofanúr fjalli sunnanvið völlinn í Kambhóli og rennur niður í Arnarnesstjörn. – Á mölum milli sjáfarins og tjarnarinnar ræður merkivarða.

Nesi 31. dag marz mánaðar 1884

Einar Asmundsson

Sem eigandi að Kambhóli er eg landamerkja skrá þessari samþykkur

Magnus Baldvinsson

Sem eigandi að Ytribakka er eg samþykkur ofan nefndri merkja skrá

F. Jónsson

Að Bragholti og Kjarna er sami eigandi sem að Arnarnesi, það er að segja landsjóðurinn

Einar Asmundsson



Landamerki Braghots. –

Að sunnan til móts við Syðri-Bakka ræður alla leið merkjagarður. – Að vestan til móts við Skriðuland lækur sá, sem rennur úti Arnarnesstjörn. Að norðan móts við Arnarnes merkjagarður vestan frá áður nefndum læk og austur í gegn. Að austan ræður móti Ytri-Bakka fornt garðmót, sem glöggt má sjá að utan og sunnan, en þar í milli lína, sem auðkennd er með vörðum.

Nesi 31 dag marz mán 1884
Einar Asmundsson

Sem eigandi Ytribakka er eg samþykkur ofannefndri Merkjaskrá
F. Jonsson.

Að Syðri-Bakk, Skriðulandi og Arnarnesi er landsjóðurinn eigandi einsog að Bragholti
Einar Asmundsson



Landamerki Kambhóls

Að utan ræður til móts við Fagraskóg forn merkjagarður ofanúr fjalli niður á sjávarbakka, utanvið lækjargróf á bakkanum. Að neðan ræður sjórinn allt að vörðu á mölinni við Arnarnesland. – Að sunnan ræður til mots við Arnarnes lækur, sem kemur ofan úr fjalli og rennur sunnan við völlinn á Kambhóli beina stefnu niður í Arnarnestjörn, en þar eptir ræður tjörnin út að áður nefndri vörðu.

Fagraskógi 27. maí 1884

Magnús Baldvinsson

Sem umboðsmaður yfir Arnarnesi er jeg þessari landamerkjaskrá samþykkur

Einar Asmundsson

Sem eigandi jörðunni Fagraskógs er eg þessari landamerkjaskrá samþykkur

Fyrir hönd ~~Sra~~ Lárusar Jóhannessonar

Carl. Holm

Landamerki Óss í Hörgárdal í Arnarneshrepp.

Milli Óss og Skipalóns að sunnan ræður síkisdrag, er að skilur Óshólma og Skipalóns eyju, þá er lína dregin til austurs úr vörðu austan á Óshólma, eftir vörðum fyrir utan Arnarhól beint strik til sjávar. Landamerki milli Oss og Asláksstaða takmarkar skurður eða lækarfarvegur, sem liggur frá Ásláksstaða kíll uppí vörðu ofarlega í merkjalá, þaðan úti gildrusteina, svo eptir vörðum úti merkjagarð sem aðskilur landareign Os og Hvamms til sjávar. –

Osi 10 október 1884

Josef Jóhannesson

Vegna Skipalóns og Asláksstaða samþykkir eigandi

þ. Daníelsson

Sem eigandi Hvamms er þessari landamerkja skrá samþykkur

þ. Sigfússon.



Landamerki jarðarinnar Hofs í Möðruvallaklausturssókn.

Til móts við Áslaksstaði ráða gamlar götur neðan í melnum sunnan frá Hofsa út í melinn, sem gamla gatan heim að Hofi neðan af veginum liggur sunnaní, frá þeim mel ræður ská lína dregin uppi merkjastein niður undan vallargarðshliðinu á Hofi, þaðan lína dregin út og uppi í stóran stein á Geldingahól, þaðan bein lína út eptir mýrunum allt úti línu, sem liggur beint í austur og vestur eftir Reiðholti úr Sauðhól að sjá í fjallinu og stórum steini á alboga á Reiðholtinu.

Til móts við Hvamm ræður fyrnefnd bein lína í austur og vestur á Reiðholtinu dregin beint í vestur á stóran stein á alboga á Reiðholtinu, úr steininum beint uppi Sauðhól, sem kallaður er uppi á fjallinu og úr Sauðhól bein sjóhending í vestur til fjallsbrúnar. –

Til móts við Ytra-Brekkukot og Litlu-Brekku og Brekkutorfu land til fjalls ræður Hofsa merkjum alt niður að þeim gömlu götum, sem áður er sagt að ráði merkjum milli Hofs og Áslaksstaða út fra Hofsa að sunnan og neðan verðu –

J. S. Thorarensen
(í umboði eiganda)

Vegna Hvamms samþykkir vegna dánarbús þ. Danielssonar
J Thorarensen

Vegna Áslaksstaða samþykkir
þ. Danielsson

Vegna Litlu Brekku J. Guðmundsson

Vegna Storu-Brekku J. Gunnlögsson



Ummerki afrjettarlandsins þorvaldsdals

eru að vestanverðu: Frá þverá þeirri, er næst fellur Kúgilsseli með fögruhlíð, nautárdal, Vatnshlíð, Lambárdal, Illagilsdal og Tröllatungu, allt í ána syðri, er kemur ofanaf miðjum Tungudal; en að norðanverðu: Fra Ytra-Hestshrauni og í garð þann að innan, er liggur úr Axlarbótinni fyrir ofan Fornhaga suður og ofan í Tungu á.

Fyrir hönd eigandanna, nokkurra bænda í Arnarnesshrepp.

Guðmundr Jónsson

Eggert Stefansson

(fjallskilastjóri

Tómas Hallgrímsson

Páll Jóhannesson.

Samþykkur vegna jarðarinnar Dagverðartunga – eptir umboði eiganda þeirrar jarðar

David Guðmundsson



Landamerki jarðarinnar Syðra-Kálfskinns.

Að sunnan aðskilur eingjar Ytra-og Syðra-Kálfskinns lækur sá, sem rennur norðan vert við Ytra-Kálfskinnsbæ niður úr ofanað svo nefndum Grafarlæk, sem að skilur Selárland frá Syðra-Kálfskinns norður að landamerkjja þúfu þeirri, sem er á suðausturhorni Stærrárskógs lands, þaðan ræður bein stefna norðanvert við Votaklett, í miðja klöpp þa, sem stendur í svo nefndum Villingaborgum og í Grundarhnjúk, eiga þessi örnefni öll að bera saman; frá nefndri klöpp ræður hin sama stefna uppá miðjan háls, og svo í suður eptir hálsinum í svo nefnda Hrútakletta. Land það sem fyrir ofan sýsluveg liggur, milli nefndrar merkjalínu að norðan og Ytra-Kálfskinns og Selárbakka merkja að sunnan er óskipt milli beggja Kálfsinnanna, og notast fyrir búsmala og stöku sinnum til slægna frá báðum jörðunum eptir þörfum.

Syðra-Kálfskinni 26 mai 1885

Jóh. Fr. Jónasson. –

Ofan rituð landamerki samþykki eg undirskrifaðr viðvíkjandi Selá og Stærrárskógi.

Völlum 28 mai 1885

T. Hallgrímsson. –



Landamerki Kristness í Garðsárdal í Eyjafirði eru:

Að framan eður sunnan Fossgil, að vestan þverá, norðan Kaná, að austan fjallsmiðja milli brúna.

Garðsá 23. maí 1885

A Hallgrímsson.

G. Jóhannesson

í þremi

E. Jóhannesson

á Helgárseli. –

Landamerki þórustaða í Kaupangssveit

Að neðan ræður til móts við Kaupang Mórúki. – Að utan þorðarkelda neðan til, en upp frá henni forn merkigarður til fjalls og síðast framhald sömu stefnu allt að sýsluskiptum á Vaðlaheiði. – Að sunnan ræður til motts við Gröf bein lína neðan úr Sortukíl eður Illukeldu upp í vörðu syðst á Kambhólsskotti, og svo upp lágina sunnan við hólinn í gamlan heygarð, en þaðan í vörðu á Brekkuholti. – Þá ræður til móts við Brekku bein stefna ut eptir Brekkuholti í merkjavörðu suður og upp frá þórustaðastekk. Frá vörðu þessari ræður bein stefna uppí Kúa klöpp og síðan á fjall upp, allt að sýslu mótum

Nesi 23. dag Apríl mán. 1884.

Einar Asmundsson

eigandi Kaupangs samþykkur

V. Bjarnason

Brekku vegna samþykkur

Páll Pálsson

Samþykkur Stephán Stephensen

(umboðsmaður Grafar)



Jörðin Þröm í Garðsárdal á land svo sem hjer segir:

Til austurs á mitt fjallið; þar taka við landeignir jarða í Fnjóskadal.

Til suðurs í miðja Kaná, þar tekur við landeign Kristness. Til vesturs í miðja þverá; þar tekur við landeignir Helgársels og Ongulstaða. Til norðurs í miðja Garðsá, frá þverá og þar til skiptist í Gerðisdal, en þareptir í miðja tunguna milli kvísla hennar, þar tekur við landeign Garðsár. –

þremi í mai 1885

A Hallgrímsson

G Jóhannesson

E. Jóhannesson. –

Landamerki Ytri-Tjarna og Ytri-Tjarnarkots

A. Beitoland. .

Að utan úr Eyjafjarðará eptir Ytri-Tjarnar eða Bjarkar stíflugarði og uppí gamlan merkjagarð, er liggur upp brúnirnar og upp að túngarði sunnan vert við Bjarkartún og þaðan beint uppí rauðan klett í fjallinu að nafni Drangur, og svo þaðan sömu stefnu af uppá fjall. –

A hinar hliðar er beitoland óskipt.

B. Engi:

1. Ytra-Tjarnarkots engi:

liggur innaní Ytri-Tjarna engi og er aðskilið af tveimur keldum að utan og sunnan í mýrinni – er kallast Krókakeldur, og niður í Skálapoll. –

2. Ytra-Tjarna engi með Kotinu.

Að utan milli Bjarkar ræður Bjarkar eða Ytri-Tjarna stíflugarðurinn. –

Að vestan, úr nefndum garði og þangað til 2 faðmar eru niður að þvergarði, er næstliðið vor var byggður út og suður í mýrinni til uppstíflunnar, og ræður sú stefna suður að Krókakeldu Ytri, síðan í vestur eptir Krókakeldu í miðjan Skálapoll, og svo í suður eptir miðjum Skálapalli í Krokakeldu syðri, og úr mynni Syðri-Krókakeldu vestur yfir þveran Skálapoll, og í gamlan skurð fyrir vestan Skálapoll og eptir honum í suður í braut, sem liggur upp að Ytri-Tjörnum, síðan í vestur eptir brautarskurðinum og suður eptir honum móts við vörðu, er stendur fyrir neðan og vestan skurðinn og í hana, og þáan eptir 3ur vorðum og í 3ju vöðruna

Akureyri 16. janúar 1883

Stephán Stephensen.

Framanskriðuðum landamerkjum er eg sem eigandi að jörðunni Björk samþykk

Guðrún Sigurðardóttir

Jarðirnar Syðri-Tjarnir og Syðritjarnarkot eru á samt Ytri-Tjörnum og Ytratjarnarkoti eign Landsjóðs

Stephán Stephensen

Samþykkur vegna Kristness

Stephán Stephensen.



Landamerki Hvamms í Hrafnagilshreppi

Að sunnan úr Eyjafjarðará eptir Vaglastíflugarði og beina stefnu uppí stæðsta bollan í Hrosshæðum og þaðan beina stefnu uppá moti við Steinmenn (Stóruborg).

Að utan: Ur Eyjafjarðará eptir merkjaskurði og þaðan í laut utan við „Melkornið“ og þaðan beina stefnu í stæðsta steininn undir Laugakletti. Að vestan ráða Steinmanna brúnir og þaðan uppí Steinmenn. Að austan Eyjafjarðará. –

Akureyri 16. janúar 1883

Stephán Stephensen.

Samþykkur

Þorgrímur Johnsen

umráðamaður Kjarna.

Samþykkur vegna Ytragils og Kristness

Stephán Stephensen.



Landamerki Ytra-Gils og Vagla í Hrafnagilshreppi.

Að utan úr Eyjafjarðará eptir Vaglastíflugarði beina stefnu í stæðsta bollan í Hrosshæðum

Að vestan ráða Steinmanna brúnir

Að sunnan ræður Gilsargil og þaðan hjerumbil beina stefnu úr miðju gílinu eptir vörðum í Eyjafjarðar á. Að austan Eyjafjarðará.

Beitiland milli Vagla og Ytragils er óskipt.

Engi Vagla

ná suður í gróf fyrir sunnan Klöppina fyrir sunnan bæinn Vagli. Ennfremur til heyrir Vöglum partur á Eyjafjarðarábökkum að skilinn með stíflugörðum. –

Akureyri 16. maí 1885

Stephán Stephensen

Sem umboðsmaður yfir legatsjörðunum Hvammi og Kristnesi samþykkir

Stephán Stephensen.

Samþykkur vegna Syðra-Gils

Guðmundur Helgason.



Landamerki Litla-Hóls í Hrafnagilshreppi. –

Að sunnan úr skurði í Eyjafjarðarárþakka og upp eptir Dvergstaða læk, og úr honum í stóran ein stakan stein í holti utan og neðan ^{við} Dvergstaða völlum og síðan beina stefnu í gráan jarðfastan stein, sem er sunnanvert við Kúalá, og þaðan í nokkra jarðfasta steina fyrir utan og neðan Skreppu lág.

Að utan úr miðjum Espihól í jarðfastan stein í Torfbrekkunum og þaðan beina stefnu uppá Skipalágar eða Skipalautarhaus. Að austan ræður Eyjafjarðará
Að vestan ræður fjallið.

Akureyri 16. janúar 1883
Stephan Stephensen.

Þessum landamerkjum er jeg fyrir Espihól samþykkur
Jón Sigfússon.

Eptir þeim skilríkjum sem eg hefi í höndum sjest, að Espihóls og Stórugrundarlönd liggja saman um Grástein undir Torfubrekkum, en Dvergstaðir, sem þó var hjáleiga Stórugrundar, er nú seld úr eigninni, og á nú land fyrir utan sig, þá geta Litla-Hóls og Stórugrundarlönd ekki náð saman.

Staddur að Stórugrund 13. júlí 1883
Metusalem Magnússon
(eptir fullmakt og umboði eiganda Stórugrundar Dbrm. J. Pjeturssonar)

Þessum landamerkjum er jeg samþykkur fyrir hönd eigandans að Dvergstöðum
E. E. Möller. –



Landamerki Miðlands í Skriðuhreppi.

Að sunnan ræður lækur, er fellur úr Heljarskál – er liggur uppundir fjallsegg – og rennur hjerum bil beint niður í Merkjaskriðu og ofaní Oxnadalsá. –

Að vestan ræður gamall árfarvegur vestan við Miðlandshólana.

Að norðan ræður gil – Merkigil – beint ofanúr fjalli og beina stefna úr því og ofan í Oxnadalsá.

Jörðin á frían upprekstur í Almenning.

Akureyri 16. jan 1883.

Stephán Stephensen

Þessi landamerki samþykkjast hvað Efstaland snertir

Jón Bergsson

Þessi landamerki samþykkjast fyrir hönd eiganda Neðstalands Jón Jónssonar á Djupadal eptir umboði

Arnljótur Olafsson.

Landamerki Merkigils í Hrafnagilshreppi

Að sunnan úr stórum steini einstökum með Krosssprungu, er liggur í Merkigili, og síðan ræður Merkigilsáin merkjum til fjalls. – Að utan neðst úr Löngulá móts við steininn í Merkigili, og síðan eptir syðri barmi hennar uppí Sjónarhól, úr því er óskipt land milli Merkigils og Stokkahlaðna. – Að austan: beint úr steininum í Merkigili í Löngulá neðst. –

Akureyri 30 maí 1885
Stephán Stephensen.

Samþykktur vegna Espihóls
Jón Sigfússon

Að eigandi Stokkahlaðna Benid. Jóhannesson hafi samþykkt samhljóða landamerki vottar
S. Thorarensen. –



Landamerki Espihóls og hjáleigunnar Víðirgerðis í Hrafnagilshrepp. –

Að sunnan þar sem Grundar- og Litlahólslönd taka við: úr svo kallaðri Kerlingu ofan svo kallaðan Stórahrygg í Skipalág, þaðan beina sjónhending ofaná Torfubrekkur í grástein stóran þar, svo sjónhending ofaní túngarðshorn syðst á Espihóls velli og þaðan beint yfir Espihólsmel ofaní Eyjafjarðar á

Að norðan ræður Merkgilsá þannig: að neðan þangað sem árgilinu sleppir rjett fyrir ofan stekkjartrotið á grundinni, ræður núverandi farvegur hennar frá Eyjafjarðará, og svo eptir Merkgilsárgilinu, það sem það nær í fjall upp og svo bein stefna uppá mitt fjall.

Að austan ræður Eyjafjarðar á. Espihóli 14. febrúar 1884

Jón Sigfússon

Samþykktur fyrir Merkgil

Stephán Stephensen.

Samþykktur fyrir Grund

M Sigurðsson

Samþykktur vegna Stokkahlaðna

Sveinbj. Þorsteinsson. –



Landamerki Gása.

Að austan ræður Eyjafjörður, en að sunnan til móts við Dagvarðareyri bein lína af svokölluðu Merkisnesi niður við sjó í Hvasshól. Frá Hvasshól ræður til móts við Hlaðnir bein stefna út í merkjavörðu við Skipalónsland þaðan ræður til móts við Skipalón bein lína austur á ytri Steinastekk, og þaðan aptur merkjalína út eptir svokölluðum Miðás, allt að yztu merkjavörðu vestur frá Festarklöpp. – Frá þeirri vörðu ræður síðan bein lína austur á Festarklöpp, utan við hinar fornu búðatóptir, og allt austur til sjávar, sunnanvert í Toppeyri. –

Nesi 31 dag marz mánaðar 1884

Einar Asmundsson

Sem eigandi Skipalóns samþykkur

þ. Danielsson.

Sem eigandi Dagvarðareyrar

Oddur Jónsson.

Að Hlöðum er landsjóðurinn eigandi einsog að Gásam.

Einar Ásmundsson.



Landamerki Hlaða.

Að utan ræður til móts við Skipalón bein lína frá Sandhól við horgá austur í Gunnsteinsþúfu og að merkjavörðu nokkru austar við Gásaland. Að austan ræður til móts við Gæsi sjónhending úr nefndri merkjavörðu suður í Hvasshól en þaðan til móts við Dagvarðareyri og Glæsibæ sama bein lína í suður eptir austustu eða neðstu hæð, fram á svo kallaða Stóruhæð. – Að sunnan til móts við Trjestaði ræður frá Stóruhæð forn merkigarður út í Messuklauf, og þaðan niður í krók á Trjestaðalæk, út og upp frá túninu á Trjestöðum, en síðan ræður lækurinn niður til Horgár. Að vestan ræður Hörgá, og er í henni hólmi, sem tilheyrir Hlöðum.

Nesi 31. dag marz mán 1884

Einar Asmundsson

Með skýrskotun til landamerkjálýsingar Glæsibæar samþykkur af hálfu Glæsibæar.

Davið Guðmundsson

Vegna Skipalóns samþykkur

þ. Danielsson.

Oddur Jónsson

Dagvarðareyri



Landamerki Hesjuvalla í Glæsibæarhreppi. –

Að sunnan: Úr vörðu efst á fjallsbrún og þaðan beint ofaní Gróf í fjallinu, er ræður niður að læk, sem rennur sunnanvið túnið á Hesjuvöllum, og síðan eptir þeim læk í Lónið. Að austan ræður Lónið frá nefndum læk móts við stóran stein á kollottum mel, sem er rjett fyrir ofan Lónið. Að utan úr nefndum steini við Lónið og beint í krók í Merkjalæk, sem er utan við túnið á Hesjuvöllum, síðan ræður Merkjalækurinn uppá fjall.

Að vestan ræður fjallið –

Akureyri 16 apríl 1884.

~~Hesju~~

Hesjuvellir eru einsog Lögmanshlíð og Kífsá eign dánarbús Th. Danielssonar Dbrm.

Stephán Stephensen.



Landamerki Skipalóns í Glæsibæarhrepps. –

Til móts við Gæsir lína dregin úr Toppeyrarodda til vesturs um Festiklöpp í Merkjavörðu út tjeðri vörðu lína dregin suður Miðás í Ytristeinastekk og þaðan til vesturs í Merkjavörðu. –

Til móts við Hlaðir lína dregin úr Merkjavörðu um Gunnsteinspúfu og þaðan beint í Hörgá. Til móts við Möðruvelli ræður Hörgá og á Skipalón hólma þá, er liggja austan aðalárinnar og heita Selhólmar. Til móts við Ásláksstaði ræður Hörgá, nema hvað Skipalón á Kríuhólma vestan árinna, sem er áfastur við Ásláksstaða tanga. Til móts við Os ræður síkisdrag er að skilur Lónsey og Oshólma, þá er lína dregin til austurs úr merkjavörðu á Oshólma eptir vorðum fyrir utan Arnarhól, og þaðan beint strik til sjávar.

Skipalón 10 október 1884

þ Danielsson.

Samþykkur vegna landsjóðsjarðanna Möðruvalla, Hlaða og Gása

Einar Asmundsson.

Samþykkur vegna Os

Eigandi Josef Jóhannesson

Að Ásláksstöðum og Skipalóni er sami eigandi

þ. Danielsson. –

Landamerki Öxnafellis með Víðirneslandi

Að norðan eru landamerki milli Öxnafellis og Sámstaða eptir vörðum sem hlaðnar eru á gömlum landamerkjagarði og beint strik eptir þeim ofaní Eyjafjarðar á, og uppá miðjan fjallsröðulin og þaðan suður mitt fjallið að Öxnafellskotsmerkjum

Að sunnan á milli Öxnafellis og Öxnafellskots, eptir vörðum sem hlaðnar eru í mýrunum, og þaðan frá þeim beint strik uppá mitt fjall og eins beint strik frá þeim í lækjarfarveg utan við Öxnafellskotsvöll og eptir honum til Eyjafjarðarár, að vestan ræður Eyjafjarðará merkum, þá á Öxnafell hólma þann í ánni, sem liggur á móts við Öxnafellsklif.

Að utan milli eru merki milli Öxnafellskots og Víðirneslands í miðjan svonefndan Stekkjarbotn og beint strik eptir vörðum í Öxnafellsgilið í fjallbrúninni, og svo suður miðt fjallið suður að Guðrunarstaðmerkjum og beint strik úr botninum ofaní Eyjafjarðar á. – Að sunnan eru merki milli Guðrunarstaða og Víðirneslands í syðri Báshól vestan við Eyjafjarðará, þar sem hann er hæðstur og beint strik þaðan utan holt við Guðrunarstaðagil í fjallsbrúninni. Að vestan ræður Eyjafjarðará merkjum.

Öxnafelli 29. septembr 1883

J umboði jaðrareiganda
þ Thorlacius

M. Olafsson
eigandi Guðrunarstaða

S. Arnason
eigandi Sámstaða

Eigandi Öxnafellskots
E. G. Einarsdottir.



Landamerki Litladals.

Að utan ræður Brandabúðará ^{landa}merkjum allt það er Brandabúðardalur nær, en niður frá dalnum liggja merkin rjettsynis niður úr gljúfrum til Djúpadalsár, þaðan eru merkin eptir Djúpadalsá fram á Haga óseyrar: upp þaðan rjetta sjón hending upp á Hagárgil, síðan ræður Haga á merkjum á fjall upp. þannig á Jörðin allan Hagaárdal norðan megin árinna og allt land þaðan til Brandabúðar ár upp frá Djúpadalsá á fjöll upp.

Fagraskógi, Litladal og Hleiðárgarði

18 maí 1885

Stefán Arnason

Jóhannes Randversson

Olafur Guðmundsson

eigendur jarðarinnar.

I umboði eigandans að Stóradal

A Stefánsson

Eigandi Kambfells

Olafur Olafsson



Landamerki Jarðarinnar Kambfells í Saurbæarhrepp.

er að sunnan Hraun á fram í gegn á Hraunárdal, að austan er Djúpadals á merki. –
Að norðan er Hagá merki fram í gegn a Hagárdal.

Hleinárgarði 27. maí 1885
Ólafur Ólafsson

Samþykkur vegna Hvassafells
Stephán Stephensen

J umboði eigandans að Stóradal og nokkrum hluta Litladals samþykkur
A Stefánsson.



Landamerki jarðarinnar Bessahlaða í Yxnadal.

Að norðan verður eru merkin í Skriðu skamt fyrir utan tunnið, sem nær ofað Yxnadalsá og uppí Bessahlaðagil, og svo ræður gilið merkjum á fjall upp. – Að framan eru merkin í vörðu ovan við Yxnadalsár bakkan og uppí grjóthrygg framaní búngunum, og eru þar tveir stórir steinar framaní hryggnum, sem merkin eru í, eða millum þeirra og svo beint uppá fjall. – Að austan ræður Yxnadalsá. Jörðin á frían umrekstur á Almanning.

Steinstöðum 24. júní 1884.

St. Jónsson

Þessum landamerkjum er eg eigandi Varmavatnshóla samþykkur

Jón Bergsson

Þessum landamerkjum er eg eigandi þverbrekku í alla staði samþykk

þóra Rósa Sigurðardóttir

(handsalað.)



Merkjalýsing fyrir jörðunni Lönguhlíð.

Að suðaustan ræður Hörgá frá Armótum hennar og Oxnadalsár eptir austasta farveg fyrst að framan, og svo beina línu ofan fyrir vestan Rauðalækjarnes ofaní mots við Gípugil. Að útsunnan eru merkin í Grástein neðan til í Hallastaða holtinu; þaðan ofan eptir beint strik í vörðu framan til á bakkanum og allt fram til Hörgár, svo aptur uppi frá Grásteini beina línu í vörðu upp á Hallastaðaholtinu, og svo þaðan beint á fjall upp. Landnorðan megin ræður bein lína úr Gípugili í Merkjastein, sem er framarlega í Haganum, milli Skriðu og Löngu hlíðar, svo úr merkjasteini beint í Mið-Merkiklett og þaðan beint á fjall upp.

Lönguhlíð í Horgárdal 26 mai mán 1885

J. S. Thorarensen

Samþykkt fyrir Hallfríðarstaðakot

J. Bergsson

Landamerki Búðarness.

Að norðan ræður Hörgá, en að utan til móts við Staðartungu forn merkigarður sunnan undir Sandhól húsum fremri, og frá garðinum bein stefna á fjall upp. Að sunnan ræður til móts við Bás bein stefna neðan frá Horgá upp í Klöpp og skriðu skammt fyrir utan Bás og svo á fjall upp.

Búðarnesi 12 maí 1884

J. Jonasson.

Sem umboðsmaður yfir Staðartungu og Básí samþykki jeg þessi Landamerki
Einar Ásmundsson.

Búðarnes á engjaítak í Myrkárlandi, er heitir Búðarnesmór. Mór þessi liggur fram við Merkjalag neðan vert. Að ofan takmarka móinn 2 stórir steinar, og sjón hending úr þeim í garðs enda, er liggur að utan og ofan. –

Samþykkur
Arnlfótr Ólafsson.

Myrká 23/5 1885
J. Jonasson



Landamerki jarðarinnar Efstalands í Yxnadal.

Að utan til mots við Miðland ræður merkjum lækur, sem rennur úr Heljarskál og bein stefna úr honum ofanað Yxnadalsá. – Að sunnan á móts við Efstalandskot; úr háum steini niður við Yxnadalsá bein stefna uppá svonefnt Stekkjargil uppá fjallsbrún. Jörðunni fylgir engjapartur sem liggur vestanvert í Efstalands kotsland suður að Steinstaðamerkjum ofan til árinna og upp að lækar dragi að sunnan, er liggur í krókum úti kíl við brúarendan til árinna.

Jörðin á frían upprekstur á Almenning í Yxnadal.

Auðnum 1 august 1884

Jón Bergsson

handsalað

Sem eigandi jarðarinnar Efstalandskots samþykkir framanskriðu landamerki

Jónas Jónathansson.

Sem umboðsmaður jarðarinnar Miðlands er eg samþykkur að lækur sá er fellur úr Heljarskál ráði merkjum beint niður í Merkjaskriðu og ofaní Oxnadalsá.

Akureyri 12 sept. 1884

Stephán Stephensen

Merkjalýsing á Brekkukoti

Að neðan mots við Grundarland ræður ós sá, en liggur út eyrarnar.

Að utan motsvið Jarðbrú ræður merkiskurður frá ósnum uppí krók sem er á skurðinum, sunnan og neðan við túnið á Jarðbrú, þaðan í stóra þúfu, sem stefnir í djupt lautardrag sunnan við sáðgarðinn, - lautardragið liggur uppi merkigarð fyrir utan túnið, sem ræður upp móana, en beyjir efst suður á við í svonefnt merkisgil, er ræður svo á fjall upp.

Að sunnan ræður Kaldilækur úr áðurnefndum ós í fjall.

Goðdölum 9. október 1884.

Zóphonias Halldorsson

fyrir sig sjálfan og systkini sín: eigendr Brekkukots

Sem umboðsmaður Grundar samþykki eg ofanrituð Landamerki

Steinstöðum 14. okt 1884

St. Jónsson

Sem umboðsmaður Jarðbrúar, samþykki ég ofan þessa landamerkja lýsingu

Svínárnesi 10 nóv. 1884

Gísli Jónasson

Þessari Landamerkjalyssingu er eg samþykkur hvað Brekku snertir.

Brekki 1 des 1884.

Sveinbjörn Halldorsson

Landamerki á Þverá í Svarfaðardal

Að sunnan til mots við Hreiðarstaði ræður merkigarður því Svarfaðardals á uppí fjallshlíðina, en þegar hann þrýtur ræður bein lína á fjall upp. – Að norðan til mots við Steindyr ræður þveráin frá Svarfaðardals á upp og fram til jökla.

Hrappstaðakoti dag 6 októberm. 1884

Jón M. Gunnlögsson

Þessari landamerkjalyðingu er eg samþykkur fyrir Hreiðarstaðir.

Hreiðarstöðum dag 8 októberm. 1884

fullmaktaðr af eigandans hendi

B Runólfsson.



Landamerkjalyking á Jarðbrú

Að sunnan til móts við Grundareingi ræður ós sá, er leiðir út mýrarnar. Að sunnan til móts við Brekkukot ræður merkiskurður frá ósnum uppí krók, sem er á skurðinum sunnan og neðan við túnið, þaðan í stóra þúfu, sem stefnir í djúpt lautardrag – sunnan við sáðgarðinn – er liggur uppí merkigarð ofarlega á túninu, sem ræður upp móana, en beygir efst suður á við í svo nefnt merkigil, er þaðan ræður í fjall upp. – Að norðan til móts við Tjörn frá Ósnum glöggur merkiskurður uppí merkigarð, sem liggur upp að reiðgötum. þaðan til móts við Tjarnargarðshorn ræður sami garður upp engið og stefnir glögg í mjóa hrygg og utan til í Kletthaus í brúninni. þaðan bein lína á fjall upp.

Svínárnesi 5. októberm. 1883

Gísli Jónasson

Ofan skrifuð landamerki samþykki jeg að mínu leyti

Tjörn 26/3 1884 K E. Thorarinsson

Landamerki þessi samþykki jeg fyrir Möðruvallaklaustursjörðina Tjarnargarðshorn.

Nesi 9. apríl 1884

Einar Asmundsson

Sem umboðsmaður Grundar samþykki eg framanskrifuð Landamerki

St. Jónsson.

Fyrir hönd systkina minna og mín sjalfs, sem eigenda jarðarinnar Brekkukots samþykki eg framanskrifuð landamerki

Goðdölum 2 septembr 1884

Zóphonias Halldórsson



Landamerki fyrir Búrfelli.

Að norðan móts við Teigur – Selland frá Urðum ræður Búrfellsáin merkjum frá Dalsánni til fremstu vatna upptaka.

Að sunnan móts við Hæringstaði ræður garður merkjum frá Svarfaðardalsá uppúr svo nefndum Djúpahvammi, og þaðan rjettlínis upp engið til fjalls:

Árgerði 17. majus 1884
Halldór Bjarnason.

Þessum landamerkjum er eg samþykkur hvað Hæringsstaði snertir
Arni Runólfsson.

Sömmuleiðis hvað Urðir snertir
Urðum 20 mai 1884:
Sigurhjortur Jóhannes. –



Landamerki Mela.

Að norðan móts við Tungufell ræður garður merkjum frá Svarfaðardalsá upp til fjalls beint í svo kallað Stólsgil.

Að sunnan móts við Teiga sellandið ræður Teigar áin, fyrst hennar forni farvegur sunnan við Melahöfða og síðan fyrnefnd á upp til jökla.

Urðum 12^{ta} mai 1884

Sigurhjortur Jóhannesson

Þessum landamerkjum er jeg samþykkur hvað Tungufell snertir

Sigurður Sigurðsson



Landamerki Hæringstaða.

Að norðan mots við Búrfell ræður garður merkjum frá Svarfaðardalsá upp frá svonefndum Djúpáhvammi beint upp engið og í fjall upp.

Að sunnan móts við Skeið, að skilur áin Grýta land tjeðrar jarðar frá Dalsá til jökla.

Hæringstöðum 24. maim 1884

Arni Rúnólfsson.

Ofan skrifuð landamerki samþykkir vegna Búrfells

Halldór Bjarnason.

Þessari Landamerkja skrá er eg samþykkur fyrir Möðruvallaklaustursjörðina Skeið, sem fullmektugur fyrir hönd umboðsmanns Einars Ásmundssonar

Ytra-Hvarfi dag 1. júní 1885

Joh. Jónsson.



Landamerki fyrir Atlastöðum

Að sunnan ræður Skalláin merkjum til jökla móts við afrjettarlandið Hnjóta.

Að norðan móts við þorsteinsstaði er garður frá Svarfaðardalsá og upp sunnan við þorsteinsstaða tún, og þaðan beint á fjall upp.

Afrjettarlandið Hnjótar fylgja tjeðri jörðu, sem Svarfaðardalsá greinir frá Kotslandi upp til sýsluskila á Heljardalsheiði. Að norðan móts við heimaland Atlastaða ræður fyrirnefnd Skallá merkjum.

Atlastöðum 15 majus 1884.

Björn Sigurðsson.

Þessum landamerkjum er eg samþykkur hvað þorsteinsstaði snertir
Stefán Arngrímsson.



Landamerki þorsteinsstaða.

Eru að sunnan móts við Atlastaðir glöggur merkjagarður frá Svarfaðardalsá uppí þorsteinsstaða túngarð, og þaðan beint í fjall upp. – að norðan móts við Sandá ræður garður merkjum frá Dalsánni upp utaní holtunum og út og upp engið, en þegar til hlíðarinnar kemur hverfur hann. Eru því merkin talin beint í sömu stefnu í stóran stein á svokallaðri Dýadalsbrún. Hjer með fylgja tjeðri jörðu haga beit á Skallárdal fyrir hross og búpening. –

þorsteinsstöðum 10 mai 1884

Stefán Arngrímsson

Þessum landamerkjum er eg samþykkur hvað Sandá snertir

Hóli 20 mai 1884

Sveinn Sveinsson

Í sama máta hvað Atlastaði snertir

Atlastöðum 28 mai 1884.

Björn Sigurðsson.



Landamerki fyrir Sandá.

Að sunnan móts við þorsteinsstaði ræður garður merkjum frá Svarfaðardalsá upp utaní Merkisholt, svo út og upp Myjið, en þegar til hlíðarinnar kemur hverfur hann, eru því merki haldin rjett í sömu stefnu við stein uppá svo kallaðri Dýadalsbrún í beinni línu á stóran stein á Granhól. . Að norðan móts við Gögnustaði eru merki rjett sjón hending frá Svarfaðardalsá uppí garðbrot gegnt Sandártúni, þaðan í Sandárgil. Síðan ræður Sandáin merkjum til fremstu vatna upp taka. –

Staddur á Melum 20 majus 1884

Sveinn Sveinsson

Framanskriafaðri merkjalýsingu er eg samþykkur hvað þorsteinsstaði snertir

Stefán Arngrímsson.

Sömuleiðis er eg samþykkur vegna Göngustaða

Urðum 20 mai 1884

Sigurhjörtur Jóhannesson.



Landamerki fyrir Göngustöðum.

Enn talin að vera að sunnan bein sjónhending frá Svarfaðardalsá upp í garðbrot gegnt Sandár túni, þaðan beint í Sandárgil, síðan ræður Sandáin merkjum til fremstu vatna upptaka. – Að norðan móts við Göngustaða kot frá uppsettum steini á þúfu – við Dalsá – utan og neðan til við Merkistöpt, og svo beint eptir upp settum stein a merkjum uppí gula dýið, sem kemur undan Litlahamri fyrir utan Einhamar.

Urðum 12^{ta} mai 1884

Sigurhjörtur Jóhannesson

Þessum landamerkjum er eg samþykkur vegna Göngustaðakots

Björn Sigurðsson

Ofanskriðuð landamerki samþykkir vegna Sandár.

Hóli 20 mai 1884

Sveinn Sveinsson.

Landamerki fyrir Göngustaðakoti.

Eru að sunnan móts við Göngustaði frá steini sem stendur í þúfu skamt fyrir utan merkistöpt, sem er niður við Svarfaðardalsá. Síðan ráða uppreist steinamerki stefnu á Guladýið, sem fellur undan Litlahamri, sem er rjett fyrir utan Einhamar og þaðan rjettlínis á fjall upp. – Að norðan móts við Klaufabrekkur ræður garður merkjum, sem byrjar við Dálsá, rjett á móti hinni fornu Skeiðsrjett. Garður þessi er glöggur fyrst upp eptir, en hverfur með öllu, ræður þá bein stefna í Lambárgil og Lambáin síðan til fremstu vatna upptaka.

Atlastöðum 10 mai 1884

Björn Sigurðsson.

Þessum landamerkjum er eg samþykkur hvað Göngustaði snertir
Sigurhjortur Jóhannesson

Og í sama máta vegna Klaufabrekkn_a er eg samþykkur

Klaufabrekkum 1. júní 1885

J. Halldórsson



Landamerki fyrir Auðnum í Svarfaðardal.

Að sunnan móts við Klaufabrekkukot ræður merkjum Stórilækurinn, að fornu nefndur Skeggroflækur - frá Svarfaðardalsá og uppá fjall. – Að norðan móts við Hól ræður merkjum bein stefna úr Hólshöfðaenda hinum fremri í lítið grjóthlið á garðingnum milli Hóls og Auðna, svo í garðmót, er sýnist votta fyrir uppí holtunum, síðan rjettsynis upp reitin og á fjall upp. –

Melum 13 majus 1885
Hallgrímur Hallgrímsson

Þessa landamerkjalytingu samþykkir hvað Klaufabrekkukot viðvikur
Klaufabrekkukoti 15 maius 1885
J. Halldórsson

Merkjalýsing þessa samþykkir fyri Hól
Urðum 15 majus 1885
Sigurhjortur Jóhannesson.



Landamerki fyrir Hóli í Svarfaðardal

Að fram móts við Auðni ræður merkjum bein stefna úr Hólshöfðaenda hinum fremri í lítið grjóthlið á garðinum milli Hóls og Auðna, svo í garðmót er sínist votta fyrir uppí holtunum, síðan rjettsýnis upp reitinn og á fjall upp. Að norðan móts við þorleifsstaði ræður garður merkjum, er hefst við Svarfaðardals á upp utarlega á Hólsflöt, beina stefnu í svo kallað Skriðugil, sem liggur upp reitinn, síðan ræður Skriðugilið merkjum á fjall upp. –

Urðum 13 majus 1885
Sigurhjörtur Jóhannesson

Þessi landamerki samþykkir vegna Auðna

Melum 13. majus 1885
Hallgrímur Hallgrímsson

Ofan skrifaða landamerkjalyýsingu er samþykkur hvað þorleifsstaði snertir

Urðum 13. mai 1885
Sigurður Jónsson.



Landamerki fyrir Klaufabrekku.

Að sunnan til móts við Göngustaðakot ræður merkigarður frá Svarfaðardals á upp nesið rjett á móti hinni fornu Skeiðrjett, efst úr garðinum bein lína í Lambárgil, er ræður á fjall upp.

Að norðan til móts við Klaufabrekkukot ræður bein lína frá Svarfaðardalsá, sett merkisteinum upp nesið að Lambá, en fyrir ofan hann ræður merkigarður í fjall upp.

Klaufabrekkum dag 1. júní 1885

Jón Halldórsson.

Þessari merkjalýsingu er eg samþykkur hvað Gongustaðakot snertir

Atlastöðum 1 júní 1885

Björn Sigurðsson

(handsalað).

Merkja lýsing þessa samþykkir fyrir Klaufabrekkukot

J. Halldorsson

Klaufabrekkukot 1. dag. júní 1885.



Landamerki þorleifsstaða

Að sunnan móts við Hól ræður garður merkjum frá Svarfaðardalsá upp utarlega á Hólslöt beina stefnu í Skriðugil og svo á fjall upp. – Að norðan móts við Urði ræður Stórilækurinn merkjum fyrst upp eptir, síðan lítill lækur, sem fellur úr Litlulækjargili, er ræður merkjum á fjall upp.

Urðum 19. majus 1884

Sigurður Jonsson

Þessum landamerkjum er eg samþykkur hvað Hól og sömuleiðis hvað Urði snerta.

Urðum 19. mai 1884.

Sigurhjörtur Jóhannesson



Landamerki fyrir Urðum.

Að sunnan móts við þorleifsstaði ræður Stórilækur fyrst uppeptir, síðan lítill lækur beint uppí svokallað Reitsgil, sem ræður merkjum á fjall upp. –

Að norðan mots við Hreiðarstaðakot ræður garður frá Dalsá skammt fyrir utan Hvítalækinn. Þegar uppí hlíðina kemur ræður Hvítalækurinn merkjum á fjall upp. –

Teigurinn, selland frá Urðum hinu megin Svarfaðardalsár. merki: Að norðan Teigaráin upp til jökla, að sunnan Burfellsáin.

Jörðunni fylgir frí upprekstur fyri geldpening ábúandans í Hnjótaafrett

Urðum 12^{ta} mai 1884

Sigurhjortur Jóhannesson

Þessum landamerkjum er eg samþykkur hvað þorleifsstaði snertir

Sigurður Jónsson.

Ofanskrifuðum landamerkjum er eg samþykkur vegna Hreiðarstaðakots

Sigurður Sigurðsson.



Landamerki fyrir Klaufabrekkukoti.

Að sunnan til móts við Klaufabrekku ræður merkjum bein lína frá Svarfaðardalsá sett steinamerki upp nesið að Lambá, en fyrir ofan hana ræður merkigarður á fjall upp. að norðan til móts við Auðni ræður merkjum Stórilækurinn – að fornu nefndu Skeggroflækur – frá Svarfaðardalsá og á fjall upp. –

Klaufabrekkukoti 1 júní 1885
J. Halldórsson

Þessi landamerki samþykkir vegna Klaufabrekkna
Klaufabrekkum 1. júní 1885
Jón Halldórsson.

I sama máta vegna Auðna
Melum 1. júní 1885
Hallgrímur Hallgrímsson

Landamerki á Hreiðarstöðum í Svarfaðardal.

Að sunnan til móts við Hreiðarstaðakot ræður Músarlækur frá Svarfaðardals á og upp neðaní svo nefndan Votahvamm, þar beyist lækurinn til norðurs, en merkjum ræður bein stefna uppí syðsta haus á brúninni, og svo rjettlínis á fjall upp. –

Að norðan mótsvið þverá frá Svarfaðardals á ræður beinn garður er glogglega sjer fyrir upp undir fjallshlíð, en þegar hann þrítur, þá bein stefna á fjall upp.

Látrum dag 9. Oktober 1884

Jónas Jónsson

Þessari landamerkja lýsingu er eg samþykkur fyrir Hreiðarstaðakot

Tungufelli dag 12 oktober 1884

Sigurður Sigurðsson

Merkjalýsing þessari er eg samþykkur fyrir eignarjörð mína þverá

Hrappstaðakoti dag 14. oktober 1884.

Jón M. Gunnlögsson.



Merki Kálfargerðis.

Merkin eru að sunnan og neðan úr vörðu sem hlaðin er sunnan og ofan við suður hornið á svo nefndum Krosshús hól, sem stendur utan og neðan við Möðruvalla tún, þaðan beint strik í hól, þar sem hann er hæstur, sem er næst fyrir sunnan svo nefnt Kálfagerðisgil. –

Að neðan eru merkin frá áðurnefndri vörðu við Krosshúshól, eptir vörðum úti syðri endan á svo nefndum Syðri-Stekkjarhól í vörðu, sem stendur á ytra og efra horni hans; þaðan beint í neðri grófarenda sem lækur rennur í, og fylgja merkin áður nefndum læk uppundir Helgastaða tún, þaðan beint upp ríman í kollottan grjóthól fyrir sunnan og ofan Helgastaða tún. –

Bithagi er óskiptur milli jarðanna, einnig á Kalfagerðisbóndi frían upprekstur fyrir geldpening sinn á Möðruvallaafrijettt í Sölvadal. –

Syðra-Kálfskinni 4. maí 1886

F. Sigfússon

eigandi Kálfagerðis

Árni Jonsson

eigandi Helgastaða

Vigfús Gíslason

I umboði eiganda Möðruvalla

Marselíu Kristjánsdóttur. –



Landamerki Hvassafells í Saurbæarhreppi.

Að sunnan: beina stefnu eptir gömlum garði, sem sjest óglögg, neðan frá Djúpadalsá og uppí fjall.

Að utan: úr Barðhúsklöpp við Djúpadalsá eptir merkjavörðum, er liggja skáhallt út og upp að Miklagarðsfit, og síðan beina stefnu upp allar mýrar, örskamt fyrir sunnan Hlíðarhaga, og í litla grasgróna laut fyrir sunnan og ofan Hlíðarhaga og þaðan sömu stefnu upp á fjall. –

Að austan ræður Djúpadalsá. Að vestan fjallið. –

Undir jörðina heyrir fjallið milli Djúpadalsár og Hraunár fyrir framan Kambfell. –

Akureyri 16. januar 1883.

Stephán Stephensen.

Sigurður Sigurðsson

eigandi að hálfu Argerð

Vigfús Gíslason

eigandi að hálfu Árgerði

Arnþór Arnason

(handsalað Kr. Sigurðssyni)

eigandi að Syðragerði og ½ Ytragerði

Magnús Baldvinsson

eigandi að ¼ úr Ytragerði

Tryggvi Ólafsson

(Nöfnin handsöluð

eigendur Hlíðarhaga)

Randver Bjarnason

þ. Thorlacius

vegna jarðarinnar Miklagarðs



Landamerki Jarðarinnar Leynings liggjandi í Saurbæarhrepp eru þannig:

Fyrst heimalandið: Takmörk þess að neðan er Eyjafjarðará, og að ofan fjallsbrúnin.

Millum Jórunnarstaða og Leynings eru merkin í vörðu norðan vert við svokallað Básgil, niður við ána, og svo beina stefnu til fjalls eptir vörðulínu, sem gjörð hefir verið. Að sunnan verðu eru merkin í svo kallaðan Rauðklett, og frá honum í Sjónarhól, þaðan í í Kringluvatn, og frá því bein stefna suður í Torfufellsgil, og úr Torfufellsgilskjaptinum bein stefna ofan eirarnar á Halldórsstaðagil. –

Líka fylgir jörðunni afrjett, svo kallaður Leynings dalur. Takmörk hans að neðan er Torfufellsá, og fjallsbrúnin að ofan, Galtá að framan og Svartá að heiman.

Leyningi þann 20 maí 1885

Páll Steinsson

Bjarni Pálsson

Frímann Jóhannsson

(eigendur jarðarinnar)

Samþykkið

Jón Benjamínsson

Fr. Sigurðsson

Landamerki milli Ytri-Villingadal og Leynings eru samkvæmt staðfestri Landamerkjaskrá fyrir Ytri-Villingadal af eigendum Leynings „Úr Rauðakletti í Sjónarhól þaðan utan við Timburdal í Laugadalshöfða í mitt Kringlu vatn og þaðan í Efri-Hruna.

Stephán Stephensen

umboðsmaður yfir Ytri-Villingadal

Páll Steinarsson. –



Landamerki Guðrúnarstaða í Saurbæarhreppi í Eyjafjarðarsýslu

Að sunnan eru Landamerkin milli Guðrúnarstaða og Helgastaða svonefnt Sandgil í fjallsbrúninni og þaðan svo nefndur „Sandgilsslækur“ ofan fyrir svo nefndar „Helgastaðabrúnir“ en þaðan beyist lækurinn út og ofan á milli tveggja lítilla hofða, sem eru hæðstir fyrir sunnan svo nefnt Guðrúnarstaðaklif, skamt fyrir ofan Eyjafjarðará, en ræður samt altaf landamerkjum ofan til Eyjafjarðar ár. - Að vestan er Eyjafjarðará landamerkin. Að norðan eru landamerki milli Guðrúnarstaða og svo nefnds Viðirsnesslands á Syðri-Báshól vestan við Eyjafjarðará þar sem hann er hæðstur og beint strik þaðan utan hollt við svo kallað Guðrúnarstaðagil í fjallsbrúninni. Að utan eru landamerki eptir miðju fjallinu. –

Möðruvillum 30 dag Júní mán. 1885

Arni Jonsson

Arni Hólm

eigendr Helgastaða

Marselia Kristjánsdóttir

eigandi Guðrunarstaða

Þorsteinn Thorlacius

fyrir hönd eiganda Oxnafellis. –

Landamerki Helgastaða í Saurbæarhrepp í Eyjafjarðarsýslu.

Að norðan eru landamerki milli Helgastaða og Guðrúnarstaða svo neft Sandgil í fjallinu og þaðan svonefndur Sandgilslækur ofan fyrir svo nefndar Helgastaðabrúnir, en þaðan beyist lækurinn út og ofan á milli tveggja litilla höfða, sem vörður eru hlaðnar á, skammt fyrir ofan Eyjafjarðará; lækur þessi ræður merkjum af til Eyjafjarðará. –

Að vestan er Eyjafjarðará landamerki og rennur hún vestan við svonefndan Helgastaðahól, a, sem liggur undir Helgastaði, suður fyrir neðan syðri endann á Ytri-Stekkjarhól.

Að sunnan eru landamerki í svonefndri Helgastaðamýri, úr vorðu, sem stendur á bakka kvíslar þeirrar, sem rennur austan við áðurnefndan Helgastaðahólma í aðra vörðu, er stendur þar sunnar og ofar í mýrinni neðan við áðurnefndan hól, og þaðan eptir merkjum í vörðu syðst og efst við Ytri-Stekkjarhól. Þar fyrir ofan eru landamerki milli Helgastaða og Kálfagerðis úr vörðu, er stendur yzt á svonefndum Syðri-Stekkjarhól beint í gróf, sem lækur rennur í, sem ræður landamerkjum upp undir Helgastaðatún, og þaðan beint upp ~~undir~~ ríman í kollóttan grjóthól, sem varða er hlaðin á, fyrir sunnan og ofan Helgastaðatún. –

Beitiland er óskipt í fjallinu milli jarðanna Helgastaða, Kálfagerðis, Möðruvalla, Fjósakots og Skriðu. Fyrir Helgastaðalandi byrjar það miðja vega milli Helgastaðatúns og hins áðurnefnda Grjótarhóls.

Einnig hefir Helgastaðabóndi haft frírekstur fyrir geldpening sinn á Möðruvallaafrijet borgunarlaust.

Saurbæ 20 maí 1886

Árni Jónsson

Eigandi og umboðsmaður Helgastaða –

Vigfús Gíslason

í umboði Marselíu Kristjánsdóttur

eiganda Möðruvalla og Guðrúnarstaða. .

Landamerki Bjarkar í Saurbæarhreppi í Eyjafjarðarsýslu.

Að sunnan eru landamerki milli Bjarkar og Finnastaða í stein sunnarlega á svonefndum Markhól, skamt fyrir sunnan og neðan Björk, og frá honum beint strik ofaní jarðfastan stein niðurundir Núpárgili og frá honum beint strik ofan í jarðfastan stein niðurundir Núpárgili, og frá steininum á Markhólnum beint strik í vörðu uppá svo nefndum Höfða á neðstu brúninni þar uppundan, sem mindast af tveimur giljum, og eptir þessum merkjum beint strik uppá fjall. – Að vestan er Núpárgilið landamerki. .

Að norðan eru landamerkin milli Bjarkar og Stekkjarflata norðantil í svokolluðu Sogni, neðan frá Núpárgili í svo nefnda Flórkeldu, og þaðan beint strik uppá fjall. .

Að austan eru landamerkin eptir miðju fjallinu. –

Möðruvöllum 30 dag Júní mán. 1885

Marselia Kristjánsdóttir

eigandi Bjarkar.

Vigfús Gíslason

í umboði Sjera Jóns Austmanns eiganada Finnastaða

Þorsteinn Thorlacius

Jón Jóhannesson

eigendur og umráðamenn Stekkjarflata



Landamerki Ytri-Villingadals í Saurbæarhreppi.

Að sunnan milli Syðri- og Ytri-Villingardals er bein stefna tekin rjett sunnan við Grámannaklett, þjett við hann, beint uppí stóra þúfu undir melborði því, sem gamall merkjagarður sjést liggja framá ofanúr fjalli, og síðan eptir garðinum úteptir, eptir því sem tjeður garður heldur, utanvert í Titlingsgil (sjá sáttanefndarbók Saurbæarprestakalls 17. júlí 1813.

Að utan: Úr Rauðakletti í Sjónarhól og þaðan utanvið Timburdal á Laugadalshöfða í mitt Kringluvatn og þaðan í Efri-Hruna. –

Að vestan ræður fjallið. –

Akureyri 29. maí 1885

Stephán Stephensen

þ. Thorlacius

vegna eiganda Syðri-Villingadals

Bjarni Pálsson

eigandi 1/3 partur jörðunni Leyningi

Páll Steinsson

Frímann Jóhannesson. –

Landamerki Stekkjarflata í Eyjafirði. –

Að sunnan milli Stekkjarflata og Bjarkar norðan til í svokölluðu „Logni“ neðan frá Núpárgili í Flórkeldu og þaðan beint upp til fjalls. – Að norðan milli Stekkjarflata og Skriðu, neðan frá ^{Núpar á,} í einum stein, er stendur framan í halli, þaðan beint uppí Merki slág, sem slegin er sitt ár frá hverjum áður nefndra bæja, þá beint uppí Balargrófarkjapt, sunnan og ofan við Moldhól, og þaðan beint upp til fjalls.

Oxnafeili 26 maí 1885

þ. Thorlacius

eigandi umboðsmaðr Stekkjarflatna.

Marzelia Kristjánsdóttir

eigandi Bjarkar

Árni Jónsson eigandi Skriðu.



Landamerki Kolgrímastaða í Saurbæarhreppi.

Landamerki jarðarinnar Kolgrímastaða í Saurbæarhreppi í Eyjafjarðarsýslu eru að sunnan verðu stór steinn, sem stendur á svokallaðri Stóruskriðu, frá honum liggja merkin uppí Ytra-stóruskriðugil, sem kallað er, og uppá vörðu sem stendur uppá Þorgerðarhjallabrún, frá merkjavörðu þessari beina línu til fjallsbrúnar, að vestan ræður hækta fjallbrúnin, að norðan eru merki svo kallað Hellnagil, sem liggur upp og ofan, til fjalls og ofan að Eyjafjarðará, að austan ræður Eyjafjarðará. –

Nesi 12 maí 1886

Sigurbjörg Jóhannesdóttir
eigandi Kolgrímastaða.

Daniel Danielsson
eigendur Skáldstaða

Sigurður Sigurðsson

Lilja Jónsdóttir
eigandi Gullbrekku.



Landamerki á jörðunni Jökli

Að sunnan í svokallað Halldórstaðagil og sem það vísar, til fjalls; að utan er varða á árbakka og beina stefnu til fjallsbrúnar, eða í svokallaðan Gróklett, sem er hjerum bil í stefnu. –

28 júlí 1883 Sigfus Sigfússon á Jökli

Páll Sveinsson á Vatnsenda

Helga Jóhannesdóttir
Arnarstöðum

Páll Steinsson á Tjörnum
Eigendur jarðanna á báðar hliðar

Jónas Jónsson samþykkur

Landamerkjalýsing jarðarinnar Brekku í Kaupangssveit.

1. Að sunnan: Fiskilækur í fjalli er alla leið er óslitinn ofan af fjalli og niður að fjallsrótum, eður að fossi þeim, er í læknum er niðrurindir flatanum, þaðan og ofan fyrir sunnan Brekkubæ eru að sjá fleiri farvegir, svo þó viljum við á því svæði telja merkin vera á þeirri leið beint frá umtöluðum fossi, eptir lækjarfaveg, sem liggur ofan utan við Brekkukvíar og beint í lækinn aptur sunnan og neðan við Brekkubæ, síðan eptir læknum sjálfum ofan að Grafarmerkjum, sem eru við vörðu rjett utanvert við lækinn; þaðan liggja þau til norðurs eptir gömlum vörðum og allt útað þorustaða merkjavörðu, þaðan til fjalls, og er fyrsta, eður næsta merki á þeirri leið gamall kúgarður, síðan eptir vörðum í Brekkuholt, þá til norðurs eptir vörðum að vörðu, sem er sunnan og ofan við þorustaðastekk, og þaðan aptur stefnu til fjalls – eður nfl – meðfram vörðum og í svokallaða Kúaklöpp og í þeirri stefnu af uppá fjall. -

Ongulstöðum 21. maí 1883

Guðrún Sigurðardóttir

Páll Pálsson

Sem umráðamaður þorustaða er jeg þessari merkjalýsing samþykkur

Einar Ásmundsson. –

Samþykkur vegna Svertingstaða

Jón Sigfusson. –



Landamerkjalyásing Ongulstaða í Ongulstaðahreppi.

Að norðan úr heygarði, sem er niður undir Eyjafjarðará, og heldur sunnanvert við svonefnda Króká, sem er vestan við ána. –

Frá heygarði þeim liggja merkin beint uppí Tinklöpp, þaðan í sömu stefnu í stóran stein, sem er í mel austur undir þveránni, og austanvið fjárskilarjétt hreppsins, og sem liggur utanvert við Ongulstaðahóla. – Að austan ræður þveráin merkjum en að vestan Eyjafjarðará. –

Að sunnan eru merki, að neðan frá Syðra-neshorni og beint upp mýrina, eptir garðstúfum, sem nú eru á þrem stöðum í mýrinni, með nokkru millibili; þaðan í sömu stefnu í Klöpp á millum bæjanna Bjarkar og Ongulstaða, en þar sem þar eru tvær klappir nálægt hver annari, þá er það sú norðan, þaðan liggja merkin en í sömu stefnu upp í norðurenda Stóruborgar, þá þaðan og fram og austur í Staðarvörðu, síðan beint niður að Smáhól, sem stendur niður við þverána. –

Akureyri 16 apríl m. 1885

F. Sigfússon

M. Benidiktsson

Samþykkir vegna Bjarkar

Guðrún Sigurðardóttir.

Samþykkur vegna Helgársels

Stephán Stephensen.

Samkvæmt kaupbrjef um fyrir Kristness í Hranfagilshreppi frá 1461 og 1473 á nefnt Kristnes torfskurð í Ongulstaðalandi svo mikið sem jörðin þarfnast, og torfstæðu á hólnum ofan frá Ongulstöðum. –

Stephán Stephensen. –

Ofanefnt torfristu – ítak getum við ekki kannast við eða samþykkt, enda vita menn ekki til, að það hafi nokkurn tíma verið notað eða brúkað. –

F. Sigfusson

M Benidiktsson.



Landamerki Svertingstaða í Ongulstaðahreppi. –

Að norðan ræður Fiskilækjargil frá fjallsbrún ofan að fossi neðst í því ^{þaðan ofan gamlan lækjarfarveg} sem liggur ofan fyrir utan svo nefndar Brekku kvíar og aptur í Fiskilækinn, sunnan og neðan við Brekkubæ, og svo eptir læknum ofan að Grafarlandi. –

Að vestan þar sem Grafarland tekur við, eptir gömlum vörðum, beina stefnu í ný hlaðna grjótvörðu, er stendur suður og vestur frá Svertingstaðabæ; þaðan eptir nýum vörðum í vörðu er stendur á svokölluðum Merkigarði, er vísar til fjalls, utan og ofan við Skálpagerðisbæ. –

Að sunnan úr áður nefndri vörðu á tilgreindum Merkigarði, beint uppí garðsbrot sunnan í Langhöfða og þaðan beint í ^{djúpt gil næst fyrir sunnan Illagil} í ~~Merkjastein, sem kallað er, og stendur utan og neðan við Skálpagerðis beitarhús, og þaðan beint á fjall upp.~~ –

Að austan ræður mitt fjallið.

Espihóli 12 dag mai mán. 1886

Jón Sigfússon

Samþykkir fyrir hálfu Brekku

Páll Pálsson

Samþykkir vegna hálftrar Brekku

Guðrún Sigurðardóttir

Samþykkur vegna Grafar og Skálpagerðis

Stephán Stephensen



Landamerkjaskrá Kaupangs.

Að norðan ræður Kúalækur, er fellur í myrina utan við Festarklett, síðan eiga Krókstaðir þar spildu vestur frá, er nær 10 (tíu) faðma í suður frá honum, þaðan ræður rjett sjónhending til vestur í mitt gil það hinumegin Eyjafjarðarár, er næst liggur Hvammsholti, niður við Fríðukýl, er að skilur lönd jarðanna Leifstaða og Eyrarlands, en fyrir neðan kýl þenna ræður bein stefna úr miðjum Festarkletti til vesturs í gil það, er næst liggur fyrir norðan áðurnefnt gil, fram að Eyjafjarðará; frá Kúalæk og suður að Býldsá ræður garður, er liggur fyrir neðan tún jarðanna Krókstaða og Fífilgerðis, þaðan ræður áin merkjum allt upp undir Snös hún er þar við gilið, er fjallsbrúnin ber við lopt af Krókstaðahlaði, síðan eru merkin til norðurs frá Snös í Vörðu, sem er beint upp af áðurnefndum Kúalæk, og svo á fjall austur rjettsýnis sem vötnum hallar, þaðan og fram eptir fjallinu allt gagnvart garði þeim, er liggur á millum þórustaða og Kaupangs, síðan ræður garður þessi landeign Kaupangs ofan í milli tjeðra jarða, þá rjettsýnis úr garðinum ofan í kýl þann, er Mórúkýll heitir, þaðan og fram í þverárkvísl, að sunnan eptir vörðum í vörðu á Eyjafjarðarárbakka 100 (hundrað) jörðunni fyrir norðan mynnið á Bræðrakýli, að vestan Eyjafjarðará öll gagnvart merkjum þeim að norðan, er áður eru talin. Austan við Staðarey er Kaupangs hólmi, sem er eign jarðarinnar.

Kaupangi 20. marz 1883.

Vilhjalmur Bjarnason. –

Samþykkur fyrir landsjóðsjarðirnar Gröf og Skálpagerði og jörðina Fífilgerði, sem er eign dánarbús Th. Danielssonar. .

Stephán Stephensen. –

Staðfest að því leyti á hrærir Leifstaði og Krókstaði og þórustaði af umráðamönnum þessara jarða með undirskrift þeirra á samhljóða merkjalýsingu vottar

p. t. Ongulstöðum 24. maí 1886

J Thorarensen.



Landamerki Stora-Hamars og Há-Hamars í Ongulstaðahreppi. –

1. Að sunnan úr Eyjafjarðará í Merkismel – Sandhól – er liggur milli Bringu og Stóra-Hamars og þaðan í rjett austur á Háls upp, svo langt sem sjest á túnið á Grund, og þaðan rjettsýnis suður á Oxnafellið. –
- 2 að utan vestast miðjavega úr Bríkarmýri við Klappirnar, úr heigarði – er svo kallast – og þaðan beint ofaní syðri enda á holti því, sem er utan Ytra-Stekkjjarvík, og þaðan beint ofanað Stórhamarstjörn sunnan verðri, sem nær útað kappri bugðu – hvar varða stendur við tjörnina, að öðruleyti er óskipt land milli Stóra-Hamars og Litla-Hamars, Rifkellsstaða og Kambs. –
3. Að vestan úr vörðunni við krókinn í Stora-Hamarstjörn beina stefnu á Grundarkirkju eptir vörðum, þaðan ræður Eyjafjarðará til suðurs vestan við Stór-Hamarshólma suður að Bringuhólma. –
4. Að austan ræður Mjaðmá til upptaka hennar.
5. Undir Há-Hamar liggur tangi, er liggur suð vestur úr Klausturnesinu, sem takmarkast að austan af laut eða lægð. –

Akureyri 20 mai 1886

Stephán Stephensen.

Samþykkur vegna Bringu

J Jonsson

Samþykkur vegna Rutstaða og Sámstaða

A. Stefánsson

í umboði eigandans

Jóhann Jónasson

ábúandi

Jarðirnar Múkaþverá, Litli-Hamar og Kambar eru einsog Stóri-Hamar og Há-Hamar eign landsjóðs

Stephán Stephensen

Samþykkur vegna Grundar

M. Sigurðsson. –



Landamerki Hamra í Hrafnagilshreppi. –

Að sunnan ur fjallinu og í Krossklett, og þaðan utanvið Imbuhól og síðan í holtið fyrir ofan Kjarna (merkin í stein í Holtinu).

Að norðan úr vörðu í mýrinni fyrir vestan í krossholt og þaðan beint uppí stein stóran syðst og vestast í svo kallaðri Stóruborg, og þaðan í stein á sunnanverðri Skjólborg, og svo í garðmót á Hamragerði, og þaðan beint uppí Yzta hnjúkinn á fjallinu fyrir ofan bæinn kallaður Haus.

Að neðan úr holtinu fyrir ofan Kjarna og úti vörðu í mýrinni fyrir utan Krossholt

Að vestan: ur Yzta hnjúknum ræður hamra brúnin beint suður á moti við Steinmenn.

Akureyri 20. apríl 1886

Stephán Stephensen.

Samþykktur vegna Kristness

Stephán Stephensen.

Þessi landamerki samþykkir hvað snertir jörðina Kjarna

Þorgrímur Johnsen.

Í umboði prófasts D. Halldórssonar samþykkir framanskráð landamerki hvað land jarðarinnar Naust snertir.

J. Halldorsson.



Landamerki Jarðarinnar Kjarna í Hrafnagilshreppi innan Eyjafjarðarsýslu. –

Að utan ræður merkjum frá Eyjafjarðará lækjarseyra, er fellur ofan Yztagil, og bein stefna eptir lág fyrir ofan það í norðurenda garðlags, er liggur ofanvið nefndan gilsbotn frá norðri til suðurs saman að svokölluðu Leyti, þaðan bein stefna eptir tveimur vörðum í klofinn stein á holtinu fyrir utan of ofan Krossholt (Syðriborg). Að ofan og vestan ræður merkjum bein stefna úr vörðu, er stendur í mýrinni fyrir utan Krossholt, í merkjastein, er stendur á holtinu fyrir ofan Kjarna, þaðan stefna í miðjan Krossklett, og svo upp á mótsvið og utan við Ytri-Stórhæð svo bein stefna frá Ytri-Stórhæð til Syðri-stórhæðar. Að sunnan ræður merkjum bein stefna frá Syðri-Stórhæð sunnanverðri í stein, sem er neðan við Laugaklett, þaðan stefna í lautarbolla þann, sem er austani Hvammsholti, svo bein stefna í efri enda skurðs þess, er liggur frá Eyjafjarðará gegnum þveran flæðarbakkan og stefnir í tjeðan lautarbolla, ræður síðan nýnefndur skurður merkjum austur í Eyjafjarðará. Að austan ræður merkjum Eyjafjarðará. –

Einnig tilheyra jörðinni Kjarna hólmar í Eyjafjarðarár kvíslum, sem nú eru nefndir Stekkjarhólmi, Skeiðholmi, Kollhólmi, Steinagerðishólmi, Lynghólmi, Langhólmi og Stórhólmi (öðru nafni Drekaholmi), aðskillst hann frá Eyrarlandshólma, Hamrakotshólma og Borðshólma með merkjadragi því, er liggur milli hans og þeirra allt út á Leiru. –

Akureyri 30 dag apríl mán. ár 1886
Þorgrímur Johnsen
hjeraðslæknir og umráðandi jarðarinnar Kjarna. –

Samþykkur vegna landsjóðsjarðarinnar Hamra og legatsjarðarinnar Hvamms og Kristness
Stephán Stephensen. –

Hvað landamerki Nausta snertir er jeg framanskráðum landamerkjum samþykkur.

Joh. Halldórsson
Í umboði eiganda Nausta profasts D. Halldorssonar. –

Landamerki Jarðarinnar Neðri-Vindheima í Glæsibæarhreppi. –

Til móts við Rauðalækjarland að sunnan ræður að neðan lág sunnan við Fitjarholtið beint í Hörgá, og úr henni bein stefna eptir vörðum uppí Merkjalág syðst við Stórholtið uppi yztu klappartána á Rauðalækjarklöppum og svo aptur úr þessari Klappartá bein lína til norðurs yfir móana úta Gýpugil neðanvert við fossbrúnina suður og upp undan bænum á Neðri-Vindheimum, þar sem merki á túninu milli bæanna eru. Að ofan við línu eða stefnu þessa að sunnan er Efri Vindheimaengi. Að sunnan til fjallsins á móts við Brita ræður lítið klapparbrott, sem er sunnan við klappirnar á Neðstahjalla ofan við Efri-Vindheima mýrina, og úr þessu klapparbrotti, sem nokkrir steinar eru reistir á bein stefna í klöpp utan við Britaskurð, og þaðan sunnanvert við Sjónarhól og beint á fjall upp. Að norðan ræður Fossá motts við Fossá Ásland frá Hörgá á fjall upp. Að vestan eldri farvegur Hörgár þar áin rennur nú mikið austar en hún rann fyrir nokkrum árum. – Þess ber að geta, að frá neðri svo kallaðri Kvíaklopp útundan vallarmerkjum á Vindheimum er óskipt land til fjallsins milli jarðanna

Lönguhlíð 28 júlí 1884.

I umboði eigandans og sjálfs sins vegna

J. S. Thórarensen

Sem eigandi jarðanna Brita og Efri-Rauðalækar samþykki jeg ofanskrifuð landamerki.

Jón Bergsson

(handsalað)

Sem eigandi Efri-Vindheima samþykki eg ofansrifuð landamerki

Jón H. Jóhannesson.



Landamerki Trjestaða

Að utan ræður til móts við Hlaðnir Trjestaðalækurinn neðan frá reiðgötum og upp þangað, sem bugur verður á honum utanvið túnið á Trjestöðum. Úr lækjarkróknum. niður forn merkjagarður suður og upp í Messuklauf og þaðan alla leið fram á Storhæð. – Eptir það ræður á móts við Glæsibæ sami garður suður yfir mýrarsund það, sem er sunnan við hæðina, allt að beinni línu austan frá Söðulhólum vestur í þórustaða klöpp, og ræður lína þessi að sunnan til móts við Moldhauga – –

Út frá þórustaða klöpp ræður þórustaðalækur merkjum móti Djúpárbakka allt að Gilshol, en frá Gilshól bein stefna í stóran stein sunnanvert á svo kölluðum Rollhól, þaðan í Vaðstein á Vaðhól og síðan sjónhending í garðs horn suður og niður frá Trjestöðum, allt að reiðgötum en þær ráða úr því út að Trjestaðalæk. Litill holmi, sem þar er fyrir neðan, og kallaður er Trjestaðahólmi fylgir Trjestöðum.

Nesi 5. dag mai mánaðar 1884

Einar Ásmundsson.

Samþykkur að hálfu Glæsibæar

Davið Guðmundsson

Sömmuleiðis að hálfu Moldhauga

St. Jónsson

Að Hlöðum og Djúpárbakka er landsjóðurinn eigandi einsog að Trjestöðum.

Einar Ásmundsson.



Garðshornsland.

Millum Garðshorns og Bæisár ræður merkjum bein stefna úr merkjavörðu fyrir neðan Garðshornshól og uppí svörtu steina; eru það tveir stórir steinar á rauðleitum melhól og auðkennilegum. Úr svörtusteinum rjettsýnis uppí utanvert lágskarðið á Húsárskarði. Að neðan millum Garðshorns og Hamars ræður landamerkjum sjónhending rjett úr tjeðri merkjavörðu úti holu þá í Mólæk, þar er hann skjagar lengst suður og fer að beyjast upp á við. – Frá holu þessari ræður lækurinn merkjum út að Kílalæk og Kílalækur síðan úteptir flóanum þartil allmikill bugr kemur á lækinn ofan á við. Ráða þá vörður þaðan frá útá merki millum Garðshorns og Rauðalækjarlands að utan. En þessi merki millum Garðshorn og Rauðalækjar er skurður, grafinn í flóanum samkvæmt sáttgjörð 12. júní 1840 uppí ós Hvítalækjar, er fellur saman við Garðshornslækinn. Síðan ræður Hvíthólslækur landamerkjum uppeptir að steini þeim hinum stóra, er stendur á syðra barmi lækjarins skammt fyrir ofan holtið fyrir sunnan lækinn suður og upp af Hvíthól. Úr steini þessum ræður sjónhending til fjalls utanvert í Bláklett. Fjallseggjar ráða að ofan. –

Bægisá 23/5 85.

Arnljótr Olafsson

Sem umboðsmaðr Hamars og Rauðalækjar er jeg þessari merkaskrá samþykkur. –

Einar Ásmundsson

Fyrir hönd prestsetursins Bægisár samþykkir þessa merkjaskrá

Davíð Guðmundsson. –

prófastr.



Bægisárland

Að framan ræður merkjum áin Bægisá framan úr Jökli á Bægisárdal og allt ofani Oxnadalsá. Frá ármótunum ræður Oxnadalsá þartil hún rennur í Hörgá, síðan Hörgá þartil Hamarsland tekur við. Að utan deilir landi millum Bægisár og Hamars torfvarða með þrem steinum í botni, er stendur á mýrinni skamt fyrir neðan Garðshornshól, og bein stefna úr vörðu þessari ofaní Grástein, það er jarðfastur steinn, er stendur á holti á flóabrúninni suður frá Hamri, og þaðan hin sama stefna niður í Hörgá. Milli Bægisár og Garðshornshóls er lands fyrir ofan Hamarsland ræður merkjum hin sama stefna, sem áður segir, frá Merkjavörðunni í Grástein, úr tjeðri Merkjavörðu uppí Svörtusteina. eru það tveir steinar stórir á rauðleitum melhól og auðkennilegum. Ur Svörtusteinum rjett sýnis uppí utanvert lágskarðið á Húsárskarði. þaðan ráða hæztu fjallseggjar að ofan fram í Jökul í Bægisárdal.

Itök staðarins eru þessi

„Tveggja hrossabeit á vetrum í Staðartunguland.“

„Afrjettir í Oxnadal frá Folaldareit og að Grjótvörðum“. En fyrir því að menn hafa nú eigi lengi vitað, hvar ítak þetta liggur, hefur staðarpresturinn haft í notum þess, og það nú lengur enn um hundrað ár, mótmælalaust frían upprekstur fyrir allan geldpening sinn í Bakkaland á Oxnadalsheiði: –

Bægisá 23/5 85.

Arnljotur Ólafsson

Sem umboðsmaður Hamars er jeg þessari merkjaskrá samþykkur

Einar Ásmundsson. –

Landamerki Hamars.

Að sunnan ræður til móts við Ytri-Bægisá torfvarða, er stendur í mýrinni skamt fyrir neðan Garðshornshól, og bein stefna úr vörðu þessari í Grástein, en þaðan saman stefna niður í Hörgá. Að vestan ræður Hörgá, en að utan til móts við Neðra-Rauðalæk bein lína eptir merkjavörðum upp frá ánni allt að landamerkjum Rauðalækjar og Garðshorns. – Að austan eður ofan til móts við Garðshorn ráða yzt merkjam vörður suður eptir, þá Kílalækur á nokkrum vegi og svo Mólækur að holu þeirri, sem í honum er, þar sem hann skagar lengst suður. En frá holu þessari sjónhending suður að merkjavörðu þeirri er fyrr er nefnd við Bægisárland. –

Nesi 15. dag marz mánaðar 1885

Einar Ásmundsson.

Landamerkjum þessum enn eg samþykkur, sem eigandi Garðshorns og prestur að Bægisá. –

Bægisá 30. marz 1886.

Arnjótr Ólafsson

Að Neðra-Rauðalæk er landsjóðurinn eigandi einsog að Hamri.

Einar Ásmundsson. –



Landamerki jarðarinnar Efri-Vindheima í Glæsibæarhr.

Til móts við Brita að sunnan ræður að neðan varða, er stendur á mýrinni suður undan Efri-Vindheimum, og úr þessari vörðu bein lína í lítið klapparbrott, sem er sunnan við klappirnar á neðsta hjalla ofanvið Efri-Vindheimamýrina, og úr þessu klapparbrotti, sem nokkrir steinar eru reistir á, bein stefna í klöpp utanvið Britaskarð, og þaðan sunnanvert við Sjónarhól og beint á fjall upp. Og svo aptur úr áðurnefndri vörðu bein lína eður stefna til suðurs yfir móana, þar til að næst bein lína til vesturs í Yztu klappartána á Rauðalækarklöppum; að ofan við línu eða stefnu þessa að norðan, er Brita eingi, að sunnan við línu þessa að austan er Rauðalækjarengi, og svo aptur úr þessari Klappartá bein lína til norðurs yfir móana út á Gýpugil neðanvert við fossbrúnina, suður og upp undan bænum á Neðri-Vindheimum, þar sem merki á túni milli bæjanna eru, að neðan við línu eða stefnu þessa að sunnan, er Neðri-Vindheima engi. Að norðan móts við óskipt land milli jarðanna ræður bæjarlækur beggja bæanna að neðan frá Vallarmerkjum upp að neðsta hjalla, þaðan til suðurs beina sjóhending í fyrrgreint klapparbrott. Til móts við Ásland að norðan ræður Fossá frá neðri svokallaðri Kvíaklöpp á fjall upp. þess ber að geta, að frá neðri, svo kallaðri Kvíaklöpp útundan vallarmerkjum milli Vindheimanna er óskipt land til fjallsins milli jarðanna. –

Rauðalæk efri 12 maí 1886

J. H. Jóhannesson. –

I umboði eigandans og sjálfs mín vegna samþykki eg ofan skrifuð landamerki vegna Neðri-Vindheima

J. S. Thorarensen

Sem eigandi jarðanna Rauðalækjar, Brita og Ass samþykki eg ofanskrifuð landamerki

Jón Bergsson

(handsalað)

Landamerki Glæsibæar. –

Að norðan ræður merkjum til móts við Dagvarðareyri garður neðan frá sjó upp utanvið „Einstökuborg“ og beint uppí syðsta og efsta Grafarhól, og þaðan eptir sama garðs bein lína uppá Háls í vörðu á svo nefndum Langamel. –

Að vestan til móts við Hlaða og Trjestaða lönd ræður bein stefna suður eptir hæzta Moldhaugahálsröðlinum suður í svo kallaða Stórhæð, og þaðan suður eptir mýrarsundum suður af Stórhæð, þar til saman kemur við suður merkjalínuna. –

Að sunnan til móts við Skjaldarvíkur og Moldhaugalönd ræður bein stefna frá sjó sunnanvert við „Moldhaugabás“ vestur eptir Hagaholti á Skiptagerði og þaðan uppí Söðulhóla fyrir utan Moldhauga, þaðan beint vestur og upp í garð, er liggur yfir mýrarsundið, suður af Stórhæð, svo sem stefna vísar, er tekin sje austan úr Söðulhólum vestur í þórustaðaklöpp. – Milli þeirra merkja, sem talin eru að norðan og sunnan ræður sjórinn merkjum að austan verðu. –

Hofi í Hörgárdal 4. maí 1885

Davíð Guðmundsson

Sem umboðsmaður klausturjarðanna Hlaða og Trjestaða, er jeg landamerkjaskrá þessari samþykkur.

Einar Ásmundsson

Sem umboðsmaður Moldhauga er jeg landamerkjaskrá þessari samþykkur

St. Jónsson

Sem eigandi Skjaldarvíkur ytri, er eg landamerkjaskrá þessari samþykkur

Jón Bergsson

(handsalað)

Sem eigandi Dagvarðareyrar er eg landamerkum þessum samþykkur

Oddur Jónsson.

Landamerki Jarðarinnar Bakka í Yxnadal

Að sunnan í vörðu, sem stendur niður við Yxnadalsá, suður og yfir af svokallaðri Lögrjettuklöpp; þaðan í vörðu upp í mýrinni fyrir ofan holtið, svo í lækjargrafning neðst í þjófalág, svo í vörðu uppá halsbrún, og þaðan beina stefnu í vestari brún hálsins.

Að vestan ræður vestari hálsbrúnin.

Að utan í vörðu utanvert við svokallan þverkýl úta Yxnadalsárbökkum; þaðan í lækjarsitru framaní halli ofanvið bakkana, svo í vörðu uppí hlýðinni, og þaðan beint á háls upp. –

Að austan ræður Yxnadalsá landamerkjum.

Jörðin á fríðan upprekstur fyrir fje á Yxnadals heiði austan við Grjótá. –

Bakka í Yxnadal þ. 20 mai 1886

St. Jónsson

J. Jónasson. –

Ofanskriðuðum landamerkjum er jeg sem rjettur eigandi jarðanna Auðna og Hraunshöfða fullkomlega samþykkur. –

Auðnum þann 20 mai 1886

Jón Bergsson

(handsalað.)



Landamerki Jarðarinnar Hraunshöfða í Skriðuhrepp

Að norðan ræður gamall garður merkjum, sem er rjett utan við Hraunshöfða höfðan, í vörðu á bökkunum norður við Yxnadalsá, og beina stefnu á fjall upp. –

Að sunnan eru merkin í vörðu á bökkunum ofan við svo kallaðan þverkýl, þaðan í lækarseyru framaní halli rjett ofanvið bakkana, þá bein stefna á fjall upp. að austan ræður Yxnadalsá, að vestan ræður fjalliðbrúnin

Auðnum 7. dag mai m. 1886

Jón Bergsson

(handsalað).

Sem eigendur jarðarinnar Bakka og Skjaldastaða erum vjér framanskriðuðum landamerkjum samþykkir

St. Jónsson

Jón Jónasson. –



Merkjalýsing á Hallfríðarstaðakoti. –

Að sunnan á móts við Hallfríðarstaðakoti skilur lækjarfarvegur túnið, en fyrir ofan tún eru merkin í stóran stein í Kvíholtinu upp undir túnmerkjunum. Þá upp miðjan Bæjarrima á fjall upp. En fyrir neðan tún liggja merkin eptir gamla vallargarðinum útað Kotslæk, svo eptir farvegi þessa lækjar ofan allt Breiðasund fram til Hörgár sunnanvert í Votahvammi. – Að austan ræður Hörgá. Að utan móts við Lönguhlíð eru merki í merkjavörðu á mel ofanvið Lönguhlíðarbakka sunnarlega beint til Hörgar fram, og einnig beint í Grástein og merkjavörðu uppi á Hallastaðaholtinu og svo beint á fjall upp. – Geta skal þess, að landsspildan milli Kotslækjar að sunnan og Engjahólslækjar að utan, Lönguhlíðargatna að ofan og Hörgár að neðan, hefir hjerum bil í 50 ár verið brúkað til beitar af báðum jörðunum, en eingöngu til slægna frá Hallfríðarstöðum, en tilheyrir þó eðlilega Hallfríðarstaðakoti.

Auðnum 12. mai 1886

Jón Bergsson –

Hinsvegar ritaða merkjalýsingu samþykki jeg vegna Lönguhlíðar.

J. S. Thorarinsson.

Sem eigandi hálfra Hallfríðarstaða samþykkir

Jón Bergsson

(handsalað)

Hinsvegar ritaða merkjalýsingu samþykki jeg að því undanteknu, að jeg mótmæli að öllu leiti því, að Hallfríðarstaðakoti sje áskilin beit nema að Sundhól. –

Akureyri 22 mai 1886

Páll Erlindsson. .

Landamerkjaskrá Framlands. –

Að utan til móts við Nýabæ ræður djúpt Skriðugil, sem kemur ofan af svo kallaðri Bröttuskeið, spölkorn fyrir utan Landsskál, og nær það gil ofaní Grundar höfuð, og svo liggja merkin úr gilinu að neðan beina línu ofaní Hörgá. – Grjótá ræður merkjum að framan frá upptökum þar til hún fellur í Hörgá. – Hörgá ræður að vestan og fjallsegginn að ofan. – Þess skal getið, að Grjótárdalur fyrir framan Illagil tilheyrir báðum jörðunum Framlandi og Nýabæ. –

Flöguseli 28 maí 1885

J. Gunnlögsson

Eigandi Framlands. –

Samþykkur sem umboðsmaður Mörðuvallaklausturs

Einar Ásmundsson –

Sem eigandi Nýabæar er eg þessum merkjum samþykkur

G. Guðmundsson. –



Landamerkjabrjef fyrir Brakanda. –

Landamerki jarðarinnar Brakanda í Skriðuhrepp liggja þannig: Að sunnan, úr syðsta Kálfahjallagili í miðjan Bláhól og þaðan bein sýn í Hörgá niður. Að utan ræður vatnsveitingarður er liggur uppá milli Bláteigs og Brakanda eingis, og svo bein sýn úr honum í læk þann, er rennur heim að Bláteig, þar sem beyjst heim þangað, og síðan fylgja merkin aðurnefndum læk það sem slæjur ná til fjalls. Bithagi er óskiptur milli Auðbrekkutorfu og Brakanda, að ofan og neðan, og er því brukaður eptir samkomulagi, eða í sameiningu. –

Einnig á Brakandi frían upprekstur á þorvaldsdal fyrir allar þær skepnur, er ábúanda tilheyra, ennfremur grasa tækja á sama dal.

Skútum 9. mai 1886

Margrjet Halldórsdóttir

Samþykk vegna Auðbrekku

Sigríður Jónsdóttir

Samþykkur vegna Fornhaga

Páll Jóhannesson.



Landamerki Grundar í Þorvaldsdal

Að neðan eður austan takmarkar Þorvaldsdalsá landeign jarðarinnar. Að sunnan ræður landamerkjum til móts við Kúgil neðan frá Þorvaldsdalsá og á fjall upp merkilækur sem er næsti lækur fyrir utan Kúgil. –

Að utan til móts við Kleif ræður melhryggur upp frá Klifi, kallaðr Syðstihryggur eða Rípill og þaðan beina línu á fjall upp. –

Nesi í Höfðahverfi 5 desbr 1883

Einar Asmundsson.

Sem jarðareigandi Kúgils samþykkir

Eggert Stefánsson.

Að Kleif er landssjóðurinn eigandi einsog að Grund.

Einar Ásmundsson

Landamerki jarðarinnar Fagraskógs í Arnarneshrepp.

Að norðan er varða utarlega í svonefndu „Törnesi“, úr þeirri vörðu uppi lækjargil og úr því gili liggur lækur uppi fjall og þaðan á fjall upp, sem að skilur Fagraskógsland og Hyllna að norðan, að sunnan aðskilur Fagraskógs og Kambhólaland forn garður, sem liggur niður á sjáfarbakka og beina stefnu eptir honum á fjall upp. – Að austan ræður sjórin. .

Oddeyri 16 mai 1884.
eptir Fullmakt frá eiganda Lárusar Jóhannessonar
J. V. Havsteen.

Sem eigandi jarðarinnar Hyllna er eg samþykkur framanrituðum landamerkjum
F. Sigfússon.

Sem eigandi jarðarinnar Kambhols er eg samþykkur framanskriðuðum landamerkjum.
Fagraskógi 7. nóvbr. 1885
Magnús Baldvinsson. –

Landamerki Brekku í Svarfaðardal

Að norðan til móts við Brekkukot ræður Kaldilækur frá ósnum og á fjall upp. –
Til móts við Grund ræður að austan lína sú, er dreginn er úr vörðu þeirri, sem hlaðin er við ósinn á svo nefndri Leiru, og í vörðuna á tóttarbrotinu suður í myrunum, þaðan að sunnan bein lína í Ljótsgil, en úr því deilir Ljótsgil Grundar og Brekkulönd, alla leið á fjall upp. –

Brekku 23 maí 1886.

Sveinb. Halldórsson

Sem umboðsmaður Jarðarinnar Grund er jeg þessum landamerkjum samþykkur.

St. Jónsson.

Landamerki á Uppsum á Uppsaströnd.

Að sunnan á móts við Brimnes ræður Brimnes áin frá sjó og fram til Jökla. –

Að norðan til móts við Hól ræður merkigarður frá sjó sunnanvið syðsta naustið við Hólslendingu. Garðurinn beygist út eptir skammt fyrir ofan naustin á litlum parti, svo rjett upp eingið og fjallshlíðina. En þegar garðurinn þrýtur ræður bein lína á fjall upp. Innan þessara landamerkja eru hjáleigurnar:

- a) Lækjarbakki
- b. Miðhot
- c. Efstakot
- d. Háagerði

sem allar hafa afmarkað tún og engi, en bithaga saman við heimajörðina Staðurinn á Geldfjárupprekstur á Ólafsfjarðarmúla og hrísrif á Kallsárdal. –

Tjörn 21. maí 1886
K E. Þorarinsson. .

Hinsvegar rituð landamerki samþykki jeg, að því leyti Brimnesi viðkemur
Brimnesi 21. maí 1886
Jón Sigurðsson

Hinsvegar rituð landamerki samþykki jeg að því leyti er Hóli viðkemur
Hóli 21. maí 1886
Kristjana Jónsdóttir

Landamerki á Hóli á Upsaströnd.

Að sunnan til móts við Uppsir ræður merkjagarður sunnan við Syðsta-Naust, suður og upp úr Hóls-vör – frá sjó í fjall upp, en þegar hann þrýtur, ræður rjett lína á fjall upp. – Að norðan til móts við Karlsá ræður Karlsáin merkjum frá sjó upp og fram til jökla. –

Hóli á Upsaströnd dag 21. okt. 1885.

Kristjana G. Jónsdóttir.

Þessari landamerkja lýsing er eg samþykkur hvað Uppsir snertir

Tjörn 22 okt. 1885

K E. Þórarinsson. –

Hvað landamerki snertir hjer að sunnan samþykki jeg.

Karlsá 26. mai 1886

Gunnlögr Friðleifsson. –



Landamerkjalyýsing á prestsetrinu Tjörn í Svarfaðardal.

Að sunnan til móts við Grund ræður merkisgarður frá Svarfaðardalsá vestur bakkana að ósnum neðan við þorvarðarnes, frá garðinum ræður ósinn suður eptir mýrunum að merkjaskurði, er ræður til móts við Jarðbrú, upp frá ósnum yfir flóan í merkigarð, sem ræður upp að reiðgötum út Húsabakka norður í Kolholt beina línu uppí Skriðugil, sem ræður á fjall upp. – Að norðan til móts við Syðraholt ræður vegarbrú frá Svarfaðardalsá upp eingið, þegar hún þrýtur, ræður merkigarður á fjall upp. – Itak fylgir á Syðraholtsdal, sem er mánaðarselstaða, eða tveggja mánaða beit fyrir búpening á sumrum annað málið

Innan þessara merkja er kirkjujörðin Ingvarir, sem hefur afmarkað tún og engi, en óskipt beutiland.

Tjörn 20. maí 1886

K E. Þórarinsson.

Sem umboðsmaður jarðarinnar Grund samþykkir

St. Jónsson. –

Sem eigandi Syðra holts samþykkir

F Jónsson

(handsalað).



Landamerki Eyjafjarðarsýslujarðarinnar Ytra-Holts í Svarfaðardal. –

Að sunnan eru merki upp frá Svarfaðardalsá eptir læk, sem í hana fellur, stefnir þaðan upp rjett fyrir sunnan Ytra-Holstbæ, síðan ræður Holtsá merkjum uppá Dalsmynni, svo þaðan og fram til Jökla.

Að norðan fyrst vestur frá Dalsánni eptir þúfnagarðsmóti, sem stefnir upp undir Halldórsgerði, síðan út með brekkunum úti Kistustein, sem er utan við Hrappstaðatjörn (eður Glámutjörn), úr nefndum steini og beint uppí Sellág, þaðan rjettlínis uppí Ausugil, er ræður á fjall upp. þó eiga Hrappstaðir efstu gaungur á dalnum. –

Jörðin á búðarstæði og uppsátur á Böggverstaðasandi á móti engjaparti eða svokallaðri „Syðribreiðu“, sem er yzt á engi jarðarinnar. –

Steinstöðum 15. septbr. 1882.

St. Jonsson –

Sem eigandi Syðrahólts samþykki eg þessi landamerki

Syðraholti 24. maí 1884

Páll Jónsson

(handsalað).

Með heimild Landshöfðingjabrjefs 28. júlí 1882 samþykkjast hjermeð framanskriðu landamerki, þó skal Ytraholt eigi hafa búðarstæði og uppsátur á Böggverstaðasandi fyrr en ábúendaskipti verða á Böggverstöðum.

Skrifstofu Norður- og Austuramtsins 15 dag júlím. 1884

J. Havsteen.

Landamerki Eyjafjarðarsýslujarðarinnar Hrappstaða í Svarfaðardal. –

Að sunnan ráða merki, sem nefnd eru við næstu jörð Ytraholt frá Kisusteini á fjall upp. En aptur frá nefndum steini liggja merkin á skakk út og austur í Svarfaðardalsá. Millum Hrappstaða og Ytraholts merkja liggur stór engjartur frá dalsánni og upp að móabrekkunni, tilheyrandi Böggverstöðum. – Að norðan úr þúfnastykki á Dalsárakkanum uppi Hrappstaðatjarnarós, úr nefndum ós eptir garði sem liggur upp fyrir sunnan Boggverstaðagerðisvöll, þar tekur við annar garður, sem liggur beint suður fyrir ofan Hrappstaði, og er þar vallargarður, en sunnan við Hrappstaðatún liggur garður ^{upp} úr áðurnefndum túngarði, og stefnir sá garður á skakk út og uppí fjall. Eptir þessu, sem hjer segir, eru merkin haldin nú. – (Enn fremur norðan við nefnd merki er lítið nef, sunnan og framan við Hrappstaðatjarnaróskjapt, sem telst liggja undir þessa jörð og henni tilheyrir). Og í Svarfaðardalsá liggur eyja fyrir Skáldalækjarlandi, sem einnig tilheyrir hálf Hrappstöðum, og er það ytripartur hennar. Eyjartur þessi kvað vera kominn undir jörðina frá Skáldalæk fyrir kolaviðaríf í Hrappstaða landareign, grasatekju og lamba upprekstur á Böggustaðadal, sem þá skal hafa legið undir Hrappstaði fyrir ofan garð nokkurn, er lá eptir dalnum, og sem til skams tíma hafði sjest móta fyrir, og hafi garður þessi verið óslitinn frá skakkgarði þeim, sem fyrr er getið, en nú er þetta allt undir lok liðið. Upprekstur á jörðin nú fyrir sitt fje á Boggverstaðadal og efstu gaungur á Ytraholtsdal. –

Steinstöðum 25. septembr 1882

St. Jónsson. .

Með heimild landshöfðingjabrjefs 28 júlí 1882. samþykkjast hjermeð framanskriðu landamerki, þó með þeim nánari ákvörðunum, um landamerkin, til móts við umboðsjörðina Böggverstaði, sem hjer eru sett. Á móti Böggverstöðum ræður bein lína úr garðmóti (þúfnastykki) á Svarfaðardalsárakka, suður og upp í Hrappstaðatjarnarós, og miðar lína þessi frá garðmótinu á stóran stein í brekkunni fyrir ofan engið: þar eptir ræður Hrappstaðatjarnarósinn merkjum út og austur, þar til hann kemur í Svarfaðardalsá. En uppfrá Hrappstaðatjarnarós ræður forn garður milli Böggverstaða og Hrappstaða allt uppað gömlum garði, er liggur út og suður fyrir ofan Hrappstaðatún. Frá þessum garðmótum ræður bein lína í svokallað Teigakot, og þaðan sama horf að garði þeim, er liggur skáhallt út og upp fjallið, en hann ræður úr því uppí Flórkeldustall. Við þetta verður lögð frá Böggverstöðum til Hrappstaða þríhyrnd landspila milli garðsins fyrir ofan Hrappstaðatún, línunnar yfir Teigakot úr garðmótunum, sem síðast voru nefnd og garðsins, sem liggur skáhallt upp fjallið.

það sem ákveðið er um „lítið nef sunnan og framan við „Hrappstaðatjarnaróskjapt“, þá gengur úr merkjaskránni.

Skrifstofu Norðr- og Austuramtsins 15. júlí 1884



Landamerki þóroddstaða í þóroddstaðahreppi. –

Að norðan: Blótatópt, sem er nokkru norðar en mitt á milli bæanna Auðna og þóroddstaða; frá Blótatópt beint í vörðu, sem hlaðin er á árbakkanum við gamlan skurð, enn til fjalls, bein stefna úr Blótatópt eptir jarðfalli, sem komið hefur úr dálitlum hnúk, sem er í fjallsbrúninni. –

Að sunnan: eptir gili, sem kallað er Hróthólsgil, er liggur beint frá fjallsbrún til Fjarðará. Að austan ræður Fjarðará. Að vestan á mitt fjall. –

Espihóli 27. apríl 1885

Jón Sigfússon

Þessum landamerkjum er samþykktur

Páll Pálsson

(eigandi Auðna)

Þessum landamerkjum er samþykktur

Baldvin G. Þorvaldsson. –



Landamerki Vemundarstaða í Ólafsfirði. –

Að utan rennur á frá fjallsrótum og ofaní Ólafsfjarðará, sem að skilur merkin milli þerár og Vemundarstaða. Að sunnan móts við Bakka liggur forn merkjagarður ofan úr fjalli og ofaní Ólafsfjarðará.

Fagraskógi 10 maí 1884.

Magnús Baldvinsson

Ofangreind Landamerki samþykki eg undirskrifaður

Skapti Jónsson

Rjett eptirrit



Landamerkjalyásing á milli Ólafsfjarðar og Stíflu afrjettarlanda. –

Á Láheiði eru fjórar vörður, og ræður lína sú, er þær vísa, merkjum til fjalls báðu megin. Ennfremur undirgengst hreppsnefnd Fljótahrepps, að láta ganga austur heiðina eins hjer eptir og hingað til gjört hefir verið. –

Samið 6. septembr 1885

Björn Þorleifsson

Sigurður Halldorsson

Rognvaldur Þorleifsson

Hermann Þorsteinsson.

(hreppsnefndarmenn Holtshrepps í Skagafjarðarsl.)

Framanskriðuðum landamerkjum eru samþykkir

Páll Halldórsson

Jakob Ingimundarson

Jakob Þorkellsson

Jón Jóhannesson. .



Landamerki Hólkots í Þoroddstaða hreppi

Að norðan ræður niður við Ólafsfjarðarvatn lækur, sem kallaður er að fornu og nýju Merkjalækur, og þaðan upp miðja þrætutungu upp að Grásteini uppí fjalls öxl fyrir utan og ofan bæinn. – Að sunnan ræður lækur, sem kallaður er Syðri-Lambeyrarlækur hjerumbil beina stefnu á fjall upp. – Að austan á mitt fjall. Að vestan ræður Olafsfjarðará.

Hamri 6 maí 1886

Jón Þorvaldsson

(eigandi að Hólkoti).

Þetta samþykku

Jón Guðmundsson á Syðri-Ás

(eigandi að 1/6 af jörðunni Bustarbrekku)

Þessum landamerkjum er samþykku

Baldvin Jóhannesson á Siglunesi

(eigandi að ½ Vatnsenda).



Landamerkjalysing fyrir jörðunni Reykjum í Ólafsfirði. –

Að norðan ræður merkjum gil það, er nefnist Ytra-þrætutungugil, og liggur það beina leið að ofan frá fjallsbrún og ofan undir Sljettlendi, og þar tekin stefna úr gílinu og beint ofani móhorn eða vörðu, er stendur fram við Fjarðará, rjett utanvið áðurgreint móhorn. –

Að austan ræður merkjum fjallgarður. Að sunnan ræður merkjum á Láheiði þvergil, sem kallað er, og liggur það úr fjalli að ofan og niður að Ólafsfjarðará. Einnig fylgir jörðunni dalur, sem nefnist Reykjadalur bæði að austan og vestan. Að vestan ræður merkjum Olafsfjarðará.

Siglunesi dag 1. júlí 1886.

Jón Jónsson

Sigfús Dagsson

samþykkur

Hreppsnefndin í þorvaldstaðahrepp

samþykk – –



Landamerkjalysing fyrir jörðunni Ósbrekku í Olafsfirði í Eyjafjarðarsýslu. –

Að sunnan ræður mekrjum svo nefndur Laugalækur, sem hefur upptök sín í fjallsbrún, og rennur eptir gili því, er nefnist Fótagil, þar til það tekur enda. Rennur hann þá beina leið ofaní vatn, sunnanvert í svokallaðri Laugarlækjareyri. – Að vestan ræður merkjum fjallgarður. Að norðan ræður merkjum gil það, er nefnist Stóragil, eða lækur sá, er eptir því rennur, beina leið frá fjalli til fjöru, ofaní svonefnt Kleifarhon. Að austan liggja merki í miðjan Ós frá vatni til sjáfar. –

Asbrekku 3 Apr. 1886

þorkell Dagsson
eigendur. –

Jón þorláksson

þorlákur Einarsson

Eigandi Hornbrekku
Guðfinna Jónsdóttir

Jón Guðmundsson bóndi á Syðri-Gunnolfsá

Baldvin Jónsson á Siglunesi
(oddviti í Hvanneyrarhrepp)

Árni Stefánsson.

24. júní 1885



Lýsing á landamerkjum fyrir jörðunni Garði í Ólafsfirði. –

Að sunnan ræður Rotarnes, sem skagar fram í Ólafsfjarðarvatn, og þar upp frá liggur melhryggur, upp til fjallsróta, og þar í beinni stefnu á fjallsegginni, sem köllur er Láhyrna, er dálítill grjótvarða. Að vestan ræður á, sem kölluð er Garðsá, og rennur eptir dal þeim, sem að norðan er kallaður Skeggjabrekkudalur, en að austanverðu við ána Garðsdalur. Á þessi rennur einnig að norðan ofan á milli bæanna, og fellur þar í gili eða gljúfrum ofan til sljettrar eyrar, sem nemd er Graseyri, þar rennur hún í sveig suðurávið, en þar sem hún beygist til suðurs kemur garður, sem liggur beina stefnu til vatnsins, og skiptir svo eyrinni á milli bæanna. Að austan ræður Ólafsfjarðará. –

Björn Jörundsson á jörðina. –

Samþykkt af búendum til beggja hliða

Sigurður Ólafsson á Auðnum og Friðbjörn Ólafsson á Skeggjabrekku

J. Gunnlögsson



Landamerki Kirkjueignarinnar „Bakka“ í Þóroddstaðahreppi.

Að sunnan ræður lækur, sem hefur upptök sín við svonefnt Brúsholt, og rennur hann síðan til austurs fyrir norðan svonefndan Einbúahól og þaðan austur í Fjarðará. Frá áðurgreindu Brúsholti eru landamerki rjettlínis uppá fjallsbrún. Að norðan ræður gamall landamerkjagarður niðursiginn, sem liggur frá Fjarðará til fjalls fyrir utan svo kallað Grófarengi. – Að austan ræður Fjarðará. Að vestan ráða fjallsbrúnir

Kvíabekk 5. júní 1886

Skapti Jónsson

prestur. –

Sem eigandi Vemundarstaða er eg þessari merkjaskrá samþykkur

Magnús Baldvinsson – .



Landamerki prestsetursins Kvíabekkiar í Þoroddstaðahrepp.

Að sunnan ræður svokallaður Merkjælækur, skiptir hann heima engi milli Kvíabekkiar og þverár frá Fjarðará uppá Kvíabekkiardalsbrún, að öðru leyti ræður þverá og Húngeirsdalsá. – Að norðan ræður gil, sem kallað er Hringversgil, frá fjalli, og er því sleppir eru merkin rjettsýnis í Fjarðará.

Að austan ræður Fjarðará

Að vestan ráða fjallseggjar. –

Kvíabekk 5. júní 1886

Skapti Jónsson

prestur. –



Landamerki kirkjueignarinnar „þverár“ í sama hreppi. –

Að sunnan ræður svonefnd „þverá“, sem rennur í Fjarðará, alla leið fram á svonefndan Húngeirsdal og þar fram á sanda í miðjum dalbotninum, og heitir áin þar Húngeirsdalsá. – Að norðan ræður svokallaður Merkjælækur, skiptir hann heimaengi milli jarðanna frá Fjarðará uppá Kvíabekkjardalsbrún, en Kvíabekkjardal og Húngeirsdal er ei skipt milli jarðanna Kvíabekkjær og þverár. – Að austan ræður Fjarðará. Að vestan ráða fjallseggjar í rjettu hlutfalli við Kvíabekk -

Kvíabekk 5 júní 1886

Skapti Jónsson

prestur

Sem eigandi Vemundarstaða, er eg þessari merkjaskrá samþykkur

Magnús Baldvinsson – –



Landamerki kirkju eignarinnar Hringverskots í Þoroddstaðahreppi. –

Að norðan tungarðurinn og gamall landamerkja garður beint vestur úr honum til fjalls upp.
Að sunnan gil, sem kallað er Hringversgil, er liggur hjerum bil beint milli fjalls og Fjarðarár.
Að austan ræður Fjarðará. Að vestan á mitt fjall. –

Kvíabekk 5. júní 1886.

Skapti Jónsson
prestur.

Samþykkir

Baldvin G. Þorvaldsson.



Landamerki Skeggjabrekku í Þoroddstaðahreppi. –

Að norðan niður við Olafsfjarðarvatn ræður lækur, sem kallaður er Laugalækur og uppeptir það sem hann tekur hjerum bil beina stefnu uppi svo nefnt Fótagil og eptir því á fjall upp. –

Að sunnan ræður á, sem kölluð er Garðsá, og kemur hún framan miðjan Skeggjabrekkudal og rennur í Olafsfjarðarvatn, en fyrir sunnan og neðan Skeggjabrekku er foss í ánni, en ofan frá fossinum liggur gamall merkjagarður norðan til við ána fram að vatninu. Að vestan ræður háfjallsegg af, frammi Skeggjabrekkudalsbotn. –

Að austan ræður Olafsfjarðarvatn –

Stóradal í Eyjafirði 14. maí 1886

Árni Stefánsson

Þorkell Dagsson

samþykkur –



Landamerki Karlstaða í þoroddstaðahrepp. –

Að norðan ræður Grímsá á fjall upp. Að vestan ræður Fjarðará. Að sunnan gil, sem liggur beint frá Fjarðaránni til fjalls utan við þrætutunguna. Að austan fjallsbrún.

Espihóli 27. apríl 1885

Jón Sigfússon

Samþykkur

A. Þorleifsson

eigandi að Grund

Sem eigandi að Reykjum hálfum er samþykkur

Jón Jonsson á Siglunesi. –



Landamerkjabréf jarðarinnar Mánár í Eyjafjarðarsýslu

Að utan mots við Dalabæ ræður svokolluð Máná frá sjó og þartil hún skiptir sjer við svokallaða Stapatungu. Þaðan ræður merkjum á sú er rennur vestanvert við tunguna fram að dæld þeirri, er liggur uppundir klett þann, er Stapi heitir og liggur norðani fjalli því, er „Illviðrahnjúkur“ er kallað; ræður síðan dældin merkjum í Klettinn (Stapa); þaðan bein lína uppá Illviðurshnjúk. Að sunnan mots við Hraun ræður merkjum svokallaður „Græniforvaði“, er gengur í sjó fram neðanundir Mánarskriðum, ur honum bein stefna uppá svo kallaða Mánárhynu Dalale[i]ðarbrún; þaðan ráða fjallseggjar framá Illviðurshnjúk. –

Máná 2 október 1885.

Björn Þorvaldsson Sigríður Guðmundsdóttir
eigendur Mánár. –

Rjett landamerki gagnvart Dalabæ það vottar
Anna Bjarnadóttir. –

Rjett landamerki gagnvart Hraunum vottar það
E B. Guðmundsson –



Landamerki Jörðunni Höfn. –

Úr svo kölluðum Syðsta-Gimbrarkletti þverbeint til fjalls niður í lindarsprænu, sem kemur fram úr Yzta-Búðarhólanefi gagnvart Álalækjarmynni. – Að sunnan það sem svo kölluð Snóksá heldur niður til Siglufjarðarar. –

Joh. Jónsson
eigandi.

Þessi landamerki samþykkir
Skapti Jónsson
(prestur til Hvanneyrar.

Samþykkur fyrir eiganda Skarðdals
Sigurður Gunnlögsson. –



Landamerki prestsetursins Hvanneyrar í Hvanneyrarhreppi í Eyjafjarðarsýslu eru:

Að sunnan ræður Búðarhólanef, eða lækjarseira, sem rennur þar fram úr í sjó, fram, og frá upptökum hennar ræður bein lína uppí þann Syðsta-Gimbrarklett, sem stendur í miðri fjallshlíðinni, og þaðan rjettlínis uppá fjallsbrún. Að norðan ræður bein lína í miðjan svo nefndan Djúpavog og þaðan rjettlínis uppá fjallsbrún. – Að austan ræður sjórinn. Að vestan ráða fjallseggjar.

Hvanneyri 12. júlí 1886

Þessum landamerkjum er Skapti Jónsson prestur samþykkur

Joh. Jónsson
eigandi Hófnar

Þessi landamerki samþykkir

Jóhann Þorvaldsson
eigandi að Eingidal
(handsalað)



Landamerki Kirkjujarðarinnar „Leynings“ í Hvanneyrarhrepp í Eyjafjarðarsýslu

Að sunnan ræður Blekkilsá, er rennur í Fjarðarána (greinir Blekkisáin Leyningslandareign frá afrjett Siglufjarðar). Að norðan ræður Leyningsá, er rennur í Fjarðarána, og þaðan rjettlínis uppá fjallsbrún. – Að austan ræður Fjarðaráin. Að vestan ráða fjallseggjar

Hvanneyri 12. júlí 1886

Skapti Jónsson
Prestur

Þessi landamerki samþykkir fyrir Skarðdal og Skarðalskot

Sigurður Gunnlögsson
ábyandi Skarðdals í umboði eigandans Brands Jóhannessonar

Vegna eiganda Skarðalskots

Guðbrandur Einarsson
(handsalað)

Þessi landamerki samþykkir vegna Hvanneyrarhrepps

Baldvin Jóhannesson
oddviti



Lýsing af landamerkjum fyrir jörðunni Garði í Olafsfirði.

Að sunnan ræður Rótarnes, sem skagar fram í Olafsfjarðarvatn og þar upp frá liggur melhryggur upp til fjalls og þar á beinni stefnu á fjallsegginni, sem kölluð er Laghyrna, er dálitil grjótvarða. .
Að vestan ræður á, sem kölluð er Garðsá, og rennur eptir dal þeim, sem að norðan er kallaður Skeggjabrekkudalur, en að austanverðu við ána Garðsdalur, á þessi rennur einnig að norðan ofan á milli bæanna, og fellur þar í gil, eða gjá fram ofan til sljettrar eyrar, sem nefnd er Garðseyri, þar rennur hún í sveig suður á við, en þar sem áin beyist til suðurs kemur garður sem liggur beina stefnu til vatnsins og skiptir svo eyrinni á milli bæanna.

Að austan ræður Olafsfjarðarvatn alla leið.

Garði 24. júní 1885.

eigandi jarðarinnar Garðs

Björn Þorvaldsson

Páll Pálsson

Samþykkt af búendum til beggja hliða

Sigurður Oddson á Auðnum

Friðbjörn á Skeggjabrekku

J. Gunnlogsson.

Þinglesið að þoroddstað 1887.

Landamerkjaskrá Oddeyrar.

eptir kaupbrjefi þorsteins Danielssonar dag. 5 Des 1821. sbr. kaupbrjef Biörns Jónssonar dags. 26 sept. 1863 og kaupbrjef Geirþrúðar Thorarensen, dags. 8 okt. 1850:

Að norðanverðu takmarkast Oddeyrin af melum, og melhólum þeim, sem liggja skáhalt til norðurs og norðaustur út og ofan með eyrinni allt útað svonefndri hegningarklöpp, sem stendur norðaustast á melendanum, og eptir sömu stefnu í sjó út. –

Að vestanverðu eru merkin frá klöpp þeirri fyrir utan Glerá, þarsem hún beyjist í krók út og ofan með melunum beint suður í svonefnda Oddeyrarbót utan við Torfutanga, þar sem sjór nú fellur næst brekkunni.

Að sunnan og austanverðu ræður sjórinn

Sem stjórnarnefnd Gránufjelagsins 25. Júní 1886.

Davíð Guðmundsson

J A. Hjaltalín

Arnljótr Olafsson.

Fyrir hönd eiganda Stóru-Eyrarlandstorfunnar prófasts D. Halldórssonar, er jeg samþykkur framanskráðri landamerkjalyking samþykkur.

J. Halldórsson

Þingl. að Akureyri 21. maí 1887. Viðurkenning eiganda Bandagerðis vantar.

J Thorarensen.



Landamerki Ytri-Márstaða í Skíðdal.

Að sunnan á móts við Syðri-Marstaði ræður merkigarður frá Skíðdalsá – utanvið stóra tótt á bakkanum – upp milli túnanna sunnan til í miðjan Myllnukofa, þaðan ræður garðmót lítið upp eftir, þegar hann þrýtur, er sett merkivörðum bein lína í rauðan stein klofin, ofan við hann í tvo steina stóra á brekku brúninni, þaðan bein lína í Leytislækjargil, er ræður á fjall upp.

Að norðan til móts við Dæli ræður merkigarður frá Skíðadalsá uppí fjallshlíðina, þegar hann þrýtur ræður bein lína í Merkigil, sem ræður á fjall upp.

Undir jörðina heyrir Márstaðadalur.

Að suðaustan til móts við Konungstaður ræður þveráin merkjum fram til jökla.

Að heiman til móts við þverá ræður merkigarður frá þveránni uppi Rauðuskriðu þaðan beina línu í Hamarendahól og þaðan beina línu á fjall upp. –

Ítak túns og engja á jörðin Syðri-Márstaðir á þessarar jarðar landi, og eru merki þess glögg sett í merkjalýsing þeirrar jarðar. Einnig tilgreind lóðskylda og landsnyttjar er jörðunni Syðri-Márstöðum tilheyrir á Márstaðadal, eptir rjettu hlutfalli og hundraðatali; og fyrir griparekstur Marstaða ábúanda á málum yfir þverárland á Márstaðadal og af honum, á ábúandi þverár hagagöngu eptir þörfum fyrir allan búsmala sinn, og frían upprekstur á dalnum að sumarlagi fyrir 400 fjár, er taka má af öðrum til afrjettar göngu

Ytri-Marstöðum 20 dag Oktobr 1886

þorkell þorsteinsson.

Þessari landamerkjaskrá er jeg samþykkur, sem umboðsmaður þverár

Einar Asmundsson

Þessi landamerki samþykkjum við fyrir Dæli

Árni Jónsson

þórður Jónsson

Hnjúki.

Þinglesið að Vallabingi 4. Júní 1887.

Landamerki á Dæli í Skíðadal

Að sunnan á móts við Ytri-Marstaðir ræður merkigarður frá Skíðadalsá uppi fjallshlíðina, þegar garðurinn þrýtur ræður bein lína eptir merki gili á fjall upp. Að norðan til móts við Tungufell ræður merkigarður frá Skíðadalsá uppi ytri Prettalágarbarm, þar tekur við annar garður, er ræður upp fjallsröðina á Kvíaskálarhaus, þaðan bein lína á Stólstopp upp. –

p. t. Dæli 20 dag október 1886

Þórður Jónsson

Árni Jónsson

Þessa merkjalýsing samþykkir hvað Ytri-Márstaði snertir
Þorkell Þorsteinsson. –

Merkjalýsing þessa samþykkir hvað Tungufell áhrærir

Tungufelli dag 23. marz m. 1887

Sigurður Sigurðsson.

Þinglesið að manntalsþingi að Völlum 4. júní 1887.

Landamerki á Syðri-Márstöðum í Skíðadal.

Að sunnan til móts við þverá ræður forn merkjagarður frá Skíðdalsá uppí brekkur, þar sem hann þrýtur er sett merkivarða á steinholti, þaðan bein lína í bala stein, þaðan bein lína á fjall upp. .

Að norðan til móts við Ytri-Márstaðir ræður merkigarður frá Skíðadalsá milli túnanna sunnan til í miðjan Myllnukofa, þaðan ræður garðmót lítið uppeptir, þegar hann þrýtur, er sett merkivörðum bein lína í rauðan stein klofinn, ofan við hann í tvo steina stóra á brekkubrúninni, þaðan bein lína í Leytislækkargil, er ræður á fjall upp. .

Jörðin á $\frac{3}{4}$ úr dagsláttu í Ytri-Márstaða túni til þessara ummerkja:

Að sunnan ræður merkigarðurinn

Að ofan skurður, að utan lækjarfarvegur, að neðan garður.

Sömuleiðis á jörðin engjaítak út og niður frá Ytri-Márstöðum, 8 til 10 engja^{dag}sláttur til sýnilegra ummerkja: Að sunnan frá Skíðadalsá ræður bein lína sett merkisteininn uppí flatan stein ofan við reiðgötur, sem merktur er stofunum M. S. þaðan ræður bein lína upp, sem slægjuland nær. – Að norðan frá Skíðadalsá er merkivarða í mónum skammt frá ánni, svo ræður merkjaskurður upp engið, þegar hann þrýtur ræður bein lína í merkistein á hæð fyrir ofan reiðgötur, þaðan bein lína upp það sem slægjuland nær.

Enn fremur á jörð þessi lóðskyldu og allar landsnytjar á Márstaðadal tiltölulega eptir hundraðatali á móts við Ytri-Márstaði

p. t. Syðri-Márstöðum 20 dag oktoabr. 1886.

þorður Jónsson.

þessa merkjalýsing samþykkir fyrir Ytri-Márstaði

þorkell þorsteinsson.

þessari merkjaskrá er eg samþykkur sem umboðsmaðr þverár

Einar Ásmundsson.

Árni Jonsson

þorður Jónsson.

þessari merkjalýsing samþykkur Ytri-Márstöðum

þorkell þorsteinsson.

þinglesið að Vallapingi 4. júní 1887



Landamerki fyrir Sauðanesi.

Að sunnan móts við Karlsá ræður merkilækur frá sjó uppí Merkisgil, sem ræður í miðja Merkistungu, þaðan beina línu á fjall upp.

Að norðan móts við Sauðárkot eru merki talin úr svokölluðu „Galtarskeri“ og upp merkislautina beint á fjall upp.

En á móts við Sauðaneskot, sem er hjáleiga frá Sauðanesi eru landamerki á engjum Reiðgötunnar útundir Gróna, síðan beint út Ennabrúnina ofan við Gróna út að Víkurlæk. Bithagi er óskiptur.

Argerði 12. apríl 1887

Halldór Bjarnason

einnig eigandi Sauðárkots.

Þessum landa merkjum er eg samþykkur fyrir Karlsá
Gunnlogur Friðleifsson

Og sömuleiðis fyrir Sauðaneskot
Friðfinnur Jóhannsson.

Þinglesið að Vallapingi 4. Júní 1887.



Landamerki fyrir Sauðárkoti

Að sunnan móts við Sauðanes eru merki talin úr svokölluðu Galtarskeri og upp Merkislautina beint á fjall upp.

En að utan móts við Brimnes í Olafsfirði ræður sprænandi merkjum, þaðan er lækur, sem fellur út og fram af Múlanum, og í sjóinn utan vert við Æðarsker. –

Árgerði 12. apríl 1887

Halldór Bjarnason

eigandi Sauðaness og Sauðárkots.

Þinglesið að Vallapingi 4. júní 1887.



[Innskot: Sjá bl: 197.]

~~Landmerkjalýsing Miklagarðstorfunnar í Eyjafirði.—~~

~~Að norðan eru landamerki milli Miklagarðs torfunnar og Möðrufellstorfunnar frá Vörðu, sem hlaðin er á barðinu út og upp af Undirnesi, fyrir sunnan Torfur, rjettsynis í Skjóldalsá, þar sem hún kemur úr gljufrum út og upp frá Samkomugerði, þaðan eru merkin í Skjóldalsá fram að svo nefndum Tungusporði þaðan eru merkin í Nyrðri Króksá, út og vestur þangað sem Kambsá fellur í Króká, þaðan og uppí Kambsskarð, ræður Kambsá landamerkjum.~~

~~Að vestan eru landamerkin eptir miðjum fjallshrygg þeim, er liggur suður frá Kambsskarði og fram til fjalla.~~

~~Að austan ræður Eyjafjarðar á.~~

~~Að sunnan eru landamerki milli Miklagarðstorfunnar og Saurbæartorfunnar í miðjum árfarvegi þeim, sem liggur úr Djúpadalsá til Eyjafjarðarár, sunnan við svonefnda þórishólma, áður enn farvegur þessi hefst eru merkin í Djúpadalsá suður að ytri Gröf, skammt utan við Árgerði, þá eru landamerki að sunnan milli Miklagarðstorfunnar og og Árgerðis rjettlínis í vörðu, sem hlaðin er sunnan við lítinn hól, sem er syðst og neðst á svo nefndri Miklagarðsfit. Frá þessari vörðu eru landamerkin milli Miklagarðstorfunnar að sunnan og Hvassafells rjett línis í vörðu, sem hlaðin er suður og ofan úr lág þeirri, sem er sunnan við svo nefndan Garðhól, í suður og niður horni Hlíðarhagalands, frá síðast nefndri vörðu eru landamerkin milli Miklagarðstorfunnar, eður Miklagarð fitjarinnar að vestan og Hlíðarhagalands rjett línis til norðurs í Grástein, þaðan eru landamerkin beint í vörðu, sem hlaðin er í vörður frá Grásteini, stendur varða sú vestar, en í þeirri línu við áður nefnd merki að sunnan. Frá vörðu þessari eru landamerki milli Miklagarðstorfunnar og Hlíðarhaga beint uppí Merkiskeldu, og síðan upp miðja svo nefnda merkjalág, uppí Mýrarhjallabrún, þaðan rjettlínis uppí svo nefndan Röðul, um vörðu þá, sem hlaðin er á svonefndum Skálamel. Miklagarðstorfan á Skjóldal allan sunnan fram og Miklagarðstungur útað Kambsá þeirri, er áður er getið. Miklagarðstorfan á afrjettarland allan þverárdal, sem liggur suðaustur úr Yxnadal heim að Lambá, er liggur austan fram og svo nefndan Hóla dal, sem liggur vestanmeginn árinna, sem fellur eptir dalnum, jafn langt heim, eður allan dalin beggja vegna heim að Lambá, og þvert yfir. Þverá á mánaðar rekstur ásauðar, móti því, að viðhalda garði fyrir neðan.~~

~~Á jörðum í Miklagarðstorfunni er allt beiti og afrjettarland óskipt, að öðru enn því, að Miklagarður, Yztagerði og Ölversgerði eiga helminginn, en Samkomugerði og Miðgerði eiga hinn helminginn. Yztagerði og Ölversgerði eiga sem hjáleigur aðeins fría beit og upprekstur til afrjettar fyrir sínar egin skepnur í Miklagarðseigninni, og MiðGarðs sömuleiðis eins á Samkomugerðiseigninni~~

~~Túnum og engjum jarðanna er skipt þannig:~~



Engjamerki Miklagarðstorfunnar.

~~1. Takmörkin á engjum Miklagarðs eru þessi:~~

~~Heima engjarnar að norðan frá Yztagerðisengjum takmarkast ofanvið svo nefndan Hvíldarhól og stuttu garðmóti, sem er rjett ofan við veginn, sem liggur út frá Miklagarði, liggja merkin beint yfir svonefndan Gunnlögshúsmó, ofaní móleitan stein, sem er í holtinu neðan við Jórsalamýri.—~~

~~Neðan við Hvilarhól eru merkin úr litlum Gráleitum steini, sem er sunnar og neðarlega framaní hólnum, rjett beinlínis í svonefndan Sóta, sem er steinn suður og upp frá Miðgerði.~~

~~Að neðan takmarkast engjarnar af svonefndum Torfhól, og öðrum hól þar norðan við næst sunnan við endan á svonefndum Langamel eða Ölversgerðisás. Upp frá Torfhól liggur holt, sem takmarkar Vargamyri að sunnan og liggur það uppundir Hróthúsaholt. Engjar þær, sem liggja sunnan við Miklagarð takmarkast að ofan af holti, sem liggur suður frá Miklagarði, neðan við svo nefndan Messuveg, og að sunnan að Merkikeldur, og úr henni út og ofan í svo nefndan Klofastein, þaðan út og ofan í svonefndan Hallalág og þaðan beint út neðstu höllin.—~~

~~Takmörkin á engjaparti þeim ofan undan Hlíðarhaga, sem Miklagarðsfit heitir er austan sunnan og vestan hin sömu og landamerki Miklagarðstorfunnar austan og Argerðis að sunnan og Hvassafells að vestan, og Hlíðarhaga. Að norðan eru takmörkin við Fitina beint stryk frá Fálkahól uppi Torfhól, sem er suður og niður frá Grásteini.~~

~~2. Takmörkin á engjum Yztagerðis eru að sunnan sem áður er sagt, en að neðan rjettlínis úr hæðstu Olvisgerðis kloppum, sunnan við Skjöldalsá, suður í gráan stein, syðst og efst á svokölluðum Langamel eða Ölversgerðisás.~~

~~3. Takmörkin á engjum Ölversgerðis eru að ofan sem áður er sagt um takmörk Yztagerðis engja að neðan. Að sunnan að hól þeim, er næst er sunnan við Laugamel, og í holti því, sem frá honum liggur út og ofan í Sóta, sem áður er nefndur. Að neðan eru merkin milli Ölversgerðis og Miðgerðis frá Sóta áðurnefndum beina stefnu í norðaustur í svo nefnda Merkis þúfu, sem er suður og niður frá Ölversgerði. Frá þeirri þúfu eru aptur bein merki út og niður í svo kallaða Merkisklöpp, og þaðan beina stefnu í Skjöldalsá.—~~

~~4. Takmörkin á engjum Miðgerðis eru:~~

~~Að ofan sem áður er sagt um takmörk Ölversgerðis engja að neðan. Að norðan Skjöldalsá. Að neðan efribrún á ás þeim, sem liggur út og suður, neðan við Miðgerði. Að sunnan holt það, sem er norðvestan við Pollalág hina syðri, ofar að sunnan eru svonefndir Melar, og efst úr þeim, beint uppi svonefndan Lóuhol, ræður síðan Miðgerðisás heim að túni.~~

~~Takmörkin á engjum Samkomugerðis eru Djúpadalsá að sunnan og Eyjafjarðará að austan. Að norðan landamerkin milli Miklagarðstorfunnar og Möðrufellstorfunnar, upp að engjamerkjum Miðgerðis að neðan. Að ofan eður vestan upp að Miðgerðismerkjum suður efri brún ássins, suður að svo nefndum Hellisklaufum og þaðan beint stryk ofaní svokallað Hellisnef vestan við Djúpadalsá.—~~

Samkomugerði og Oxnafeili 27. maí 1885.

Vigfús Gíslason ————— þ. Thorlacius ————— H. E. Thorlacius



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

~~Jón Jóhannesson — Olafur Olafsson
eigendur og umráðamenn Miklagarðsterfunnar.~~

~~Í umboði umráðamanns Möðrufellsspítalajarða
Páll Hallgrímsson~~

~~Umboðsmaður þverár
St. Jónsson~~

~~Samþykktur
Triggi Olafsson
eigandi Hlíðarhaga.~~

~~Samþykktur vegna Hvassafells
Stephán Stephensen
umboðsmaður.~~

~~Mótmælt að því þórhólma snertir af prestinum að Saurbæ. Óviðurkennt af eiganda Hóla.
Saurbæar manntalsþingi 24 maí 1887
J.Thorarensen.~~

~~þinglesið að Saurbæarmanntalsingi 24/5 1882.~~



Landamerki fyrir Nesi í Eyjafirði.

Að sunnan ræður stór steinn, er stendur framan í árbakkanum austan við Eyjafjarðará sunnarlega í svonefndum „Háabakka.“ Hjérum bil móts við stein þenna liggur dálítið drag fram af ár bakkannum, eru merkin í því niður við ána, og síðan í sveig eptir vörðum, sem hlaðnar eru suður og upp engjarnar, og beyjast síðan útavið, þegar uppí höllin kemur, þá í dálitinn stein sunnani Kinnung sunnani Nyrðri-Skeiðagilsskriðunni, þaðan í skorning, sem dýaveita er í, norðan við stóran stein gráan, skammt fyrir ofan hinn fyrrnefnda stein; úr þessum skorningi eru merkin bein í dálitinn skúta utarlega og neðarlega í jarðfalli því, er fallið hefur rjett sunnan við Nyrðra-Skeiðagilið. Úr skúta þessum eru merkin beint í fjallsbrúnina nyrst í Skeiðagilsflóan hinn nyrðri.

Að austan ræður Eyjafjarðará.

Að norðan í garð, sem liggur upp og niður skammt fyrir norðan bæinn í Nesi og sem liggur á svokölluðum Merkjahól og í röðul, sem er á fjallinu út og upp af Nesskálarbotni, og þaðan beint uppá mitt fjall, og aptur frá nefndum Merkjahól beina stefnu í Eyjafjarðará. –

Að vestan ræður fjallið þar sem það er hæst.

Nesi í Eyjafirði 16 júní 1886

Sigurbjörg Jóhannesdóttir
(eigendur að Nesi.) –

Karl Pálsson

Július Pálsson.

Tryggvi Ólafsson
(handsalað)

Davið Ketilsson eptir fullmakt

Fyrir hönd Páls Steinssonar á Tjörnum eiganda að ½ Gilsá.

Jón Jóhannesson
(handsalað)

Olafur Ólafsson

Olafur Guðmundsson
(handsalað)

eigendur Hleiðrargarðs –

Þinglesið á manntalsþingi að Saurbæ 24 maí 1887



Landamerki Kerhóls.

eru að sunnan á Syðri-Holunum einsog tilgreint er í landamerkja lýsing Arnastaða.
Að vestan ræður Nupá merkjum, en að norðan aðskilur Illagilsá Kerhóls og Flinnastaða
landareign. –

Magnús Jonsson Olafur Stephánsson
eigendur jarðarinnar.

Þinglesið á Saurbæarmantalþsingi 24 maí 1887.



Landamerki Ánastaða í Sölfadal.

Að sunnan eða framan að skilur Sandá Ánastaðaland frá Mörðuvallaafrettarlandi frá upptökum hennar og þartil hún rennur í Núpá.

Sandárdalur að utanverðu eða austan tilheyrir Anastöðum – að vestan ræður Nupá landamerkjum – að norðan eða milli Anastaða Kerhóls eru merkin í svo nefndum Syðri-Hólum, er það nokkuð langur melhryggur, eða hóll, sem liggur beint upp eða austur neðan frá Núpárgili og upp jafnt Anastaða engi að utan, á þessum hólum standa 2 vörður með nokkru millibili og sú þriðja á svokölluðum Merkishrygg, þar fyrir ofan beina stefnu frá þessum vörðum liggja merkin uppá fjall.

Magnus Jónsson
Vegna Anastaða og Kerhóls.

O. Stefánsson
eigandi Ánastaða

Marselia Kristjánsdóttir.

Þinglesið að Saurbæarmantalsþingi 24 maí 1887.

Landamerki Grafar og Skálpagerðis í Ongulstaðahrepp.

Að norðan ur miðju gljúfri í djúpt gil næst fyrir sunnan Illagili og þaðan beint eptir vörðum garðbrot í Langhöfða og þaðan beint í garðmót fyrir ofan bæinn á Skálpagerði, hvar varða er sett, þaðan beint í stóra vörðu fyrir utan túnið á Gröf, og þaðan eptir vörðum beint út og vestur í Fiskilæk, og þaðan í vörður, sem aðskilja þórustaða og Grafarengi, og síðan beinastefnu sunnarlega í Kumlhól og úr honum beina stefnu eptir vörðum við Kvistlina í vörð þar, síðan eptir vörðum í vörðu, sem stendur á Eyjafjarðarárbakka 100 faðma fyrir norðan Bræðrakíl. –

Að sunnan úr svo kölluðum Merkjarði í grasgróinn gilskorning neðarlega í fjallinu, er nefnist Krókagil, er gilskorningur þessi suður og ofan frá Bægishól og næsti gilskorningur fyrir sunnan Háahrygg og þaðan uppá mitt fjall, en frá neðri enda Merkjarðsins ræður merkjum bein stefna ofaní Pollalæk, ræður síðan Pollalækurinn að gömlum heygarði í mýrinni, er merkin liggja í og síðan í annan heygarð neðar í mýrinni og svo beina stefnu vestur í mýrina eptir tveimur heygarðsbrotum allt að Bræðakyl, og síðan beint í Eyjafjarðará. –

Akureyri 21. apríl m. 1887
Stephán Stephensen.

Samþykktur vegna Kaupangs
Vilhjálmur Bjarnason.

Samþykktur vegna Ytrahols
Jón Jonsson

Samþykktur fyrir Svertingstaði
Jón Sigfússon

Samþykktur sem umboðsmaður þórustaða
Einar Asmundsson

Þinglesið á manntalsþingi að Ongulstoðum 23 maí 1887



Landamerkjalysing Fyrir Möðrufelli, Hraungerði Torfum og Gilsbakka í Hrafnagilshrepp og Eyjafjarðarsýslu.

Að sunnan ræður merkjum: Á Skjöldal fremst Kamsá, sem kemur ofanúr svo kölluðu Kambsskarði og rennur ofaní nyrðri Króká ofanað tungusporði þar, sem árnar koma saman á dalnum. Úr því ræður Skjöldalsá allt þar til gilið tekur enda, og úr því bein lína í vörðu, sem er niður við Eyjafjarðará og er í stefnu utan holt við gilið, sem er sunnan við Oxnafellstún –

Að austan ræður Eyjafjarðará.

Að norðan ræður Finnastaðaá, sem kemur ofan Hraungerðisdal og rennur fyrir utan Hraungerðisrjett. Svo bein lína frá Finnastaðaá til Eyjafjarðará, er stefna í miðjan bæinn Hraungerði og Rutstaði, samkvæmt dómi gengnum að Grund 7. júní 1886.

Land fyrrnefndra jarða er óskipt nema að túni og engjum, en merki á engi milli Möðrufells og Gilsbakka ræður að ofan moldarflag, sem er syðst og neðst í svokölluðu Leyningsholti, þaðan bein lína yzt í þrætumó, svo eptir steinvörðum ofan fyrir utan Merkishól og ofan fyrir sunnan Kot, í stóran stein, sem stendur syðst í Klöpp á Neðra-Hrauninu. .

Að neðan ræður Hraunið fyrir Mörðufells engi út og ofan að Bræðrum. Úr Bræðrum í vörðu, sem stendur yzt við Finnastaðaá.

En milli Möðrufells og Hraungerðis ræður Gvendarlækur, sem kemur fram undan hrauninu. Gvendarlækur ræður merkjum það, sem hann nær. Svo bein lína úr honum í steina, sem standa á Flóahól þaðan bein lína úti stein, sem stendur efst á Gráatanga.

Engið á Torfum er fyrir neðan og utan túnið, nema hvað partur af því, er neðan við Möðrufellsengið. –

þrastarhóli 27. desember 1886

Jónas Gunnlögsson

I umboði eigenda Miklagarðstorfunnar

þ. E. Thorlacius

Eigandi Samkomugerðis og Miðgerðis

Vigfus Gíslason

Ath. þess skal getið, að Gilsbakki og hjáleigurnar eiga frítt fyrir sínar egin skepnur á afrjettinni Skjöldal, sem liggur undir Möðrufell. –

Jónas Gunnlögsson

Þinglesið að Hrafnagilsmanntalsþingi 25 maí 1887.

Landamerki Teigs í Hrafnagilshrepp. –

Að utan: úr Eyjafjarðará og upp með Merkjalæk uppað nyrðri enda Langahjalla, kallað „Langahjallahaus“ síðan beina stefnu uppá neðri Hábrekkur, að Dauðuvörðu.

Að sunnan ræður Bróká („Króká).

Að vestan eptir garði er liggur frá Bróká rjett fyrir neðan neðri Hábrekkur og beint í Gilsá. Að austan ræður Eyjafjarðará. .

Jörðunni tilheyrir engjapartur rjett á móti bænum fyrir austan Eyjafjarðará í Jódýsarstaðalandi, er liggur frá stíflugarði tilheyrandi Jódýsarstöðum (er ábúandi hefur byggt að sínum parti) að utan, og upp að kíl, að nafni Sakka, en að sunnan við partinn er hár bakki, er nefnist Alda.

Akureyri 16. janúar 1883.

Stephán Stephensen.

Samþykkt í umboði sameiganda míns að Jódýsarstöðum

M. Benidiktsson

F. Sigfússon.

Guðrún Sigurðardóttir

eigandi að Klúkum.

Stefán Jónsson

samþykkur vegna Syðragils.

Sem umboðsmaður Kristness og Ytragils samþykkur

Stephán Stephensen.

Þetta landamerkjaskjal er þinglesið að Öngulstöðum á almanna manntalsþingi þ. 12 maí 1887 og að manntalsþingi á Hrafnagili 25 maí 1887.

[Eptirrit.]

Landamerkjalysing

Jódýsarstaðar í Ongulstaðarepp. –

1 Jörðin Jódýsarstaðir á Staðarbyggð í Ongulsstaðar hreppi á land að utan í lág þá, sem liggur á milli Jódýsarstaðar- og þverártúna, þaðan beina stefnu uppá þverargil ^{um beitarhustoft þverár.}, og ofan frá áðurnefndri lág ofaní Eyjafjarðará beina stefnu í túngarðinn utan við túnið í Teigi; þaðan ræður Eyjafjarðará að vestan suður að Ongulstaðamerkjum í ytra hornið á heygarði út undan Ongulstaðakíl, þaðan beina stefnu í Tinklöpp, þaðan beint austur að þverárgili í stein, sem stendur á gilbarminum, sunnan og austan við fjárrjettarhólinn. – Að austan ræður þveráin merkjum. –

Hjeraðauki tilheyrir jörðunni beitarhúsastæða og beit fyrir 60 fjár á vetrum í Teigsfjalli mót engjaítaki af nesparti þeim, er liggur framan við Sökkukíl beint á móti Teigsbæ, frá þverármerkjum og nærri suður að öldunni á bakkanum ámótsvið kíldrag, sem liggur austur í svonefnda Sökku

Akureyri 12. apríl 1885

Samþykkur vegna Teigs

Stéphán Stephensen

F. Sigfússon

M Benidiktsson.

Rjett undirrit staðfestir

Skrifstofu Norður- og Austuramtsins 26 marz 1887

J Havsteen.

Ár 1882 þann 23 maí m. er landamerkjaskjal þetta þinglesið á Ongulstaðamanntalsþingi

Landamerki Sigtúna í Ongulstaðahrepp. –

1. Að utan og ofan: úr röðli, er liggur mitt á milli Mjóugilja og beina stefnu í Hestklett – Merkisklett – er liggur fyrir utan bæinn, og úr honum beint ofanað Uppsalalæk, síðan eptir læknum þangað til hann er kominn móts við steininn í Merkjasundi – Merkjabolla – þá beint úr læknum í stein þenna.
2. að vestan: beina stefnu úr steininum í Merkjasundi og í gamla vörðu, er stendur fyrir sunnan gilskorning, er liggur niður í Skriðugil ytra. –
3. að sunnan ræður Smáragil og síðan bein stefna úr því ofaní vorðuna fyrir sunnan gilið, er liggur ofaní Skriðugil – –

Akureyri 12. maí 1886

Stephán Stephensen.

Uppsalir, Grýta og Múkaþverá, sem eiga land að Sigtúnunum, eru einsög Sigtún eign landsjóðs, og heyra undir Múkaþverárklaustr.

Stephán Stephensen

umboðsmaður Múkaþverarkl.

Ár 1887 þann 23. maí er landamerkjabrjef þetta þinglesið að Ongulstaða manntalsþingi. –



Landamerkjalýsing

fyrir jörðunni Reykhúsum í Hrafnagilshrepp og Eyjafjarðarsýslu. Að austan ræður Eyjafjarðará, en að norðan niður undir ánni ræður varða, sem er mitt á milli lækjanna og þaðá bein lína uppeptir, eptir vörðum uppí merkjalæk, úr því ræður lækurinn uppað Kristnesslandi. Að sunnan og ofan er allt óskipt við Kristnes, hvað bithaga snertir. –

þrastarhóli 27. Desember. 1886.

Jónas Gunnlögsson

Samþykktur vegna legatsjarðarinnar Kristness

Stephán Stephensen

umboðsmaður. –

Samþykktur sem eigandi Hjálmstaða

Guðmundur Hjaltason. –

Ár 1887 þann 25 maí er landamerkjabrjef þetta þinglesið á manntalsþingi að Hrafnagili. –

Landamerkjaskrá jarðarinnar Hjálmstaða í Hrafnagilshreppi. –

Landamerki milli Hjálmstaða og Klúks.

Frá Eyjafjarðará eptir skurði beint í Konuklöpp; frá Konuklöpp sjónhending í stein sunnan á Bogaklöpp; frá steininum á Bogaklöpp sjónhending í vörðu suður og ofan undan Klúki; frá vörðu þeirri sjónhending í Selvörðu, frá Selvörðu beint uppí fjallið óákveðið, eða jafnhátt beitarhúsunum frá Kristsnesi. –

Samþykkt vegna Klúks
Guðrún Sigurðardóttir
1887.

Landamerki milli Hjálmstaða og Kristness – að ofan upp að gömlum merkjagarði –
Samþykktur sem umráðamaður Kristness
Stephán Stephensen.

Landamerki milli Hjálmstaða og Reykhúsa.

Eins og merkjalækur ræður fram úr fjalli og ofan að Krók þeim, sem er ofanvert við syðsta Hjálmstaðahól, sem er á Langamelnum fyrir sunnan Hjálmstaðatún. – En fyrir neðan Krókin ráða merkjasteinar neðan frá Eyjafjarðará beint upp að króknum, sjónhending í lítið dý, sunnanvert við krókinn, samanber landamerkjalýsingu fyrir Reykhúsum.
Að austan ræður Eyjafjarðará, en að norðan niðri undir ánni ræður varða, sem er sett mitt á milli lækjanna, og þaðan beina línu uppeftir vörðum upp í Merkjalæk, ur því ræður lækurinn uppað Kristnesslandi. Að sunnan og ofan er allt óskipt við Kristnes hvað bithaga snertir. –

Samþykktur vegna spítalajarðarinnar Reykhúsa
Jónas Gunnlögsson
(umboðsmaður)

25. maí 1887 er landamerkjaskjal þetta þinglesið á manntalsþingi að Hrafnagili. –

Landamerki Sýlistaða og Sýlistaðakots í Glæsibæarhrepp.

Að sunnan – milli Einarstaða og Pjetursborgar – úr miðjum slakkanum milli Sýlistaðavörðu og Rauðufлагаenda og þaðan beina línu í garð milli túnanna á Einarstöðum og Sýlistöðum og þaðan beina línu 20 faðma fyrir sunnan Vatnsleisuhól (Blótatóttarhól) og þaðan beint ofaní Kasarklöpp innan við Fögruvíkurllett – .

Að vestan ræður hábrún hálsins. –

Að utan milli Garðshorns, Solborgarhóls og Skjaldarvíkur: Úr miðjum slakkanum fyrir utan Miðaptanshól og ofaní stóran einstakan stein utan holt í Merkisholti, og þaðan í Merkisholt fyrir sunnan og ofan Garðshorn og þaðan beina línu ofaní Garðshornslækinn, þá hann fer að verða beinn og síðan eptir læknum, á meðan hann rennur beint, og þaðan í gamlar suður á Merkisholti fyrir utan Steingrímsmó, og þaðan í Klöpp vestan í Skjaldarvíkurás í vörðu á ásnum og svo beint til sjáfar. Milli Sýlistaða og Sýlistaðakots er óskipt beitiland og engjamerki óglögg. –

Akureyri 30. apríl 1885

Stephán Stephensen.

Ár 1887 þann 2 august mán. reið Amtmaður Havsteen fyrir hönd legatsjarðanna Sýlistaða og Sýlistaðakots og sýslumaður S. Thorarensen fyrir hönd Einarstaða Pjetursborgar, sem er eign styrktarsjóðs ekkna og föðurlausra barna í Eyjafjarðarsýslu, samt umboðsmaður Jóns Sigurðssonar legats, Stephán Stephensen, á landamerki jarða þessara, og varð það samkomulag, að Einarstaðir og Pjetursborg skyldu eiga frítt skipsuppsátur í Fögruvík. –

Stephán Stephensen.

Þessi landamerki samþykkir eigandi Syðri-Skjaldarvíkur

Jón Bergsson

(handsalað)

Samþykkur fyrir Möðruvallaklaustursjörðina Garðshorn.

Einar Asmundsson. –

Samþykkur vegna Sólborgarhóls mín vegna og í umboði bróður mins Snorra.

Sigurður V. Jónsson.

Landamerkjaskjal þetta er þinglesið að Glæsibæ 31 maí 1882.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS



Landamerki Einarstaða í Glæsibæarhreppi

Að sunnan neðst: ur Einarstaðakeldu og síðan beint upp mýrina eptir hnausum og uppá milli Ytra-Hóls og Einarstaða og þaðan upp utanvið þinghól, sem liggur suður og upp undan Einarstaðabæ, og þaðan beina stefnu á milli Melgötuhála og svo í stóran einstakan stein á Rauðufلاغabrún.

Að austan ræður Einarstaðakelda.

Að norðan: Úr Einarstaðakeldu beina stefnu og uppí heygarð, er stendur skammt fyrir ofan kelduna neðan til a enginu, og eptir hnausum upp mýrina uppí túngarðinn, er liggur milli túnanna á Einarstöðum og Sýlistöðum, og þaðan í miðjan slakkan milli Sýlistaðavörðu og Rauðufلاغaenda.

.

Að vestan ræður hábrún hálssins. –

Akureyri 2 mai 1885

Stephán Stephensen. .

F. Sigfússon

(eigandi Ytrahóls)

Sem umboðsmaður Jóns Sigurðssonar legats, samþykkur vegna Sýlistaða og Sýlistaðakots
Stephán Stephensen.

Þinglesið að Glæsibæ 31. mai 1887.



Landamerki Pjetursborgar í Glæsibæarhrepp.

Að sunnan neðst: Úr byttuklökk hálfri og beint uppí jarðfastan stein ofanvert á Arnarhól, þaðan beina stefnu í Hólsnef og þaðan beint uppí gamlan heygarð skammt fyrir ofan lónið og þaðan sömu stefnu uppí Einarstaðakeldu.

Að vestan ræður Einarstaðakelda.

Að ^{norðan} (~~sunnan~~) efst: Úr Einarstaðakeldu og beint niður 20 faðma fyrir sunnan Vatnsleisu eptir vörðum, og þaðan beint ofaní Kasarklökk sunnan við Fögruvíkurklett. –

Akureyri 2 mai 1885
Stephán Stephensen.

F. Sigfusson
(eigandi Ytra Hols)

Olafur Jonsson
(handsalað)
eigandi Blómsturvalla samþykkir. –

Þinglesið á Glæsibæarmantalsþingi 31 mai 1887.



Landamerki Vagla á þelamörk.

— „ —

Að neðan ræður Hörgá, en að utan til móts við Krossastaði, Krossastaðaá, frá upptökum hennar til Hörgár. Að sunnan ræður til móts við Steðja Kiðalækur, neðan frá Hörgá, og fyrir ofan upptök hans, bein stefna upp í Brúnkolluskarð, og þaðan aptur bein lína í vörðu sunnantil á Lönguklettum og svo á fjall upp. —

Vöglum fylgir engja ítak í Fornhagalandi. Takmarkast það að sunnan og að austan af Ytri-Tunguá, en að ofan ræður sunnan frá ánni túngarðurinn neðan við túnið á Fornhaga, en frá því hann endar, sjónhending út í merkjavörðu ofanvið Jötunspor við Brakandaland. Þó ræður að utan við Brakandaland bein lína niður frá Jotunspori og þvert ofaní Tungu á. —

Nesi 31. marz mánaðar 1884.

Einar Asmundsson.

Samþykkur eigandi Krossastaða

Jón Guðmundsson

Samþykkur eigandi ½ jarðarinnar Steðja

Manases Manasesson.

Samþykkur fyrir Fornhaga

Páll Jóhannsson.

Samþykkur eigandi hálftrar jarðarinnar Steðja

Jónas Þorsteinsson.

Þinglesið að Glæsibæ 31 mai 1887.



Landamerki Skóga á þelamörk.

Að sunnan ræður til móts við Ás sjónhending frá merkjapúfu niður undir Hörgá í vörðu á Járnhrygg, þaðan upp í Háuklöpp, svo upp í lágarskoru milli Hrafnabjarga og síðan á fjall upp. .
Að neðan ræður Hörgá; enn að utan til móts við Steðja bein lína upp frá ánni í þúfur tvær í Efstadragi og svo upp í vörðu á háum mel út frá túninu í Skógum, þaðan upp í Jónshól, Viðarás klöpp, miðjan Einirhól og miðjan Bauluhól, en svo á fjall upp.

Nesi 31 dag marz mánaðar 1884

Einar Asmundsson.

Fyrir jörðina Steðja er jeg þessu samþykkur

Manases Manasesson

(handsalað)

Sem eigandi jarðarinnar Ás er jeg framanskriðuðum landamerkjum samþykkur

Jón Bergsson

(handsalað)

Þinglesið að Glæsibæ 31 mai 1887.



Landamerki Blómsturvalla í Glæsibæarhrepp.

Að austan gyrðir sjor, síðan í land upp úr Lónsósi þeim, er verður við sjó. Síðan ræður Lónið upp að sunnan þar til kemur gengt svo kölluðum Hrafnabjörgum, sem eru tvö með dæld á milli, á hvorri liggur garðstúfur austur og vestur, úr þeim garði [s]tefnir í mjóa grasskoru, sem liggur í gegnum Teigholtin uppá holtabrúnir. -

Síðan norðar eptir holtabrúnunum og neðan vert í holt það er verður laust fyrir ofan nýbýlið þinghól, þaðan beint í norður utan vert í Einbúa hól, og í ytri barm dældar þeirrar, sem er utan við nefndan hól. þaðan ofan sunnanvert í svokallað Merkisholt fyrir ofan Lónið, en fyrir neðan Lónið eru merkin í sunnanvert svokallað Hólsnef. þaðan beint austur melbrúnina og sunnan holt í svokallaðan Arnarhól niður í svonefnda Rauf norðan við Sylluklöpp við sjó fram. –

Blómsturvöllum 29. júní 1886
Ólafur Jónsson.

Þessari Landamerkja lýsing er eg samþykkur hvað Syðstasamtún snertir.

Halldór Stefánsson
eptir fullmakt.

Þessum merkjum er eg samkykkur hvað Miðsamtún snertir.

Jón Jónasson (eptir fullmakt)

Samþykkur vegna Steinkots og EfstaSamtúns

Eptir fyrirmælum sýslumanns
J. Einarsson frá Laugalandi

Samþykkur vegna Pjetursborgar
J Thorarensen.

Þinglesið að Glæsibæarmantalsþingi 31. maim. 1887.

Landamerki Djúpárbakka.

Að utan ræður neðst Trjestaðalækur upp að reiðgötum, og síðan ráða þær að ofan til móts við Trjestaði, suður að beinni línu frá garðshorni, sem er suður og niður frá Trjestöðum í Vaðstein, á Vaðhól, svo í stóran stein sunnanvert á Rollhól og þaðan sjónhending í Gilshól að þórustaðalæk, ræður svo lækur þessi upp að þórustaðaklöpp. Frá þórustaðaklöpp ræður til móts við Grjótgarð bein lína úr kloppinni sunnanverðri niður í merkjavörðu á svokölluðum Reiðhól eða Reiðmel og svo framhald sömu stefnu í Klöpp á Háholti suðurfrá Djúpárbakka og þaðan í litla klopp vestanvert og sunnanvert í svo kölluðum Stekkjarhólum. Að vestan ræður Hörgá og er þar móts við Björg hólmi í henni, sem fylgir Djúpárbakka.

Nesi 5. dag mai mán 1884

Einar Asmundsson –

Þessum framanskriðuðu landamerkjum er eg samþykkur hvað Grjótgarð snertir
Halldórs Stefánsson

Að Trjestöðum og Björgum er landsjóðurinn eigandi einsog að Djúpárbakka –
Einar Asmundsson

Þinglesið á Glæsibæarmanttalsþingi 31 mai 1887.

Landamerki Dagvarðareyrar

Að austan ræður Eyjafjörður. Að sunnan móts við Glæsibæarland úr vatnsgötu utan við syðri bátsnaust og þaðan eptir fornum garði beint upp utanvið Einstökuborg uppí syðsta og efsta Grafarhól og þaðan eptir sama garði beina línu upp á háls í vörðu á svonefndum Laugamel, þaðan beint til norðurs móts við Hlaðaland úti Austustuhæð, og þaðan úti miðjan Hvasshól. Svo úr miðjum Hvasshól móts við Gæsaland, beina línu eptir vörðum ofan að sjó í fremsta stein með hafjöru í svo nefnda Merkisnesi.

Dagverðareyri 22 dag maí mán 1886.

Oddur Jonsson

Sem umráðamaður Glæsibæar samþykki þessi landamerki

Davíð Guðmundsson

Þessum landamerkjum er jeg samþykkur sem umboðsmaður Hlaða og Gása

Einar Asmundsson

Þinglesið að Glæsibæ 31 maí 1887.



Landamerki Hraukbæar með Hraukbæarkoti.

Að sunnan ræður móts við Bitru, Steingilsgróf og niður frá grófinni merkjaskurður, en eptir að hann endar, framhald sömu stefnu niður í landamerkjastein við Ytra-Krossanesland. Að neðan ræður móti Ytra-Krossanesi bein lína frá nefndum merkjasteini út fyrir austan Hraukbæjarhúsaól í Hraukbæargrafir utan við holtsenda þaðan sjónhending upp mýrar í stein við læk þann, er suður er frá Krossanesseli. Þar fyrir ofan ræður Teigalækur að upptökum móti Sam-Týni á fjall upp. –

Nesi 5. dag mai mánaðar 1884.

Einar Asmundsson.

Fyrir Ytra Krossanes

Flovent Sigfússon

Þessum landamerkjum samþykkur fyrir Samtún.

Halldór Stefánsson.

(eptir fullmakt)

Þessum landamerkjum er eg samþykkur eigandi Bitru

S. Jónsson.

Þinglesið að Glæsibæ 31 mai 1887.



Landamerki Neðra-Rauðalækjar.

Að neðan ræður Hörgá, en að utan til móts við Efra-Rauðalæk Rauðalækurinn frá Hörgá að neðan, og fylgja merkin læknum upp fyrir ofan bæinn á Neðri-Rauðalæk, suður að sérnefndum Kílum. Þá ræður kelda eða lækarseyra, sem kemur ofan úr svokallaðri Merkilág og þaðan beina stefnu á fjall upp. –

Að sunnan ræður til móts við Hamar bein stefna frá Hörgá upp að landamerkjum Hamars og Garðshorns, og eru vörður hlaðnar frá á þeirri línu. Þar eptir ræður á móts við Garðshorn merkjaskurður í flóa upp í ós Hvíthóslækjar, og svo Hvíthóslækur upp að steini þeim hinum stóra, er stendur á syðra barmi lækjarins, skammt fyrir ofan holtið fyrir sunnan lækinn, suður og upp af Hvíthól; Úr steini þessum ræður sjónhending utanvert í Bláklett og svo á fjall upp. –

Nesi 15. dag marz mán. 1886

Einar Asmundsson.

Samþykkur sem eigandi Graðshorns

Arnljótr Olafsson.

Sem eigandi jarðarinnar Rauðalækjar efri, er jeg framanskriðuðum landamerkjum samþykkur.

Jón Bergsson

(handsalað)

Að Hamri er landsjóðurinn eigandi einsog að Neðra-Rauðalæk. –

Einar Asmundsson.

Þinglesið 31 mai 1887 á manntalsþingi að Glæsibæ –

Landamerki Garðshorns í Kræklingahlíð.

Að utan ræður til móts við Skjaldarvík fyrst bein lína í austur frá Tumsaklöpp við Skútaland, og svo lækur sá, er rennur ofan Djúpulag norðan undir Áslaugarsteinum og niður utan við Grástein allt að svokölluðum Görðum út frá Garðshorni. Þá ráða Garðarnir til móts við Sólborgarhól, suður í keldu skammt fyrir utan túnið í Garðshorni, og svo beina stefnu niður í klöpp, sem er suður og upp frá Sólborgarhóli, en frá klöpp þessari bein lína suður í læk, er kemur ofan frá Garðshorni. –

Að sunnan ræður til móts við Silistaði bein lína frá síðast nefndu merki upp sunnanvið lækinn í mel suður frá Garðshorni, þaðan upp í Merkjaholt og í stakan stein framan í Skutunum, og svo upp í Snjóskál, sem er austaní hálsbrúninni og beint uppá háls í melhól, og allt vestur að beinni línu, sem liggur sunnan úr vörðu á Bungum út í vörðu á Byrgismel á Stórholti, og þaðan út í Tumsaklöpp. Þessi lína að skilur lönd Garðshorns og Skúta.

Nesi 31 dag marz mán. 1884.

Einar Asmundsson.

Þessum landamerkjum er samþykkur eigandi Syðri-Skjaldarvíkur

Jón Bergsson
(handsalað)

Umboðsmaður Skúta samþykkur

St. Jónsson

Samþykkur fyrir legatsjarðirnar Sylistaði og Sylistaðakot

Stephán Stephensen.

Eigandi Sólborgarhóls samþykkur

S. V. Jónsson.

Þinglesið að Glæsibæarmanntalsþingi 31 maí 1887.



Landamerki jarðarinnar Steinstaða í Yxnadal.

Að sunnan eru merkin hin sömu og tilgreind eru fyrir jörðunni þverá að norðanverðu, nefnilega í garð þann, sem liggur upp og ofan fyrir utan svokallaðan Reiðhól út og niður frá þverá, og er sá garður glöggsjeður, en þaðan sem hann endar eru merkin beint í grjóthrygg sunnan við Syðrahraun og til fjalls. Að norðanverðu eru merkin í Klofagil, sem nær uppá fjallsbrún, og þaðan beint ofaní Yxnadalsá, og er garðmót á leytinu utan við laut, er þar liggur, sem er merkjagarður. Að vestan er Yxnadalsá og að austan fjallsbrún. –

Steinstöðum 25^{ta} septembr. 1883

St. Jónsson

Sem settar af amtinu vegna landsjóðsins samþykki eg ofangreind merki milli þverár og Steinsstaða. –

Jónas Jónathansson –

Sem eigandi Efstalandskots samþykki eg ofannefnd landamerki, sem það snerta. –

Jónas Jonathansson. –

Þinglesið á manntalsþingi að Skriðu 2 júní 1887.

Landamerki þverár í Yxnadal.

Að framan ræður Lambá og svo þveráin þegar þær koma saman. – Að austan er Yxnadalsá en að norðan ræður garður utanundir svokölluðum Reiðhól útog niður frá bænum þverá og úr þeim garði beina stefnu í garðmót, sunnan við laut, sem er sunnanvert við svonefndan Vörðuhól ofanvið mýrarnar, svo út úr nefndu garðmóti, beint í grjóthrygg sunnanvið Syðrahraun, og þaðan beina stefnu í miðgil af þremur, sem eru í fjallshlíðinni. – Jörðin á mánaðar beit fyrir ásauð í þverárdal fyrir framan Lambá, sem eignaður er Miklagarðskirkju, en þar fyrir ber, að halda uppi garði fyrir neðan Lambá – –

Steinstöðum 18 apríl 1887

St. Jónsson.

Þessi landamerki þverár og Steinstaða samþykki jeg sem settur af amtinu vegna landsjóðs. –

J. Jonathansson. –

þ. Thorlacius Jón Jóhannesson. –

Eigendur og samráðamenn þverárdals. –

Þinglesið á manntalsþingi að Skriðu 2 Juni 1887

Landamerki Jarðarinnar Fornhaga í Skriðuhreppi.

Merki að sunnan eru Tunguárgil ytra ofan þaðan sem eyrar byrja, sem er hjerumbil beint suður undan Fornhagabæ, og þaðan bein stefna ofan fyrir sunnan þorvaldsdalsrjett í Horgá niður.

Að utan eru merki: Kálfahjallagil syðra, í fjallinu út og upp undan Fornhaga, svo bein lína úr því ofaní Bláhól, þaðan í Jötunspor, sem er lítil grasi vaxin laut neðan til í holtinu fyrir sunnan og neðan Brakandakvíar, og þaðan bein sjónhending niður í Hörgá, sem ræður merkjum að neðan milli tjeðra merkjalína að utan og sunnan.

Að ofan ræður fjallsröðin sunnani Fornhaga öxl, síðan garður úr henni ofan og suður í Tungugil. Í Fornhagalandi er engjartur sem tilheyrir Vöglum í þelamörk, það er neðsti partur af enginu, og liggur fyrir neðan beina línu tekna úr túngarði fyrir neðan Fornhagavöll útá Jötunspor ofanvert; aptur átti Fornhagi skóg í Vaglalandi, frá Kiðalæk úti Keldubrunna, sem er beint á mótí Jötunspori, og uppi Vaglaklif, en skógur þessi er nú alveg eyðilagður. Ennfremur á Fornhagi frían upprekstur og grasatekju í þorvaldsdal, fría beit og fría selstöðu, samt frítt fyrir allan búsmala á nefndum dal.

Fornhaga 1. maí 1884

Páll Jóhannesson.

Samþykki eigandi Brakanda

Margrjet Halldorsdóttir

Samþykkur vegna Auðbrekku

Jón Snorrason. .

Samþykkur fyrir eigendur þorvaldsdals

Guðmundr Jónsson a Skriðulandi.

Samþykkur sem umboðsmaðr Vagla

Einar Asmundsson

Sem skiptaráðandi í búi eiganda Dagvarðartungu samþykkur vegna tjeðrar jarðar

J Thorarensen.

Þinglesið á manntalþsingi að Skriðu 2 júní 1887

Merkjalýsing fyrir jörðunni Skriðu í Hörgárdal. –

Að austan ræður austasti farvegur Hörgár allt frá Gípugili fyrir sunnan Vindheima á þelamörk og niðureptir austan við allan Skriðu hólma og allt niður að Kiðalæk.

Að sunnan ræður bein lína frá Hörgá tekin rjett á móti Gípugili í Merkistein, sem er framarlega í Haganum milli Longuhlíðar og Skriðu, svo úr Merkisteini beint í Miðmerkisklett, og þaðan beint á fjall upp. –

Að vestan og norðan ráða fjöll þau, er halla vötnum að Skriðudal allt að upptökum Lágfótarár, þá ræður sú á og Tunguá en syðri til neðstu Gljúfra, þó liggur merkja línan beint strik ur nefndum gljúfrum niður til Hörgár rjett á móti aðurnefndum Kiðalæk

Einnig á Jörðin Skriða „allan geldfjárrekstur fram á Almanning í Oxadal. Merkjalyising þessi er samkvæm gömlum sölubréfum, lögfestum og öðrum skjölum frá 1491, 1593 og 1792.

Skriðu í maí 1885

J Jonsson.

Samþykktur fyrir Lönguhlið

J S. Thorarensen

Sem skiptaráðandi og umráðamaður Dagvarðartungu samþykktur vegna tjeðrar jarðar

J Thorarensen

Þinglesið að Skriðu manntalsþingi 2. júní 1887.

Ár 1886 laugardainn 7^{da} august vorum við undirskrifaðir staddir á svokölluðum Tungueyrum. Eg Jón Einarsson, samkvæmt brjefi hlutaðeigandi sýslumanns dags. 24 júlí og eg Stefán Jónsson eptir beiðni eiganda og ábúenda jarðanna Skriðu og Fornhaga, til þess að athuga og ef unnt væri að koma á sátt og samþykki um landamerkjaágreining milli jarðanna Dagvarðartungu og Skriðu á eina hlið og Dagvarðartungu og Fornhaga á aðra hlið. Og varð álit okkar og ákvörðun þannig.

Merkin milli Skriðu og Dagvarðartungu skulu vera að ofan í miðjan árfarvegin á Syðri-Tunguá við melshornið, sem Skriðurjett stendur á og beina línu ofan að Hörgá móti Kiðalæk, sem er austan Hörgar. Og milli Dagvarðartungu og Fornhaga skulu merkin vera að ofan melshornið suður og upp frá Þorvaldsdalsrjett (sem líka er nefnd Fornhagarjett) og beina línu ofanað Hörgá, Stefnu í klettinn (Einbúa) suður og upp frá Vöglum austan Hörgár. Og skulu á sínum tíma settar merkjavörður á báðum þessum merkjalínum.

Þess má geta, að abúendur Skriðu og Fornhaga voru viðstaddir við þessa merkja ákvörðun hvor við sína jörð, og lístu þeir engri óánægju yfir úrslitum þess ágreinings sem fyrr er getið, en abúendur Dagvarðartungu voru ekki viðstaddir þrátt fyrir aðvörðun. .



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Til staðfestu eru okkar undirskrifuð nöfn sama ár og dag, sem upphaflega greinir.

J. Einarsson St. Jonsson –

Samþykkur vegna Dagvarðartungu sem skiptaráðandi á dánarbúi eigandans og vegna hins ómynduga.

J Thorarensen.

Þinglesið að Skriðumanntalsþingi 2 júní 1887.



Landamerki Oxnhóls.

Að austan eða neðan ræður Hörgá.

Að utan ræður til móts við Hallfríðarstaði bein lína frá merkjavörðu á mel nálægt alfaraveginum upp miðjan Hólríma og í Yzta Merkisklett í Nautaskeiðarbrúninni og svo beint á fjall upp. –

Að sunnan til móts við Barká ræður Oddstaða á frá Horgá á fjall upp. –

Nesi 5. dag mai mán. 1884.

Einar Asmundsson.

Vegna eigandans að hálfum Hallfríðarstöðum samþykkir

J. S. Thorarensen. –

Að Barká er landsjóðurinn eigandi einsog að Oxnhóli.

Einar Ásmundsson.

Þinglesið að Skriðu manntalsþingi 5. júní 1887.



Landamerki Litla-Dunhaga.

Að sunnan ræður til móts við Stóra-Dunhaga og Dunhagakot lækur í Dunhagaskarði niður í foss, sem er framan í Skálabrún. Þaðan bein lína eptir merkjavörðum niður í keldu spölkorn suður og upp frá hesthúshólnum í Litla-Dunhaga. Þaðan af ræður keldudragið niður að túnum og í gegnum þau allt niður á grund neðan við tún. Síðan bein lína eptir merkja vörðum þvert fram engið til Hörgár. –

Að austan eru merkin í austari farveg Hörgár, því á síðustu árum er áin að brjóta sjer nýan farveg í gegnum Dunhaga land og leggjast æ meir og meir í hann.

Að utan ræður til mots við Björg klettur í fjallinu og bein stefna úr honum niður í svo kallaða Grásteina, þaðan í klöpp skammt fyrir ofan veginn að Möðruvöllum og úr klöppinni niður í Horgá.
–

Nesi 31 dag marz mán. 1884.

Einar Asmundsson.

Þessum landamerkjum er eg samþykkur fyrir Dunhagakot

Halldór Stefánsson.

Samþykkur fyrir Stóra-Dunhaga

Olafur Jonsson

(eptir fullmakt)

Að Björgum er landsjóðurinn eigandi einsog að Litla-Dunhaga. .

Einar Asmundsson.

Þinglesið á manntalsþingi að Arnarnesi 5 Júní 1887



Merkjalýsing fyrir Hallfríðarstöðum. í Hörgárdal. –

Að austan ræður Hörgá.

Að sunnan móts við Oxnhól ræður bein lína frá merkjavörðunni í melnum fyrir ofan Sljettuna og svo beint upp miðjan Hólríma, þaðan í YztaMerkiklettinn í Nautaskeiðarbrúninni og beint á fjall upp. Að utan móts við Hallfríðarstaðakot: Lækjar vegur ræður merkjum á gegnum túnin milli bæanna. Svo liggja merkin beint upp úr tún merkjunum fyrst í stóran stein í Kvíaholtinu og svo beint upp miðjan Bæarríma á fjall upp. Neðan við tún eru merkin eptir Vallargarðinum gamla í Vallarbrekkunum út að Kotslæk, svo eptir farvegi þess lækjar ofan allt Breiða sund og fram til Hörgár sunnanvert í Votshvammi. –

Auðnum 12. mai 1886

Jón Bergsson

(handsalað)

Samþykktur fyrir Hallfríðarstaðakot

Jón Bergsson

(handsalað).

Þessari merkjalýsingu er jeg samþykktur að því er Oxnhól snertir

Einar Asmundsson. –

Þinglesið á Skriðu manntalsþingi 2. júní 1887.



Landamerki Syðri-Bægisár í Skriðuhrepp og Eyjafjarðarsýslu.

Til móts við Ytri-Bægisá ræður Bægisá frá Jökli og þar til hún fellur í Yxnadalsá; til móts við Staðartungu og Miðhalsstaði ræður Yxnadalsá; til móts við Neðstaland er lína dregin úr Yxnadalsá um Syðri-Reiðhól í stóran stein á Húnsheiðarenda hinum syðri og þaðan beint á fjallsbrún. A Almennungi á tjeð jörð frían upprekstur og grasatekju.

Skjalóni 1 október 1884

Þorsteinn Daníelsson

J. Andrjesson

Þessum landamerkjum er eg samþykkur að því er snertir Staðartungu og Miðhalsstaði
Einar Ásmundsson.

Þessum landamerkjum enn ég samþykkir Bægisármegin að öllu leyti, og sem umboðsmaður eiganda Neðstalands samþykki eg merkin milli Neðstalands og Syðribægisár þannig, að merkin sjé í miðjan Syðri-Reiðhól. –

Bægisá 31. maí 1887

Arnljótur Olafsson. –

Þinglesið á Skriðumanntalsþingi 2. júní 1887.

Landamerki Jarðarinnar Engimýrar í Yxnadal.

Til móts við Geirhildargarðaland að sunnan ræður mót fyrir gömlum garði í austur og vestur í stefnu úr miðjum Arnarhól vestan við Yxnadalsá, þar sem merki eru milli þverbrekku og Háls, svo úr nefndu garðmóti bein stefna uppí Yztu tána á Geirhildargarða hrauni, þaðan í klett, sem kallast Hvítberg og á fjall upp. Að austan ráða hin sömu merki, sem tilgreind eru milli Hóla að sunnan og þessarar jarðar. Að vestan ræður Yxnadalsá. Jörðin á fríann upprekstur í Hóladal.

Auðnum 30. júlí 1884.

Jon Bergsson

(handsalað)

Jón Jonsson.

Vegna Hóla samþykkir

Jón Bergsson. –

Samþykkt hafa vegna Geirhildargarða eigendur Jón Jonsson og Ol. Jonasson

J Thorarensen. –

Þinglesið að Skriðumanntalsþingi 2. júní 1887.



Landamerki Auðbrekku í Skriðuhreppi.

1. Aðalummerki torfunnar.

Að utan er Húsá, þar sem hún kemur ofan milli Auðbrekkufjalls og Dunhagahnjúks, ofan fyrir svonefnda Sveigshóla, þá eptir merkjagarði, sem liggur á ská utantil á Auðbrekku mónum, þar til hann þrýtur, beina línu niður Silungamýri, eptir sömu stefnu, sem merkjagarðurinn á bökkum (sem liggur framað Hörgá) ræður. – Að sunnan er fremra Kálfahjallagil, bein sýn úr því í Bláhól miðjan, og þaðan bein sjónhending niður í Hörgá: sem ræður einsog hún rennur niður móts við Krossastaðamó, og sunnan verðan Laugalandshólma, vestan til á honum er gamall árfarvegur utanvið Glæsirsnes, sem aðskilur land Laugalands og Auðbrekkutorfu, til garðs þess á bökkunum sem áður er nefndur. Torfan á sambeit í Auðbrekku fjalli, bökkum og Reit að Fornhaga landi, sömuleiðis frýan upprekstur og grasatekju á afrjettinum þorvaldsdal. –

2. Tún og heimaengi:

Að sunnan kíll eptir bæarlæk Hátúns uppí túnreiðgötu, þaðan út túnið frá merkjahæl niður undan Hátúni, úti götuna á Háhyggnum niður af Hróatilluhúsi, þaðan eptir götunni úti sunnanverða miðja Skriðuna, svo beint uppí utanverðan Hróatilluhól og þá eptir læknum upp móts við Hornhús. Að utan úr Syðribrúarenda niður við Kvísl, uppí ytri og efri enda á vatnsveitingagarði Auðbr. neðan til á Fit, svo ræður hann alla leið upp fyrir sunnan þrihyrnings og Svíratún uppí túngarð gamlan; að neðan skilur frá bithaga, killinn fyrst og síðan kvísl af Hörgá. Að ofan er hinn sameiginlegi fjallbithagi.

3. Suðurengi.

Að utan frá kíll þar sem lækarskurður hinn nýi fellur í hann, og eptir þeim læk beina sjónhending í ytra Kálfahjallagil það upp sem slæur ná. Að sunnan neðst vatnsveitinga garður frá Brakanda, úr honum beint eptir merkjasteinum, uppí krókinn á læknum út og upp frá Brakandagerði, og þá eptir læknum til fjalls upp, svo sem slæur ná, að neðan er vörzlugarður. Innan þessara ummerkja liggur engja parturinn Bláteigur. –

Í umboði skiptaráðandans í dánarbúi Jóns sál. Snorrasonar

J. Einarsson

Samþykktur vegna Hátúns

J Einarsson.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Samþykktur hvað áhrærir merki milli túnanna á Auðbrekku og Svíra og um bithaga, en ekki merkjum yfir Silungamýri

P. þ. Friðfinnsson.

Samþykktur

Arni J. S.

Samþykktur vegna Brakanda

Július Jonsson

í umboði ekkjunnar

Margrjetar Halldorsdottur.

Samþykktur að því er Hólkot snertir

J. Gunnlögsson.

Þinglesið að Skriðumanntalsþingi 2. júní 1887



Landamerki Hjaleigunnar Hátúns í Hörgárdal.

Að sunnan frá kíl bein stefna eptir vatnsveitingagarði frá Hátúni upp lág eða skorning þann, sem liggur eptir stefnunni beint í stóran stein uppá fjöllum, þar sem slæur enda. –

Að utan frá kílnum eptir bæarlæk Hátúns uppá hæðarbrún næstu fyrir ofan tún.

Að neðan ræður kíllinn með vörslugarði.

Hjerað auki eru ummerki túnsins þessi:

Bein lína út Auðbrekku og Hátúnstunin frá merkjahæl við götuna niðurundan Hátunsbæ út götusurningana úti traðarvikið á Róhryggnum niður af Hróatilluhús. – Að utan úr götunni um sunnan verða miðja Skriðuna beint uppí utanverðan Hróartilluhól og þá ræður Auðbrekkulækur upp móts við hæðar brúnina, og svo hana rjett suður í áður nefndan Hátúnslæk. –

Hjer að auki á Hjaleigan óskipt sambeitarland í Auðbrekkufjalli og á bökkum fyrir neðan kíl, enn fremur frían upprekstur fyrir geld pening, og grasatekju fría fyrir sig á afrjettinum „þorvaldsdal“.

I umboði dánarbús Jóns sal Snorrasonar

J Einarsson

Samþykk hvað Auðbrekku snertir

Sigríður Jonsdóttir

Samþykkur að því er Hólkot snertir

J. Gunnlögsson

Þinglesið á Skriðuþingi 2 júní 1887

Landamerki Jarðarinnar Hólkots í Auðbrekkutorfu. .

Að sunnan frá kíl, þarsem lækjarskurður hinn nýi fellur í hann, og eptir þeim læk beina sjón hendingu í Ytra-Kálfahjallagil, það upp sem slægjur ná. Að vestan frá kíl bein stefna eptir vatnsvetingagarði frá Hátúni upp lág, eða skorning þann, sem liggur eptir stefnunni beint í stóran stein uppá höllum þar sem slægjur enda. Að neðan ræður killinn. Að ofan hinn sameginlegi bithagi torfunnar. Auk þess á jörðin óskipt sambeitarland í Auðbrekkufjalli, og á bökkum fyrir neðan kíl og Reit að Fornhaga merkjum. Ennfremur frían Upprekstur fyrir geldpening og grasatekju á afrjettinum „Þorvaldsdal.“ –

Flöguseli 1. júní 1882

J. Gunnlögsson.

Samþykktur að því er Auðbrekku og Hátún áhrærir

Í umboði skiptaráðandans í dánarbúi Jón sál. Snorrasonar

J. Einarsson. –

Þinglesið að Skriðu manntalsþingi 2 Júní 1887.

Landamerki fyrir Þjóðjörðunni Skútum í Glæsibæarhrepp.

Úr þorustaðagili við þorustaðatún liggja merkin í austari Stóraklett og svo beint fram hálsinn í Tumsaklöpp, vestur frá Aslögasteinum; þaðan í stóra grjótvörðu á svonefndum Birgismel á Stórholti; þaðan beina línu fram í Bungur í Gamla grjótvörðu norðan í bunguröðlunum. Þaðan liggja merkin fram bungurnar í stóra grjótvörðu austan í brúninni, norðan við miðjan; þaðan niður á móts við Laugalandslund, beina línu eptir grjótvörðum niður í grófarendan utan og ofan við svo nefndan Efri-Sjónarhól; svo eptir læk þeim, sem rennur eptir grófinni, og ræður lækur þessi merkjum niður heiðina þar til hann fellur framí Grjótgarðslæk. –

Til frekari skýringar hvar lækur þessi rennur, eru fylgjandi örnefni: Upptök sín hefir hann efst í ofanefndri Gróf, og rennur hann eptir henni og svo niður hjá Grjótgarðsseli og sunnan við Skútnasel og sunnan við Lambabyrgi og niður sunnan við svokallaðan Kolaklett. Þá niður sunnan við Skutnaklett, og fellur að lyktum lítið eitt neðar saman við Grjótgarðslæk, sem úr því ræður merkjum í norður (milli bæanna Skúta og Grjótgarðs) í foss í gilinunni, lítið fyrir norðan þjóðvegin út og upp frá Grjótgarðsbæ. . Að norðan ræður bein lína frá nefndum fossi upp norðanvið svo nefnda Gvendarmó í stóran stein á brúninni norðan við Hvíthól og svo sömu stefnu í þorustaðagil.

Steinstöðum þann 9. maí 1887
St. Jónsson

Sem umboðsmaður legatsjarðanna Laugalandslund og Heiðarhúsa samþykkir
Stephán Stephensen.

Sem umboðsmaður Garðshorns í Kræklingahlíð er jeg þessum merkjum samþykkur.
Einar Asmundsson

Sem eigandi og umráðamaður Grjótgarðs er þessum merkjum samþykkur
H. Stefánsson.

Þinglesið að Glæsibæarmanttalsþingi 28 maí 1888 og innf. í landamerkjabók sýslunnar bl. 158.



Landamerki á Karlsá á Uppsaströnd.

Að sunnan til móts við Hól ræður Karlsáin frá sjó upp og fram til jökla.

Að norðan til móts við Sauðanes og Sauðaneskot ræður merkilækur frá sjó uppí merkisgil, sem ræður í miðja merkistungu þaðan bein lína á fjall upp.

Karlsá 31. januar m. 1887

Gunnlögur Friðleifsson.

Þessa landamerkjalyýsingu samþykki eg hvað Hól viðvikur

Hóli 1. febrúar 1887.

Þorleifur Jóhannsson.

Þessi landamerki samþykki jeg

Friðfinnur Jóhannsson

Þinglesið að Valla manntalsþingi 31. maí 1887. og innfært í landamerkjabók sýslunnar bl. 159.



Merkjalýsing fyrir jörðunni Úlfá í Saurbæarhrepp í Eyjafjarðarsýslu.

Að austan ræður Eyjafjarðará. Að sunnan beinstefna frá Eyjafjarðará á Hafrárgljúfur, þaðan ræður Hofn til fjallsbrúnar.

Að vestan ræður fjallsbrúnin.

Að norðan ráða steinvörður, sem hlaðnar eru ofaná þrjá garðfasta steina beina stefnu frá Eyjafjarðará til fjallsbrúnar. –

Í umboði jarðareiganda

Páll Hallgrímsson.

Fyrir hönd jarðareiganda Hólsgerðis

Tryggvi Sigurðsson.

Eigendur Arnarstaða

Helga Jóhannesdóttir

R. Bjarnason.

Lesið að Saurbæarmantalsþingi og innfært í landamerkjabók sýslunnar bl 159.

Landamerki Möðruvalla í Eyjafirði.

Að austan eða neðan við Helgustaðaland milli Möðruvalla og Helgastaða: Ur vörðu syðst og efst við svonefndan „Ytristekkkjarhól“ eptir merkjum sem eru beint í vörðu í mýri neðan við áðurnefndan hól og þaðan í vörðu, sem þar er norður undan á svonefndum „Karlsarbakka. A milli Möðruvalla og Kálfagerðis að vestan við Kálfagerðisland, eða að neðan frá vörðu utan og ofarlega á svo nefndum „Syðristekkkjarhól“ beint strik í vörðu, sem er syðst og efst við áðurnefndan syðri Stekkjarhól, og frá honum eptir merkjum beint strik í vörðu, sem er syðst og efst við svo nefndan Krosshríshól, – sem er skammt fyrir utan og neðan Möðruvallatún, – og frá henni beint strik yfir hól, sem er næst fyrir sunnan Kálfagerðislækjargil í svo nefndan „neðrihnjúk“ í fjallinu; en fyrir ofan melana, sem eru næst fyrir ofan bæina er óskipt beitiland milli Möðruvalla og Kálfagerðis.

–

Að sunnan milli Möðruvalla og Fjósakots eru merki beint strik frá vallargarðinum fyrir ofan götuna yfir melhól sunnan við svonefnda „Hólshúsalaut“ syðst í svonefndan „Hrúthól.“ þar fyrir ofan er hið óskipta beitiland Möðruvalla, Kálfagerðis, Helgastaða, Fjósakots og Skriðu. –

En frá vallargarðinum ofan við götuna, eptir austari eða efri traðargarðinum, suður í vörðu uppundan svonefndum „Sundpollí“ og frá henni beint strik í grjótvörðu á svonefndum „Sundpollsmel“ og frá henni beint strik suður í garðlag á bakka Nupáreyra, ofan undan Fjósakoti og þaðan suður eyrarnar fast við bakkan á Nupáreyrum, suður í miðjan Nupárgilskjapt, og þaðan eru merkin í milli Möðruvalla og Nupufells í hinn gamla árfarveg rjettlynis að Eyjafjarðará yzt á móts við svonefndan „Keppsteig“, eða sem nú er nefndur Sauðhúshvammur, sem verður bein stefna í Gerðagil í Hvassafellsfjall (utanvert við Saurbæarvöll). Að vestan verðu er Eyjafjarðará landamerki. Landamerki milli Möðruvalla og Skriðu á tilnefndum „Steingrímsmó“ að norðan eða utan frá Nupáreyrum í garðlag utan við stóran stein í holtinu ofanvið móin, og frá honum beint strik suður í stein, sem stendur suður í hallinu í sama holti, og frá honum eru merki á milli Möðruvalla og Stekkjarflata ofanað Nupáreyrum. Að austan eru merkin eptir háfjallinu. Afrjettarland á jörðin frá Sauða, allan Sölvadal að austan og Sandárdal að vestanverðu og Hraunárdal allan báðumegin og þaðan suður á fjöll, að svonefndu „Laugafelli.“

Fjósakot hefir óátalið brúkað sambeit á Nupárhólmum eptir fornri hundraða tölu jarðanna Möðruvalla og Fjósakots, að svo miklu leyti, sem þeir ekki hafa verið brúkaðir til slæгна frá Möðruvöllum.

Einnig hafa hinar fornu hjáleigur jarðarinnar brúkað afrjettarland hennar handa geldpeningi sínum á sumrin borgunarlaust. –

Möðruvöllum í Eyjafirði 28 apríl 1886

Marselia Kristjánsdóttir

(eigandi Möðruvalla)



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Davið Kristjánsson

Í umboði Kálfargerðis eiganda
Flóvent Sigfússon

Jón Jonsson
eignar og umráðamaðr Æsustaða

Þ. Thorlacius
I umboði Stekkjarflatnaeiganda

Árni Jónsson
eigandi og umraðamaður að Helgastöðum og Skriðu

Benidikt Johannesson
(í umboði Fjósakotseiganda)

Ólafur Þorsteinsson
eigandi að hálfum Ánastöðum

Sigfús E. Thorlacius
eigandi að Núpufelli.

Þinglesið að Saurbæarmantalsþingi 24. maí 1888; og innfært í landamerkjabók sýslunnar bl. 160.



Landamerki Jarðarinnar Litla-Skogs. –

Að sunnan ræður þorvaldsdalsá merkjum milli Stærráðarskógs og Birnunes landa niður í Sjóarnes og síðan bein stefna úr miðju þorvaldsdals árgili í sjó fram. Milli Brattavalla og Litlaskógs ræður bein stefna frá Vaðhól í Grænutópt þaðan í Torfhól og svo beint á fjall upp. Að norðan að skilur Hellu og Krossalönd frá Litlaskógslandi garður sem liggur frá Syðra-Hinrikslækjarnefi upp alla móa og til fjalls svo langt sem rakinn verður, og þaðan beina stefnu á fjall upp.

Litlaskógi 28 júní m. 1884

Sigurður Sveinsson

Rósa Jónsdóttir (jarðareigandi)

Kristín Jóhannesardóttir

Framanskriafaðri merkjalýsingu er eg samþykkur sem umráðandi Birnunes.

Völlum 29. maí 1887

J. Hallgrímsson

Framanskriafaðri merkjalýsingu er eg samþykkur sem umráðandi jörðunni Krossum.

Sigurlög Jóhannsdóttir

Framanskriafaðri landamerkjalyýsingu er eg samþykkur sem ábúandi á jörðunni Hellu

Þorvaldur Vigfusson.

Vigfus Vigfusson.

Lesið að Arnarnesmannntalsþingi 30. maí 1888 og innfært í landamerkjabók sýslunnar bl. 161 –



Landamerki Jarðarinnar Efstalandskots í Yxnadal.

Til móts við Efstaland að utan: úr háum steini niðurvið Yxnadalsá, beina stefnu uppí svo nefnt Stekkjalækjargil uppá fjallsbrún. Að sunnan á móts við Steinstaðaland úr miðju Klofagili bein stefna í garðbrot á svokölluðu Leiti til Yxnadalsár. Neðan við land jarðarinnar liggur engjapartur, sem tilheyrir Efstalandi með þeim takmörkum, sem tilgreind eru í landamerkja lýsing þeirrar jarðar. Jörðin á frían upprekstur á Almenning í Yxnadal. –

Hrauni 1 aug. 1884.

Jónas Jónathansson

Sem eigandi jarðarinnar Efstalands samþykkir framan skrifuð landmerki. I umboði eiganda

J. Kristjansson

Eigandi Steinstaða samþykkur framanskrefuðum landamerkjum

St. Jónsson

Þinglesið að Skriðumanntalsþingi 29. maí 1888, og innfært í landamerkjabók sýslunnar bl. 162.

Landamerki Efstasamtúns í Glæsibæarhrepps

Að neðan bein stefna úr Einbúahól í vörðu á Lækjarholti suður og upp frá þinghól. Að utan úr fyrnefndum Einbúahól upp norðanvert við Ytri-Svarðarhól, beint í vörðu lítið fyrir utan og ofan Grástein, þaðan beina sjónhendíng í klöpp sunnarlega í Steinhjalla, þá beint á fjall uppi miðjan stóra melhól utan við Bungur (þetta eru merki Samtúnstorfunnar gagnvart syðra Hóli). Að vestan ræður fjallhryggurinn. Að sunnan ræður túnúm lækurinn utan við Miðsamtún; Miðsamtún á neðan af Efstasamtúns túni eptir merkja hælum og gamalli götu útað toptarbroti yzt á túni niðurundan fjárhúsum. – Að sunnan gagnvart Steinkoti úr Stórri þúfu á litla holtinu utan og neðanvert við Efstasamtún bein stefna á sunnanverðum Syðri-Svarðarhól, þá ræður lækur niður í gegn að hinni fyrnefndu Einbúa stefnu í suður. Auk þess á jörðin sambeit í fjallinu ásamt öðrum jörðum torfunnar og tiltölulegar slægjur í þessum bithaga. Steinkot á fría götu fyrir búpening sinn upp til fjallsins gegnum Efstasamtúnsland utan við túnið.

Í umboði skiptaráðandans „dánarbús Jons sál Snorrasonar

J. Einarsson – –

Samþykkur vegna Syðrahóls

Flovent Sigfússon

Í tilliti til Steinkots samþykkir framanrituð landamerkjaskrá

J. Einarsson. eptir umboði. –

Samþykkur vegna Miðsamtúns í umboði prestsekkju þóru Sigurðardóttur.

Jón Jónasson

(handsalað).

Samþykkur að því er Blómsturvellir snertir

O. Jónsson.

Þinglesið að Glæsibæarmantalsþingi 28/5 og innfært í landamerkjabók sýslunnar ~~28. maí 1888~~
bl 163.

Landamerki Steinkots í Glæsibæarhreppi.

Að utan úr stórri þúfu á litlu holtinu utan og neðanvert við Efstasamtúnstún bein stefna í sunnanverðan Svarðarhól syðri, þó ræður lækur niður að línu þeirri, sem ræður að neðan úr Einbúahól í vörðu á Lækjarholti suður og upp frá þinghól. Að sunnan ræður fyrst lækur sá, er fellur utanvið Miðsamtún, þá í vörðu sunnanvið lækinn beint suður frá Steinholtshæ, þá í vörðu syðst á holtinu næsta fyrir neðan Steinkot, og þaðan beina stefnu í miðjan þinghólsbæ; að ofan ræður Efsta-Samtúnstúnið. Jörðin á sambeit í fjallinu ásamt öðrum jörðum torfunnar og tiltölulegar slægjur í þessum bithaga, einnig fría götu fyrir búpening sinn og um ferð upp til fjallsins gegnum Efsta-Samtúnsland utanvið túnið þar.

Í umboði skiptaráðans í dánarbúi Jons sál. Snorrasonar

J. Einarsson

Samþykktur vegna Miðsamtúns í umboðs prestsekkju þóru Sigurðardóttur

Jón Jonsson

(handsalað)

Samþykktur að því er Blómsturvellir snertir

Ó. Jonsson

Þinglesið að Glæsibæarmantalsþingi 28 maí 1888 og innfært í landamerkjabók Eyjafjarðarsýslu bl. 163



Landamerkjabrjef fyrir Ási í Glæsibæarhrepp. –

Að sunnan ræður svokölluð Fossá frá Horgá og þaðan til fjalls. En að norðan ræður úr Merkjapúfu niður við Horgá og þaðan í vörðu sunnan og neðan við merkjalág og þaðan í Merkjalág, þar sem hún byist suður á við og þaðan í miðjan Jarnhrygg og þaðan háa Klöpp, þaðan í vörðu utan við torfhól og þaðan beina línu í skoru eður graslág milli svokallaðra Hrafnabjarga og ur henni beina línu til falls. –

Auðnum 20. apríl 1885

Jón Bergsson

(handsalað)

Sem umboðsmaður Skóga er jeg þessum landamerkjum samþykkur.

Einar Asmundsson.

Vegna Neðri-Vindheima samþykkur

J. S. Thorarensen. –

Þinglesið að Glæsibæarmantalsþingi 28. maí 1888 og innfært í landamerkjabók sýslunnar bl.

164



Landamerki Jarðarinnar Efri-Rauðalækur í Glæsibæarhrepp

Að sunnan ræður Rauðilækurinn frá Hörgá aðneðan og fylgja merkin læknum suður fyrir ofan bæin á Neðri-Rauðalæk, suður að svo nefndum kýlum, þá ræður kelda eða lækjarseyra, sem kemur ofan úr svokallaðri Merkjalág og stefnir beint á fjall upp. – Að austan ræður melur með vörðubroti, sem er í holtunum milli Brita og Rauðalækjar, liggja merkin beint úr mel þessum ofan mýrarnar í svonefnda Ytri-Klappartá og ofan syðst í Merkjakág, þá í vörðu, sem hlaðin er í mýrunum og svo beint til Hörgár. Til fjalls ræður bein merkja stefna úr áður nefndum mel. Að vestan ræður Horgá. –

Auðnum 7. dag mai mán. 1886.

Jón Bergsson

(handsalað)

Sem eigandi að parti úr jörðunni Rauðalæk – efri er jeg samþykkur.

Stefán Bergsson.

Sem eigandi Brita er eg samþykkur

Jón Bergsson

(handsalað)

Vegna Neðri-Vindheima samþykkur

J. S. Thorarensen.

Sem umboðsmaður Neðra-Rauðalækjar er jeg þessum landamerkjum samþykkur

Einar Asmundsson.

Þinglesið að Glæsibæar manntalsþingi 28 mai 1888 og innfært í landamerkjabók sýslunnar bl. 164.

Afskrif 19./5. 1922.



Landamerki Jarðarinnar Brita í Glæsibæarhrepp.

Til móts við Efri-Vindheimaland að utan ræður að neðan gömul varða á mýrinni suður undan Efri-Vindheimum. Þaðan bein stefna í litið klapparbrott sunnanvið klappirnar á neðsta hjalla ofan við Efri-Vindheima mýrina, og úr þessu klapparbrotti, sem nokkrir steinar eru reistir á, bein lína í klöpp utan við Britaskarð, og þaðan við sunnanvert í Sjónarhól og beint á fjall upp. Að neðan móts við Efri-Vindheimaengi er bein lína úr áðurnefndri vörðu suður í vörðu, sem er rjett fyrir ofan gamallt tóptarbrott, skammt fyrir sunnan Britalæk og úr þeirri vörðu, bein lína suður, þartil fæst bein lína upp í vörðu, sem hlaðin er á mel í holtunum suðurundan Brita. Að sunnan móts við Rauðalækjarland, bein lína úr vörðu er hlaðin er á áðurgreindum mel á fjall upp. –

Auðnum 20 maí 1885

Jón Bergsson

(handsalað).

Vegna Neðri-Vindheima samþykkur

J. S. Thorarensen

Vegna Efri-Vindheima samþykkir

Jón Jóhannesson.

Þinglesið að Glæsibæarmannatalþingi 28 maí 1888. og innfært í landamerkjabók sýslunnar ~~1888~~
bl 165:



Landamerki Jarðarinnar Hóls í Skriðuhreppi.

Að sunnan móts við þverbrekkuland ræður úr miðjum Arnarhól niður við Yxnadalsá bein stefna upp utanvið endan á þverbrekkuvatni, þaðan beint utaní Smjörhlíðarhaus sunnan við Ólduhrygg, beint vestur í Vatnsdalsvatn. Að norðan til móts við Hraun ræður Hrauná frá Vatnsdalsvatni ofantil Yxnadalsár; að austan ræður Yxnadalsá, Jörðin á frían upprekstur á Almenning. –

Lönguhlíð 24 apríl 1888

Jón Bergsson

(handsalað.)

Sem eigendur jarðarinnar Hrauns samþykkir ofanskrifuð landamerki

Jónas Jónathansson

Einar Jónsson.

Í umboði eiganda jarðarinnar þverbrekku samþykkir ofanskrifuð landamerki

Jónas Jonathansson

Þinglesið á Skriðumanntalsþingi 29. maí 1888 og innfært í landamerkjabók Eyjafjarðarsýslu



Landamerki Jarðarinnar Hrauns í Yxnadal

Að norðan ræður merkjum gamall garður í svonefndu Valnesi, þaðan í vörðu utaní melhól neðan til við mýrarnar og úr henni bein stefna í mjóa miðgraslág neðst í brekkunum, svo úr henni í merkjalækinn, þar sem hann kemur fram af neðsta fjallbrúninni, síðan eptir læknum til upptaka hans fyrir utan svokallaðan Háaleytiðshól, og úr þeim (upptökunum) bein stefna á fjall upp.

Að sunnan ræður merkjum milli Hrauna og Hóls svonefnd Hraunsá frá Yxnadalsá og uppá Vatnsdalsvatn, einnig fylgir jörðinni svonefndur Vatnsdalur að vestan og Kiðlingsdalur, sem fjallseggjar ráða. Jörðin á frían upprekstur fyrir fjé og hross á almenning á Yxnadalsheiði samt grasatekju án allrar borgunar. –

Hrauni 1. maí 1888.

Jónas Jonathansson

Einar Jónsson

Sem eigandi Auðna og Hóls samþykkir framanrituð landamerki

Jón Bergsson

(handssalað)

Þinglesið að Skriðumanntalsþingi 29. maí 1888 og var af eigendum Bakka mótmælt að jörðin Hraun ætti frían upprekstur á Almenníng á Oxnadalsheiði. –

Innfært í landamerkjabók Eyjafjarðarsyslu bl. 166



Landamerki Jarðarinnar Varmavatnshóla í Yxnadal

Að norðan eru merkin milli Bessahlaða og Varmavatnshóla úr vörðu ofanvið Yxnadalsárþakkan og uppí Grjóthrygg framaní Bungunum, og eru þar tveir stórir steinar, eða í millum þeirra og svo beint uppá fjall. – Að sunnan milli Gils og Varmavatnshóla úr Yxnadalsá eptir skriðu uppí vörðu, er liggur á milli bæanna, og þaðan beint uppá Gilsskurð. Að austan ræður Yxnadalsá. – Jöðrin á frían upprekstur á Almenning.

Lönguhlíð 30. apríl 1888

Jón Bergsson

(handsalað)

Þessum landamerkjum er eg sem eigandi Bessahlaðna samþykkur. –

St Jónsson

Sem eigandi Gils er framanskriðuðum landamerkjum samþykkur

Jónas Jonathansson. –

Þinglesið að Skriðu manntalsþingi 29. maí 1888.

Innfært í landamerkjabók Eyjafjsl. bl. 167.



Landamerki Þúfnavalla. –

Að utan ræður Barká frá upptökum alla leið til þess hún rennur í Horgá. Að neðan ræður Horgá, og að sunnan eru landamerki til móts við Saurbæ eptir beinni línu neðanfrá Hörgá uppi með túngarðinum utanvið völlin í Saurbæ og upp á röðulinn út af Slembumúla eður þúfnafjallahnjúk, en síðan eptir röðlinum á fjall upp.

Nesi 31 dag marz mán. 1884.
Einar Asmundsson.

Samþykkur vegna Saurbæar fyrir mína hönd og sameignarmanna minna
Guðmundr Guðmundsson.

Landsjoðurinn er eigandi að öllum jörðum sem liggja umhverfis þúfnavallaland nema Saurbæ
Einar Asmundsson.

Þinglesið að Skriðumanntalsþingi 29. maí 1888
Innfært í landamerkjabók sýslunnar bl. 167.



Landamerki jarðarinnar þverbrekku í Yxnadal

Að sunnan móts við Bessahloður eru merkin í skriðu skammt fyrir utan túnið á Bessahlöðum frá Yxnadalsá uppi Bessahlaðagil og það á fjall upp.

Að norðan til móts við háls eru merkin úr miðjum Arnarhól niður við Yxnadalsá, þaðan bein stefna upp utanvið endan á þverbrekkuvatni og þaðan utaní Smjörhlíðarhaus sunnan við Olduhrygg. ^{Líka}
fylgir svonefndur Hálsdalur

Að vestan ræður fjallsbrúnin að austan Yxnadalsá

Jörðin á sjöttapart í svo nefndum Almenningi Yxnadal til allrar brúkunar. –

Hrauni 1. mai 1888

Í umboði eiganda Mad^m þóru Sigurðardóttur á Miðsítju

Jónas Jónathansson.

Sem eigandi jarðarinnar Hals er ofanrituðum landamerkjum samþykkur

Jón Bergsson

(handsalað)

Sem eigandi Bessahlaða er eg framanskriðuðum landamerkjum samþykkur.

St. Jonsson

Þinglesið að Skriðu manntalsþingi 29. mai 1888.

innfært i landamerkjabók sýslunnar bl. 168.



Landamerki á Siglunesi.

Að austan í svonefnda Bangsagjá undir Hestinum. Að vestan í Hrafnshnef undan Siglunes skriðum
–

Eigendur

Sölvi Gottskálksson

Marsibil Jónsdóttir

Þorleifur Þorleifsson

Sigurður Pétursson

eigandi að Vík samþykkir. –

Þinglesið að Hvammeyrar manntalsþingi 21. júlí 1888 og innfært í landamerkjabók sýslunnar bl.
168.



Landamerki í Skarðdal með hjáleigunni Skardalskoti.

Að utan svo kölluð Snóksá, að sunnan Leyningsá að neðan sem Fjarðaráin ræður að meðtöldum Kola-hólma.

Brandur Jóhannsson.

Joh. Jónsson
eigandi að Hofn samþykkir

Þingl að Hvanneyri 24/7
Innf. bl. 168

Landamerki á Ráeyri með hjáleigunni Skútu.

eru að utan úr lækjarsprænu í fjallinu beint niður í 3 stóra steina, svokallaða Bræður og þaðan beina línu til sjóar. – Að sunnan milli Saurbæar og Ráeyrar: Bein lína úr vörðu á Kílsbakka yfir þveran Saurbæarhólma og eins úr vörðunni í stóran einstakan stein framaní Saubæarás og þaðan sömu stefnu til Skútuár, sem ræður merkjum til dalsbotns. –

Jón Jónsson
eigandi að Ráeyri.

Joh. Jonsson
eigandi að Saubæ samþykkir

Chr. Havsteen
eigandi að Staðarhóli
samþykkur –

Lesið að Hvanneyrar manntalsþingi 21. júlí 1888
Innfært í landamerkjabók sýslunnar bl 169.



Landamerki á Saurbæ

Bein lína úr vörðu á Kílbakkanum til sjóar yfir þveran Saurbæar hólma, og eins úr vörðunni í stóran stein framaní Saurbæarásnum og þaðan sömu stefnu til Skútuár, og svo það sem hún ræður fram í dalsbotn. – Að sunnan: bein lína úr tóptarbroti í miðjum kílnum í stóran hnaus á arbakkanum og sömu stefnu í Nestaklett²: (neðsta klett²) í Álfhirnuroðli. –

Jóh. Jónsson
eigandi að Saurbæ.

Jón Jónsson
eigandi að Ráeyri samþykkur

Jón Jónsson
eigandi að Hóli samþykkir.

Lesið að Hvanneyrarmantalsþingi 21. júlí 1888 og innfært í landamerkjabók Eyjafjarðarsýslu bl 169.



Landamerki á Hóli í Siglufirði.

Að utan úr stórum hnaus á árbakkanum í tóptarbrot í miðjum kílnum og þaðan beinalínu í Neðstaklett í Alfhyrnuröðli; að neðan það sem Fjarðaráin ræður fram fyrir Finnhóla, þá eptir gömlum farveg austan við Kotahólma, síðan sem áin ræður fram í dalsbotn í svo nefndan draugaklett, sem skilur Hólsland og afrjettinn.

Jóh. Jónsson
eigandi að Hóli

Sem eigandi að Saurbæ samþykkir. –
Sami

Lesið að Hvanneyrar manntalsþingi 21. júlí 1888 og innfært í landamerkjabók sýslunnar bl 169.



Landamerki á Árná

að utan í Læk sunnan við Björnshjalla; að sunnan og neðan það sem áin ræður fram til fjalla.

Margrjet Olafsdóttir
eigandi jarðarinnar

Sigurður Pjetursson
eigandi að Vík samþykkir.

Brandur Jóhannesson
eigandi að Möðruvöllum samþykkir.

Lesið að Hvanneyrarmantalsþingi 21 júlí 1888
Innfært í landamerkjabók sýslunnar bl. 170.



Landamerki á Vík í Hjeðinsfirði.

eru þessi: I Bangsagjá að vestan í forvaða stein kallaður er Skvampandi, að austan, að framan á Steinneslæk, og vestan ár í læk sunnanvið svonefnda Björnsneshjalla. –

Anna Bjarnadóttir
jarðeigendur –

Sigurður Pjetursson

Margrjet Olafsdóttir
eigandi að Árná samþykkir

Vegna Sigluness samþykkir
þorleifur þorleifsson

Marsibil Jónsdóttir
eigandi að parti í Siglunesi.

Baldvin Jóhannsson

Þinglesið að Hvanneyrar manntalsþingi 21 júlí 1888 og innfært í landamerkjabók sýslunnar bl 170.



Landamerki á Möðruvöllum.

Að utan í svonefndan Pollalæk og þaðan beina stefnu til ár. Að neðan sem áin heldur að meðtöldum hólma undan Garðabakka; að sunnan það sem áin ræður fram til fjalla. –

Brandur Jóhannesson
eigandi

Margrjet Olafsdóttir
eigandi að Árná samþykkir.

Lesið að Hvanneyrarmantalsþingi 21. júlí 1888 og innfært í landamerkjabók sýslunnar bl. 170-71.



Landamerkjabryf fyrir Vatnsenda í Hjeðinsfirði með hjál. Grundarkoti.

Að utan í Steinneslæk. Að sunnan í Pollalæk

Að neðan sem áin ræður. –

Guðfinna Jónsdóttir
eigandi.

Sigurður Pjetursson
eigandi að Vík samþykkir

Brandur Jóhannesson
eigandi að Möðruvöllum samþykkir

Lesið að Hvanneyrar manntalsþingi 21. júlí 1888. Innfært í landamerkjabók sýslunnar bl 171.

Landamerki Jarðarinnar Oxnafellskots liggjandi í Saubæjarhrepp.

Að norðan eru landamerki Oxnafellskots og Oxnafells eptir vörðum sem hlaðnar eru á mýrunum, og í Gróf ofan við mýrarnar og frá henni beint strik uppá mitt fjall, og eins beint strik frá þeim í lækjarfarveg utan við Oxnafellskotsvöll, og eptir honum til Eyjafjarðará.

Að sunnan eru merki milli Oxnafellskots og Víðirneslands í miðjan svo nefndan stekkjjarbotn, og úr honum beint niður í Eyjafjarðará, og beint strik eptir vörðum í Oxnafellsgilið í fjallsbrúninni og þaðan austur á mitt fjall út að Oxnafellsmarkjum.

Akureyri 15. maí 1889.

Elín Einarsdóttir

(eigandi Oxnafellskots)

þ. Thorlacius

I umboði eiganda Oxnafells. –

Lesið að Saurbæar manntalsþingi 24. maí 1889.



Breyting á Landamerkjum Stór-Hamars sjá landamerkjabók Eyjafjarðarsýslu bl 90 og 91. 5gr.

3. Að vestan úr vörðunni við krókinn í Stórhamarstjörn beint suður í litla lægð, sem liggur milli Kambsmós og Stórhamarsmós í suður til suðvesturs og Stórhamarsmós í suður til suðvesturs að stíflugarði frá Stórhamri, síðan eptir stíflugarðinum að Vatnsstokk frá Múkaþverá og þaðan í suðvestur í hæðsta Sandbakkann syðst á Klausturnesinu og þaðan Sandbakkann um vestur í Eyjafjarðará.

Akureyri 23. maí mán. 1889
Stephán Stephensen

Samþykkur vegna Múkaþverá
Stephán Stephensen.

Þinglesið að Ongulstaðamanntalsþingi 23 maí 1889.



Viðbót við landamerkjalyising þorustaða og Kaupangs.

Að sunnan eiga þorustaðir 240 – tvö hundruð og fjörutíu – faðma fram í Mórúkýl mælt á merkjum Grafar og þorustaða frá Kumlhól.

En að neðan á merkjum Kaupangs og þorustaða frá brekku eru 136 – hundruð þrjátíu og sex – faðma fram í Mórúkýl. –

Vilhjálmur Bjarnason
eigandi Kaupangs.

Stephán Stephensen.

Þinglesið 23. maí 1889 að Ongulstaða manntalsþingi.

Landamerki Hóla í Eyjafirði með hjáleigum. –

Að sunnan milli Hólatorfunnar og Vatnsenda gengur fram tangi niður við Eyjafjarðará, sem heitir Brúarnes, upp úr þessu Brúarnesi liggja landamerkin og uppí stóra vörðu, sem stendur uppá svokölluðum Vatnshól, rjett vestan við Hólavatn, þaðan beina lína yfrum Hólavatnið og uppí vörðu, sem stendur utanvið svo nefndan merkja hrygg, svo frá þeirri merkjavörðu og uppi yzta Skálarhól, og þaðan til efstu fjallbrúnar. Með því að samþykkja framanskriafaða landamerkja línu milli Vatnsenda og Hólatorfunnar, áskildu Hólatorfa eigendur sjer, að hafa frían og átölulausan læk, sem rennur ofan fjallið sunnan við merkinn rjett utan og ofan við merkjahrygginn, og er lækurinn kallaður hryggjalækur, þessu voru Vatnsenda eigendur samþykkir. Að vestan ræður Eyjafjarðará, og að norðan eru landamerkin frá Eyjafjarðará til fjallseggja efstu, beina línu eptir garði þeim, sem hlaðinn er út og suður frá Nýabæ. Að austan ræður efsta fjallsbrún.

Hólar eiga afrjett í Eyjafjarðardal að austan verðu árinna fram frá Klaufá, við hana er byggður trippagarður, og að vestanverðu árinna fram frá trippagarði þeim, sem byggður er rjett á móti garðinum að austanverðu árinna og fram til jökla að austan og vestan til syslumóta.

Þess skal getið, að garðurinn að vestan verðu við Eyjafjarðará stendur framar en í miðju Stangalækjarfjalli, en Stangalækjarfjall hefur verið þrætuland milli Hóla og Arnarstaða, nú hafa hlutaðeigendur komið sjer saman um, að láta merkin vera um trippagarðinn á móti Klaufá, og eiga Arnarstaða ábúendur að hafa frían upprekstur fyrir 2 trippi í Hólaafrjett með því að viðhalda trippagarðinum að vestanverðu Eyjafjarðará – (þó eru undanskildir gamlir og grimmir graðfolar).

–

Hólar eiga fríja betalingslausa selstöðu til allrar brúkunar í dalnum fyrir heiman nefnda Klaufá, þar sem hentast sýnist, allt heim að Glerá. Samkvæmt þinglesnum sáttgjörningi frá 1. júlí 1882.

Hólum 23. maí 1889

Jón Olafsson

vegna eigenda Hólatorfunnar. –

Randver Bjarnason

(eigandi að ½ Arnarstöðum)

Þorsteinn Thorlacius

(í umboði eiganda ½ Arnarstaða og tæpl. ½ Vatnsenda Helgu Johannesdóttur)

Páll Sveinsson

(eigandi að rúmum helmingi ef Vatnsenda.)



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Þinglesið að Saurbæarmannatalþingi 24 maí 1889.



Landamerki

Vatnsenda í Eyjafirði eru að sunnan neðan frá Eyjafjarðará og uppí vörðu, sem stendur neðst í svokallaðri merkjalaut á milli Vatnsenda og Jökuls, og frá merkjalautarvörðunni uppí Gráklett utan við Jökulskál, og svo frá honum til efstu fjallsbrúnar. Að vestan er Eyjafjarðará. Að norðan: niður við Eyjafjarðará gengur fram tangi, sem heitir Brúarnes, upp úr því liggja landamerkin milli Hólatorfunnar og Vatnsenda og uppí stóra vörðu, sem stendur uppá svo kölluðum Vatnshól, rjett vestan við Hólavatn, þaðan beina línu yfrum Hólavatnið og uppí vörðu, sem stendur utanvið svonefndan merkja hrygg. Svo frá þeirri merkjavörðu og uppi yzta Skálarhól og þaðan til efstu fjallsbrúnar. Með því að samþykkja framanskrafaða merkjalínu milli Vatnsenda og Hólatorfunnar, áskildu Hólatorfu eigendur sjer, að hafa frían og átölulausan læk, sem rennur ofan fjallið sunnan við merkinn, rjett utan og ofan við merkjahrygginn, rjett utan og ofan við merkjahrygginn, og er lækurinn kallaður Hryggjalækur. Þessu erum við Vatnsenda eigendur samþykkir. Að austan ræður efsta fjallsbrún. Þessu framanskrafaða landamerkjabrjefi til staðfestingar eru nöfn hlutaðeigenda undirskrifuð

Vatnsenda 23. maí 1889

Páll Sveinsson
(handsalað)
eigandi að rúml. ½ Vatnsenda

þ. Thorlacius
Í umboði eiganda að tæpl. ½ Vatnsenda.

Sigfús Sigfússon
(handsalað)
Vegna eiganda Jökuls

Jón Olafsson
vegna eigenda Hólatorfunnar.

Lesið að Saurbæarmantalsþingi 24 maí 1889.

Landamerki Jarðarinnar Skáldstaða í Saurbæarhreppi.

Að sunnan milli Skáldstaða og Jórunnarstaða eru merkin úr garðbroti niður við Eyjafjarðará, sem er vel sjáanlegt, svo úr garðbroti þessu eptir vörðum uppí rauðan Jarðfastan stein, og úr honum bein stefna uppí næsta rima fyrir utan Jórunnarstaðaskál á fjall upp. –

Að norðan er stór steinn, sem stendur á svokallaðri Stóru-Skriðu, hann er merkja steinn frá honum liggja merkin uppá svo kallað Ytra-Stóruskriðugil og uppí vörðu sem stendur uppí þorgerðarfjallsbrún og frá merkjavörðu þessari beina línu til fjallsbrúnar.

Að vestan ræður fjallsbrún. Að austan Eyjafjarðará –

Skáldstöðum 20. maí 1889.

Daniel Daníelsson

Sigurður Sigurðsson

Eigendur jarðarinnar. –

Sigurbjörg Jóhannesdóttir

(eigandi Kolgrímastaða)

Fyrir hönd eiganda Jórunnarstaða samþykkir þessi landamerki

Jón Kristjánsson

(eptir fullmakt)

Lesið að Saurbæar manntalsþingi 24. maí 1889.



Landamerki fyrir Torfufelli í Eyjafirði

að sunnan milli Hólsgerðis og Torfufells eru merkin í jarðfastan stein, sem er utan og neðanvið lágina, og bein stefna úr honum niður til Eyjafjarðarár til fjallsins er óskipt land milli jarðanna. Að austan ræður Eyjafjarðará landamerkjum, að norðan og vestan ræður Torfufells á landamerkjum fram að svo nefndri Galtá, sem er framan við Leyningsdal, frá henni á Torfufelldalinn beggja vegna og fram á fjöll, þangað til vötnum hallar vestur til Skagafjarðar, en frá Torfufellsgilskjapti eru landamerki beint strik í gilið, sem er næst fyrir utan Halldórstaðatún. Hólsgerði á frítt fyrir sínar skepnur á Torfufellsdal.

Jórunnarstöðum 21. mai 1889.

þ. Thorlacius

í umboði eiganda að einum helming.

Tr. Sigurðsson

eigandi að parti

Í umboði eiganda Hólsgerðis Jóns Bregsson á Auðnum samþykkir þessi landamerki

Jón Kristjánsson

Friðrik Jóhannsson

Eigandi Syðri-Villingadals

Sem umboðsmaður Lilju Jónsdóttur í Gullbrekku eiganda að parti úr Leyningi

þ. J Thorlacius.

Þinglesið að Saurbæar manntalsþingi 24. mai 1889

Landamerki Fjósakots.

Að utan á milli Möðruvalla og Fjósakots eru merki beint strik frá vallargarðinum fyrir ofan göturnar yfir melhól sunnanvið svo nefnda Hólshúsalaut, syðst á svonefndum Hríshól. Þar fyrir ofan er hið óskipta beitiland. En frá vallargarðinum ofanvið götuna eptir austari eða efri traðargarðinum suður í vörðu uppundan svonefndum Sundpolli, og frá henni beint strik í grjótvörðu á svonefndum Sundpollsmel og frá henni beint strik suður í garðlag á bakka Núpáreyra ofan undan Fjósakoti. Að sunnan eru landamerki í hrygg, sem er á milli tveggja skorninga utan og neðan við svonefndan Grjóthól, beint niður undan svonefndu Merkjagili, og þaðan í Gil, sem liggur utanvið völlin í Skriðu og þaðan í vörðu á svonefndri „Hnútu utan og neðan við Skriðuvöll. Þaðan beint eptir merkjum í vörðu, sem stendur á miðjum svonefndum Smalhól skamt fyrir ofan Núpárfarveg.

Fjósakoti 23 maí 1889
Fyrir hönd eiganda Fjósakots
Jón Jónsson
(handsalaði)

Vigfús Gíslason
vegna eiganda Möðruvalla
Marseliu Kristjánsdóttur.

Arni Jónsson (eigandi Skriðu)

Lesið að Saurbæar manntalsþingi 24. maí 1889.



Landamerki Skriðu í Saurbæarhreppi í Eyjafjarðarsýslu.

Að norðan eru landamerki í hrygg, sem er milli tveggja skorninga, utan og neðan við svo nefndan Grjóthól, beint niður undan svo nefndu Merkjagili, þaðan beint í gilið, sem liggur ofan og utan við völlin í Skriðu, í vörðu, sem stendur á svo nefndri Hnútu, utan og neðan við völlin á Skriðu, þaðan beint eptir merkjum á vörðu, sem stendur á miðjum svo nefndum Smalhól, skamt fyrir ofan Núpárfarveg. –

Að sunnan eru landamerki milli Skriðu og Stekkjarflata í stein, sem stendur framaní halli, skammt fyrir ofan Nupá, þaðan beint uppí Merkislág, sem er slegin sitt ár frá hverjum áðurnefndra bæa; þaðan beint í Bolagrófarkjaft, sunnan við svo nefndan Moldhól; þaðan beint upp á fjall; beitland óskipt í fjallinu að norðan. Að vestan ræður Núpárfarvegur landamerkjum. Frían upprekstur á Skriða á Möðruvalla afrjetti á Solvadal fyrir geldfje og trippi. –

Melgerði 23. maí 1889

Árni Jonsson (eigandi Skriðu)

Í umboði eigenda Stekkjarflata

H. E. Thorlacius.

Fyrir hönd eiganda Fjósakots

Jón Jónsson

(handsalað)

Lesið að Saurbæarmantalsþingi 24 maí 1889.

Landamerkjabrjef fyrir Ytra-Dalsgerði í Saurbæarhrepp.

Að sunnan ræður merkjum varða sú, er stendur á efra túngarði og ytri endi garðs þess, er liggur neðan við Syðra-Dalsgerðistún, þaðan beina stefnu í vörðu, sem stendur á efri enda merkjagarðs þess, er ræður merkjum það, sem hann nær en úr neðri enda er merkjalínan í merkjastein og þaðan sömu stefnu til Djúpadalsár.

Að utan: ræður merkjum merkjagarður sá, sem sjest allt frá Djúpadalsá til fjalls.

Fjallendi óskipt og sameiginlegt með Syðri-Dalsgerðum. Fría hagagöngu á jörðin í svonefndum Djúpadalshólum. Sömuleiðis á jörðin fría hagagöngu fyrir búsmala sinn um selstöðutíma á Djúpadal í Stóradals- og Saurbæarlandi og frían uppresktur á þverdal fyrir sín eigin trippi og geldfjé.

Saurbæ 4. maí 1889

Eigendr } M Baldvinsson í umboði hr St Stephensen
J. Gunnlögsson (eptir fullmakt)

Á. Stefánsson
ábúandi Stóradals.

Að því er snertir ítak framangreindrar Jarðar í Saurbæjarlandi í Djúpadal undir skrifar, að áskildu samþykki stiptsyfirvaldanna á Íslandi

Jakob Björnsson
Prestur

Kristinn Ketilsson
ábúandi Syðra-Dalsgerðis

Sigríður Tómasdóttir
ábúandi Hvassafells.

Lesið að Saurbæarmanttalsþingi 24. maí 1889.

Dvergstaðalandamerki

Að utan ræður Dvergstaðalækur alla leið, sem rennur til Eyjafjarðarár, svo eru merki á steini þeim, sem er framaní holti utan og neðan við Dvergstaða tún, þaðan beina stefnu í sjerstaka þúfu á ytri lækjarbakka út og ofan af fjárhúsum, sem standa utanvið Dvergstaðabæ, þaðan beina sjónhending í stóran stein, sem stendur ofanvið Kvíalág. Þaðan í stefnu upp á milli tveggja steina, er standa í holti sunnan og neðan við Litla Halsbeitarhús og svo þaðan beina sjónhending í nokkra sjerstaka steina, er standa utan og neðan við Skreppslág.

Að sunnan ræður merkjum skarð, sem er í bakkanum við Grundarkíl ofanvið Silfurdæld þaðan í litla steinavörðu, sem er neðan við aftara vegin ofanundan Silfurdæld, þaðan beint uppí stein, sem er sunnarlega í Melhól beint suður af Dvergstaða túni, frá þeim steini er bein stefna upp fyrir sunnan Merkjalág upp í hnausa vörðu, sem er á háu holti beint suður af Dvergstaðastekk, þaðan í svokallaðan Strillustein suður og upp af Dvergstaðastekk. – Þar fyrir ofan í fjallinu er óskipt beitland á milli Grundar og Dvergstaða.

Oddeyri 14. júní 1887

Björn Sl. Thorarensen.

Hinsvegar ritaðri landamerkja lýsing er eg samþykkur hvað Litla-Hól snertir

Stephán Stephensen

umboðsmaður Múkaþverárkl –

Þinglesið á manntalsþingi að Hrefnugili 25 maí 1889, og var merkjalýsingu þessari mótmælt af eiganda Grundartorfunnar er ekki hefur ritað samþykki sitt á hana. –



Landamerki Myrkárdals í Skriðuhrepp.

Að utan millum Myrkárdals og Myrkár ræður lækur sá, er fellur í ána Myrká og heitir Merkjælækur, neðan frá ánni og uppí grófina millum hólanna sem eru fyrir ofan vegin frá bænum Myrká upp að Myrkárdal. Úr læknum í grófinni eru merkin í stein á lítilli hæð, og eru tveir lausir steinar lagðir hjá stein þessum til auðkennis; þaðan ræður stefna beint uppí syðri enda Myrkáraskálar og þaðan í röðulinn á Stallinum í fjallsbrún upp. Fjallseggjar ráða landamerkjum að ofan milli Myrkárdals og þúfnavalla. Að framan millum Myrkárdals og Stóragerðis ræður Stekkjargil, sem liggur ofaní Stekkjarskál sunnan verða, ofanúr fjallsbrún. Úr því gili að norðan ræður bein stefna ofaneptir grundarhöfðum í steinvörðu við vegin, og þaðan beint ofaní Stekkjarhvammi við áfram. –

Myrká ræður landamerkjum að neðan milli Myrkárdals og Flögu. –

Myrkárdalur á frjálssa haga fyrir búfje fram á Myrkárdal fyrir framan fram frá Stóragerði. –

Flöguseli 30. maí 1885

J. Gunnlögsson

eigandi. –

Samþykkur sem umboðsmaður Flögu

Einar Asmundsson

Þinglesið á manntalsþingi að Staðartungu 27. maí 1889.



Landamerki Jarðarinnar Ytra-Kálfskinns

Að norðanverðu aðskylur Ytra- og Syðra-Kálfskinn eingja lækur sá, sem rennur norðanvert við Ytri-Kálfskinnsbæ niður úr ofanað svo nefndum Grafarlæk, sem aðskylur Syðra-Kálfskinn og Selárbakkaland og upp að svonefndum reiðgötum, þar fyrir ofan er óskipt land á milli Kálfskinnanna, og er notað frá báðum jörðunum til beitar og stöku sinnum til slægna. Að neðan ræður lækur sá, sem rennur fyrir neðan Götubæ og úti Selána. En að sunnan og neðan eru merkin þar sem svo nefndur merkjalækur fellur í lækinn, sem er áður nefndur, og svo eptir þeim læk þar sem hann rennur fyrir sunnan svonefndan Kallhól, og uppí Klauf þá, sem er sunnan við Selklett, þaðan beina línu uppí Háaklett á Skriðuhjalla og beina línu úr honum á fjall upp.

Ytra-Kálfskinni 7. desbr. 1888.

Eigendur Ólafur Sigurðsson og Flovent Sigfússon.

Samþykktur:

Valdimar Guðmundsson

Jón Jonsson

Sigríður Sigurðardóttir. –

Þinglesið á manntalsþingi að Arnarnesi 31. maí 1889.



Landamerki Ytri-Haga ásamt Götu.

Að norðan milli Ytri-Haga og Selárbakka standa tveir stórir steinar á ásnum fyrir utan svo nefnda „Lýnglág“ syðri og þaðan beina stefnu í sunnanverðan Vörðuklett á Skriðuhjalla, og svo þaðan beint í Ófærugjá

Eptir þessu er bein stefna frá fjöru til fjalls.

Að sunnan við Syðri-Hagaland ræður lækur sá, sem rennur á milli bæanna frá fjöru uppeptir túninu, uppí krók þann, sem Ytri-hagabæarlækur er tekin úr Syðri-Hagabæjarlæk, þaðan í vallargarðshlið utan við Syrði-Haga hesthús, þaðan beint í bæarlækinn í flúðunum þar sem hann byrjar að beyjast suður og niður svo eptir læknum uppá efstu hjallabrún og þaðan í vörðu ofarlega á Skriðuhjalla og þaðan beina línu á fjall upp.

Ytra-Kálfskinni 26.mai 1887.

Flovent Sigfússon.

Sem eigandi að Syðri-Haga er eg samþykkur

J Einarsson

Sem eigendur að Selárbakka erum við samþykkir

Valdimar Guðmundsson Jón Jónsson.

Lesið á manntalsþingi að Arnarnesi 31. mai 1889.

Landamerki jarðarinnar Hillna.

Að norðanverðu við Fagraskógslund ræður varða á svokölluðu Torfnesi, og þaðan beina línu upp í læk þann, er þar rennur út fyrir ofan, og svo eptir læknum á fjall upp.

Að norðanverðu við Syðri-Hagalund ræður garður sá, sem liggur á Kellingarnefi sunnan við Rauðuvík, og þaðan beina stefnu í læk þann, er rennur eptir svokallaðri Breiðuklauf í Gráhjalla, þaðan eptir sama læk upp á Sauðaklett og uppi Syðra-Gönguskarð í Hrossahjalla og þaðan beina stefnu á fjallsbrún upp –

Syðra-Kálfskinni 13. maí m. 1887

F. Sigfusson

Samþykktur fyrir Fagraskógslund eptir fullmakt frá eiganda

J. V. Havsteen.

Joh. Einarsson

(eigandi Syðri-Haga).

Lesið í manntalsþingi að Arnarnesi 31. maí 1889.



Landamerki Syðra-Krossanes í Glæsibæarhrepp innan Eyjafjarðarsýslu.

- #1. Að sunnan úr ós í Sandgerðisbót vestur við klappir, og þaðan sunnanvert uppí Bandagerðisbúð (Sandgerði) og síðan uppí vörðu á Viðarholti, sunnan við Viðarholtsvík.
- #2. Að norðan neðst ræður Ytri-Krossaneslækur uppí merkjagarð, og úr honum beint uppí syðri enda Hundatjarnar og þaðan rjettsýnis uppí vörðu á Miðás
- #3. Að vestan ræður Miðás, er liggur skammt fyrir ofan Hundatjörn að norðanverðu, og beint úr honum í vörðu á Viðarholti til suðurs. .
- # Að austan ræður sjórinn. .

Oddeyri 20. Apríl 1889

J. V. Havsteen.

1. Þessu samþykku fyrir Bandagerðisland merkin að sunnan verðu samkvæmt ofan skrifað
1.

p. t. Oddeyri 1889.

2. Samþykkur ofanskrifuðum merkjum að norðan verðu fyrir eiganda Ytra-Krossaness í umboði eigandans Flovents Sigfússonar á Kálfskinni

p. t. Oddeyri 10. maí 1889.

Vegna Ytra-Krossaness samþykkur

Jónas Gunnlögsson þratarhóli

3. Samþykkur þessum merkjum að vestan verðu að Myrarlónslandi.

p. t. Oddeyri 5. maí 1889

Vegna Mýrarlóns samþykkur

Þorsteinn Danielsson

Þinglesið á Glæsibæar manntalsþingi 28 maí 1889, en landamerkjum þessum er mótmælt af eiganda Lögmannshlíðartorfunnar hvað 1 gr. þess snertir. –

Landamerki Mýrarlóns í Glæsibæarhrepp og Eyjafjarðarsýslu.

Til móts við Lögmanshlíð og Kollugerði lína dregin úr Guddumel við Lónið eptir vörðum til austurs í Viðarholtsvík.

Til móts við Syðra- og Ytra-Krossanes, úr Viðarholtsvíki lína dregin úr Miðás til móts við Stíflumel og þá til vesturs um tjeðan mel í Lónið. Til móts við Ásláksstaði og Bitrugerði ræður Lónið.

Skípalóni 5. maí 1889
Þorsteinn Danielsson

Samþykkt vegna Lögmanshlíðar og Kollugerðis í umboði Jóns. Sigfússonar samkvæmt handsali Jakob Björnsson.

Vegna Ásláksstaða samþykktur
G. Árnason

Fyrir Syðra-Krossanesland samþykktur 5/5 1889
5/5 1889
J. V. Havsteen.

Vegna Ytra-Krossaness samþykktur
F. Sigfússon.

Þinglesið í manntalsþingi að Glæsibæ 28/5 89.
S. Thorarensen



Landamerkjalyising fyrir jörðunni Syðsta-Samtúni í Glæsibæarhr.

Austan í svokölluðum bungum upp undir fjallsbrún hefur lækur nokkur upptök sín, úr stóru dýi sem Teigalækur er kallaður og rennur hann hjerum bil beint ofan fjallið, eptir honum eru landamerki á milli Hraukbæjarkots og Syðsta-Samtúns, þar til bæarlækurinn í Syðsta-Samtúni er tekinn úr honum, þar frá liggja merkin eptir Teigalæksins gamla farveg ofaní þvergarð, sem liggur út og suður nokkra faðma fyrir neðan teigholtið. þar byrja merkin milli Ytra-Krossaness og Syðsta-Samtúns, og liggja þau eptir þvergarðinum úti garðmót, sem liggur upp og niður mýrarnar hjerumbil 30 faðma fyrir sunnan neðsta fjárhúsið á Syðsta-samtúns túninu, síðan eptir þessum garði og vörðu tippum niður í miðja folaldamýri, þá tekur við Blómsturvallaland að neðan, þaðan liggja merkin beint úti sjerstaka stóra þúfu syðst á Lækjardalsholtinu, svo þaðan upp eptir þeim læk, sem kemur ofan á milli bæanna Syðsta-Samtúns og Miðsamtúns, og aðskilur hann land á milli fyrnefndra Samtúna, þar til bæarlækir þessara bæa koma saman, þá ræður Syðri-farvegur upp á milli aðurnefndra bæa, svo ráða torfvörður beina línu upp að fjallsbrún norðan í Efri-Bungur.

Yzta-bæ í Hrísey 20. Apríl 1886

K. T. Stefánsson

eigandi að Syðstasamtúni

Þessari hjer rituðu landamerkja lysingu, er að öllu leyti samþykkur

H. Hálfvánarson.

Þessari framaritaðri landamerkjalyisingu er jeg undirskrifaður að öllu leyti samþykkur

Blómsturvöllum 6. mai 1886.

Olafur Jonsson.

Samþykkur að því leyti er snertir Hraukbæ og Hraukbæarkot

Einar Asmundsson.

Samþykkur vegna Mið-Samtúns fyrir hönd ekkjunnar þóru Sigurðardóttur á Miðsitju

J .Jónathansson.

Þinglesið á manntalsþingi að Glæsibæ 28 mai 1889.



Landamerkjabrjef fyrir Miðsamtúni í Glæsibæarhrepp.

Samkvæmt landamerkja brjefi fyrir Efsta-Samtúni eru merkin gjörð í millum bæanna Miðsamtuns og Efstasamtúns í læk er rennur niður á millum túnanna, nema hvað Miðsamtún á 1000 □ fðm norðan við lækinn neðan af Efsta-Samtúns túni, sem er afmarkað með trjehælum og gamalli götu, að norðan ræður sami lækur merkjum niður á móts við Steinkot í vörðu á Syðri-lækjarbakkanum niður frá Steinkoti. Þaðan í vörðu syðst á holtinu niður undan Steinkoti, þaðan beina stefnu niður mýrarnar í norðanverðan þinghólsbæ. Að neðan ræður merkjum lína sú, er liggur suður frá Einbúahól í vörðu syðst á Lækjardalsholtinu, svo þaðan í vestur og upp eptir læk þeim, sem kemur ofanað og rennur í millum bæanna Miðsamtuns og Syðstasamtúns þar til hann skiptir sjer ræður syðri partur hans uppí móts við áður nefnda bæi í vörðu, þaðan ráða vorður merkjum beina línu til fjalls upp í stóra vörðu norðan í Efribungnahaus, sem er uppá fjallshrygg. Þess skal hjer getið líka, að Jarðinar miðsamtún og Efstasamtún eiga saeiginlegt slægju og beitiland í fjallinu eptir tilölu. –

I umboði eigandans Maddömu þóru Sigurðardóttur á Miðsitju

J. Jónathansson.

Þessum landamerkjum er eg samþykkur vegna Miðsamtuns. Eptir fullmakt

H. Stefánsson.

Þinglesið á manntalsþingi að Glæsibæ 28/5 89.

Landamerki Laugalands og Heiðarhúsa í Glæsibæarhrepp

Að utan: Ur syðra Klaufárskarði fyrir sunnan Stekkjarhóla við Hörgá og beina stefnu upp norðan við Holuvöll, og síðan beint í vörðu fyrir sunnan og vestan Grjótgarðsstekk og þaðan beina lína í midt sundið næsta fyrir utan Yzta-Bróður í vörðu þar, þaðan uppí Grófargil suður og upp frá Grjótgarðsseli, síðan ræður Grófargilslækurinn upp á móts við Efri-Sjónarhól, og þaðan eptir grjótvörðum uppí brúnina norðan við miðjan Stóraslakka. .

Að austan ræður fjallsbryggur og Stóri-Hnjúkur. Að sunnan neðst: Bein stefna úr fjárhúsinu, sem er norður og fram á brekkunni í Auðbrekku og í vörðu á melnum milli Kronastaða og Laugalands við Þjóðveginn og síðan beint uppí svokallaða „Miðdegishæð,“ þaðan bein lína suður og upp í vörðu, sem er á Há há ásnunni út og upp undan Kronastöðum, úr þeirri vörðu bein lína í stóran Jarðfastan stein rjett framaní holtinu sunnan og ofan við Laugalandssel, þaðan bein lína eptir vörðum í upptök Kistulækjar, er kemur úr svokallaðri “Kistu.,,

Að vestan ræður Hörgá og gamall farvegur milli Glæsiness og Laugalandshólma.

Engi Heiðarhúsa úrskiptist þannig:

Úr miðjum flatamelnum á flóanum beina stefnu fyrir utan bæinn Heiðarhus og fyrir sunnan hann dálítill lág með Laugalandslæknum. Að öðru leiti tiltölulegar slægjur uppí Grænum. –

Akureyri 23. apríl m. 1889

Stephán Stephensen.

Þessum landamerkjum er eg samþykkur vegna Grjótgarðs

H Stefánsson.

Þessum landamerkjum er eg samþykkur sameigandi Kronastaða

Jón Guðmundsson.

Þessum landamerkjum samþykkur vegna Auðbrekkutorfunnar

Eggert Laxdal

Hvað Skúti áhrærir, hefur umboðsmaður jarðarinnar St. Jónsson samþykkt ofan skrifuð landamerki.

vottar

S. Thorarensen

Þinglesið á manntalsþingi að Glæsibæ 28/5 89.



Landamerki Lögmanshlíðar með hjáleigunum Kollugerði Rangárvöllum og Bandagerði ásamt kirkjujörðunum Efri- og Neðri-Glerá einnig jarðarinnar Titlings (sem á sameiginlegt land við torfuna) innan Glæsibæarhrepps. –

Að norðan: Úr Ódrykkjulæk, sem rennur fyrir sunnan Syðra-Krossanes, þaðan beina stefnu í mitt Viðarholtsvík, svo beina stefnu þaðan í vorðu utaní svokölluðum Guddumel, er stendur rjett austan við Lónið. Svo ræður Lónið merkjum suður að læk, sem fellur í það, og sem rennur fyrir sunnan túnið á Hesjuvöllum; síðan eru merki eptir honum í Gróf í fjallinu, svo eptir henni í vörðu, er stendur efst á fjallsbrún. –

Að vestan ræður mitt fjallið að ofan.

Að sunnan frá upptökum Glerár og alla leið eptir henni að klöpp þeirri, er stendur syðst og austast norðan við ána, þar sem melarnir fara að beyjast til norðausturs. –

Að austan: Úr áðurnefndri klöpp að sunnan og þaðan beina stefnu rjett neðan undir melunum í Heingingarklöpp og svo frá Heingingarklopp að sjó fram, en þaðan ræður sjórinna að áðurnefndum Odrykkjulæk –

Espihóli 13. maí 1889.

Jón Sigfusson

Þinglesið á manntalsþings Glæsibæar 28. maí 1889.

Landamerki Ytra-Krossaness. –

Ræður garðstúfur fyrir sunnan neðan frá sjó og uppí túngarð milli Krossanesa og þaðan rjettsýnis uppí sunnan verða hundatjörn og þaðan rjettsýnis uppí Berghól sunnan verðan er stendur fyrir neðan Lónið, og þaðan í keldudragið er gengur sunnaní Lónið. Fyrir sunnan upptök, en fyrir ofan Lón er steina varða, og þaðan rjettsýnis útí Hraukbæargrafir utanverðar og þaðan rjettsýnis uppí steina sunnan læk þann, sem suður er frá Krossanes seli og þaðan rjettsýnis í heygarð, síðan ræður hann fyrir ofan og útí garðstað. Fyrir sunnan Samtún þæ ræður þá þaðan garðstaður ofaní tún fyrir utan Hrafnabjörg og síðan lón útí sjó.

Kálfskinni dag 10 mai mán. 1884.

Flovent Sigfusson

Samþykktur sem umboðsmaður Hraukbæar með Hraukbæarkoti
Einar Ásmundsson.

Samþykktur fyrir Syðsta-Samtún

Ch. T. Stefansson

Ólafur Jónsson.

Samþykktur landamerki að norðan samkvæmt kaupbrjefi mínu „Að austan ræður neðst Ytra-Krossaneslækur uppí merkjagarð, og úr honum ^{beint} uppí Syðri-Tjarnarenda (kumblatjörn) og þaðan rjettsýnis í vörðu á Miðás. –

Þinglesið á Glæsibæarmantalsþingi 28/5 89.



Landamerki Grjótgarðs í Glæsibæarhrepp og Eyjafjarðarsýslu.

Að norðanverðu niður við Hörgá á móts við Djúpárbakkaland ræður merkjum lítil klöpp vestan í svokölluðum Stekkjarhólum (sunnanverðum), þaðan beina línu austur í Klöpp á holtinu suðurundan Djúpárþakka, þaðan sömu línu austur á miðjan svo nefndan „Reiðmel“ í gamalt merkjavorðubrot, þaðan sömu stefnu austur á brúnina sunnan við þórustaðaklöpp

Að austan á móts við Moldhaugna land ræður merkjum brúnin suður frá þórustaðaklöpp í gilið sunnan og vestan við þórustaði. þaðan liggur merkjalínan í vestur motts við Skútnaland í stóran stein niður á brúninni norður frá svokölluðum Hvithól (með garð í kring) þaðan beina línu niður eptir norðan við Gvendarmó og sömu stefnu norður í Grjótgarðslæk í foss út og upp frá Grjótgarðsbæ, svo frá fossinum ræður lækurinn merkjum suður í millum Skutna og Grjótgarðs þartil svokallaður Stekkjarlækur fellur í Grjótgarðslæk, eru þá merkin eptir nefndum Stekkjarlæk upp sunnan við Skútnastekk og suður og upp sunnanvið svokallaðan Kolaklett, og eptir þeim sama læk upp sunnanvið Lambabyrgi og upp sunnanvið Skútnasel, og þaðan suður og upp hjá Grjótgarðsseli. þaðan bein lína niður eptir í móts við Laugalandslæk í vörðu í litlu mýrarsundi norðan við svonefnda Bræður, þaðan beina línu í vörðubrot suðvestur frá Grjótgarðsstekk, svo þaðan út og ofan í vörðu á brúninni og sömu stefnu norðan við Holuvöll, svo þaðan til Hörgár í Syðra-Klaufarskarð. – Lítil hólmi fylgir suðvestur af Stekkjarhólum.

Skútum 30. janúar 1886

Halldór Stefánsson.

Elín Einarsdóttir

Þessum landamerkjum er jeg samþykkur, sem umboðsmaður Djúpárþakka.

Einar Ásmundsson

Sömmuleiðis umboðsmaður Moldhauga og Skútna

St: Jónsson.

Samþykkur vegna Laugalandslæks og Heiðarhúsa

Stephán Stephensen.

Þinglesið á Glæsibæarmantalsþingi 28/5 89.



Landamerki Saurbæar í Hörgárdal.

Á móti við þúfnavelli eru landamerki bein lína frá Hörgá upp á fjallsröðul upp með túninu að utanverðu, og svo eptir miðju fjallinu suður að Myrkármerkjum; en á móts við Myrkárland ræður skurður neðan frá Hörgárbakka þeim vestri, og þaðan í Skriðugil upp af fjallsrindlanum og eptir því þ bein lína á fjall upp. Hörgá ræður merkjum að austanverðu. Enfremur á Saurbær selstöðu á Hörgárdal í svokölluðum Gullreit/Gulbeit þar sem heitir Saurbæarsel. –

Sörlatungu 9. aug. 1887

Guðm. Guðmundsson.

Samþykkur sem umboðsmaður þúfnavalla

Einar Asmundsson

Arnljótr Ólafsson

umráðamaðr Myrkárstaðar – –

Þinglesið á manntalsþingi að Staðartungu 27/5 89.



Landamerkjalysing fyrir Dunhagakoti í Skriðuhrepp.

Að utan móts við Litla-Dunhagaland ræður merkjum lækurinn í Dunhagaskarði niður í fossa Skálabrún, þaðan beina línu niður í Keldukrók eptir merkja vörðum, spölkorn sunnan og ofan við hesthús hólín, suður og upp frá Litla-Dunhaga Litladunhaga, þaðan af ræður keldudragið niður að túnunum og í gegnum þau allt niður á grundina neðan við túnin, síðan bein lína eptir merkjavörðum þvert fram engið til Hörgár.

Að austan ræður Hörgá. Að sunnan móts við Stóra-Dunhaga ræður merkjum garður neðst á enginu og sömu stefnu eptir vörðum upp að brekkum og í grótvörðu uppá brekkubrúninni, svo þaðan sömu stefnu eptir torfvörðum og niðursettum steinum upp eptir í gegnum túnið og í torfvörðu ofarlega á garðinum suður og upp frá Dunhagakotsbæ. Þaðan liggja merkin beina línu suður og upp yfir lækinn í torfvörðu, rjett sunnan við svonefnt Kvíholt (á nefndri línu er stór jarðfastur steinn í Kvíholtinu upp undan fjárrjettinni) Frá áðurnefndri torfvörðu liggja merkin beint upp Náðargerðissundin og sömu stefnu eptir torf og grjótvörðum upp á skálabrúnir og sömu stefnu upp norðaustustu gjána í hnjúknunum á norðanverða fjallsbrún. –

Skútum 2 júní 1886.

Halldór Stefánsson

Þessum landamerkjum er eg samþykkur að því er snertir Litla-Dunhaga. –

Einar Asmundsson

Samþykkur fyrir Stóra-Dunhaga

Ólafur Jonsson

eptir fullmakt.

Þinglesið á manntalsþingi að Staðartungu 27/5 89 –

Myrkárland.

Að utan millum Myrkár og Saurbæar ræður landamerkjum skurður neðan frá Hörgá og svo langt sem hann nær og þaðan í Skriðugil upp af Skarðsendanum og eptir því beint á fjallsbrún upp. Að neðan ræður landamerkjum Hörgá þangað fram er áin Myrká fellur í hana. Að framan ræður Myrkáin merkjum þangað upp er Myrká rennur í hana. Þaðan frá skiptir Merkjalækur landi millum Myrkár og Myrkárdals uppí Grófina millum hólanna, sem eru fyrir ofan vegin frá Myrká upp að Myrkárdal. Úr læknum í grófinni eru merkin í jarðfastan stein á lítilli hæð og úr steininum bein stefna upp í syðri enda Myrkárskálar og þaðan upp ytri röðulin á Katlinum á fjallsbrún upp Fjallseggjar ráða að ofan. Myrkárstaður á Myrkárdal allan fyrir framan Selleyti og fram í jökul neðan frá á og á fjallseggjar upp. Myrkárdalsbóndinn á þó beit að frjálsu handa öllum búsmala sínum þar fram á dalnum, en gæta skal hann þess að búpeningur gangi eigi í Stóragerðislandi: nje troði það til skemda. Búðarnes á engisítak í Myrkárland, er heitir Búðarnesmór. Mór þessi liggur fram við Merkjalæk neðanvert. Að ofan afmarka Móinn tveir stórir jarðfastir steinar, og ræður sjónhending úr þeim í garðsenda, er liggur ofan með Mónum að norðanverðu –

Bægisá 22. maí 1889.

Arnljótr Olafsson.

Samþykki

Loptur Guðmundsson
eigendur Saurbæar.

Guðmundur Guðmundsson

J. Jónasson
Eigandi Búðarnes.



Stóragerðisland.

Merki milli Stóragerðis og Myrkárdalsjarðar er gil það er Stekkjargil heitir, sem liggur ofanúr Stekkjarskál sunnanverðri, og þaðan beint á fjallsbrún upp. Úr gílinu að ofan er bein stefna utanvert við gilið ofaneftir grundarhöfðinu og ofaní utan verðan stekk, er stendur niður við ána. Stóragerði tilheyrir land allt á Myrkárdal fram að Myrkárlandi á Selleyti. Fjallseggjar ráða að ofan, en Myrkáin að neðan.

Bægisá 22 maí 1889.

Arnjótr Ólafsson. –

Þinglesið á manntalsþingi að Staðartungu 27/5 89.



Landamerki hjáleigunnar Bakkasels í Yxnadal.

Að norðan Hjallendagil utan við Lurkastein og úr því til Yxnadalsár niður. Að austan ræður Yxnadalsá. Að vestan ræður Grjótá og Kallbaksdalsá landamerkjum.

Þess ber að geta, að jörðin Ytri-Bægisá á ítak á Yxnadalsheiði kallað Folaldareitur og jörðin Bakki frían upprekstur. –

Bakka í Yxnadal 8 marz 1889

S Jónasson Jón Jonasson.

Samþykkur vegna Gils

J. Jónathansson

Þinglesið að Staðartungu manntalsþingi 27 mai 1889.

Landamerki jarðarinnar Auðna í Yxnadal.

Að sunnan til móts við Hraun ræður merkjum gamall garður á svonefndu Valsnesi í vörðu utaní Melhól neðan við mýrarnar og úr henni bein stefna í mjóa miðgraslág neðst í brekkunum, svo úr henni í merkjalækin, þar sem hann kemur fram af neðstu hjallabrúninni, síðan eptir læknum til upptaka hans fyrir utan svokallaðan Háaleitishól, og svo úr þeim (upptökunum) bein stefna á fjall upp.

Að norðan til móts við Bakka, úr vörðu sem stendur niður við Yxnadalsá, suður og yfrar svokallaðri Lög rjettu Klöpp austan árinna, þaðan í vörðu uppá mýrunum fyrir ofan holtið, svo í lækjargrafning neðst í þjófalág og þaðan í uppreista hellu ofan til í þjófalag, svo í vörðu uppá hólbrúninni, og þaðan bein stefna í vestari brún hólins. . Að vestan ræður vestari brún hólins, að austan. – ~~Jörðin á frían upprekstur á Almennung á Oxnadalsheiði~~
(Útstrikuð á eigendum Bakka og Bakkasels).

Lönguhlíð 1. maí 1888

Jón Bergsson.

(handsalað).

Undirritaðir eigendur jarðarinnar Hrauns samþykkju hjermeð framanskriðu landamerki

Jónas Jónathansson

Einar Jónsson.

Framanrituð landamerki samþykkjum vjer hjermeð eigendur jarðarinnar Bakka, að því leyti er snertir heimalandið, en mótmælum og neitum hjermeð, að jörðin Auðnir eigi frían upprekstur á Yxnadalsheiði, eða nokkurnstaðar í landi því, er hjáleigunni Bakkaseli tilheyrir.

S. Jónasson

Jónasson

Þinglesið að Staðartungu manntalsþingi 27. maí m. 1889.



Hallfríðarstaðaland.

Jeg undirskrifaður lýsi hjermeð landamerkjum jarðarinnar Hallfríðarstaða í Skriðuhrepp, sem er eign okkar Jóns Bergssonar og byrjast þau niður við Hörgá. Að sunnan móts við Oxnhól ræður bein lína frá merkjavörðumel og þaðan í stóran stein, sem stendur við fjallsfótinn, og frá honum í Yztamerkisklett og allt þetta í beinni línu til fjallseggjar. En að utan frá fjallsegg og beint niður að bæarrindli og eptir honum í stóran stein á kvíholti og frá honum í skurð, sem að skilur túnin og svo beina stefnu ofaní túngarð, og allt austan túngarðsins þar til gömlu reið götur taka við, og eptir þeim að svo kölluðum Engjahóslæk og þaðan beina stefnu til Hörgár. Horgá aðskilur að austan.

En þess skal geta, að Hallfríðarstaðakot hefir jafnrjetti Hallfríðarstöðum til beitar í þeim parti, frá Engjaholtslæk að Sandhól, en engin önnur afnot Hallfríðarstaðalands.

Akureyri 14. maí 1888.

Páll Erlindsson

Jón Bergsson

eigendur jarðarinnar.

Samþykkur fyrir Hallfríðarstaðahól

Jón Bergsson.

Þessari merkja lýsingu er jeg samþykkur að því er Oxnahól snertir

Einar Asmundsson.

Þinglesið á manntalsþingi að Staðartungu 27/5 89.



Landamerki Hallfríðarstaðakots í Skriðuhrepp.

Að sunnan móts við Hallfríðarstaði frá fjallsegg beint niður að bæarrinda og eptir honum í stóran stein á Kvíholti, og frá honum í skurð, sem aðskilur túnin og svo beina stefnu ofaná túngarð og allt austan túngarðsins, þartil gömlu reiðgötur taka við, og eptir þeim að svo kölluðum Engjahólslæk og þaðan beina stefnu til Hörgár. Að austan ræður Hörgá. Að norðan móts við Longuhlíð eru merkin í merkjavörðu á mel ofan við Lönguhlíðarbakka sunnarlega beint til Horgár fram og einnig beint í Grástein og merkjavörðu uppi á Hallastaðaholtinu, og svo beint á fjall upp. Þess skal getið, að Hallfríðarstaðakot hefir jafnrjetti Hallfríðarstöðum til beitar á þeim parti frá Engjahólslæk að Sandhól, en engin önnur afnot Hallfríðarstaðalands –

Longuhlíð 14. maí 1888

Jón Bergsson.

Þessari merkjalýsing er eg samþykkur hvað Longuhlíð snertir

J. S. Thorarensen

Samþykkir sem eigendur Hallfríðarstaða

Páll Erlindsson

Jón Bergsson

Þinglesið á manntalsþingi að Staðartungu 25/7 89.



Landamerki Bægisáirkirkjujarðarinnar Fagraness í Skriðuhreppi

er að framan í fjalli svokallað Gloppugil, sem afsker Fagranesland frá Gloppulandi og úr því bein lína til Yxnadalsár, ræður hún að neðan, en að utan nefnist Miðskriðugil, sem afskjer Fagranesland frá Geirhildargarða í fjalli og úr því bein lína til áar. Hæðsti fjallhryggur að ofan

Bægisá 6. júní 1887

Arnljótur Olafsson

Hlutaðeigandi Geirhildargarða samþykkist að öllu leiti ofan greindum landamerkjum til staðfestu er nafn mitt

Jón Jonsson.

Framanskriðuð landamerki samþykkir

Stephán Stephensen.

Þinglesið á manntalsþingi að Staðartungu 27/5 89.



Landamerki Kirkjujarðarinnar Skjaldastaða í Yxnadal

Að sunnan bein stefna frá Yxnadalsá í vörðu stendur sunnan við kíldrag á bökkunum, þaðan beint í garð utanvið Hraunshöfða, og úr honum beint á háls upp. að ^{austan}(vestan) ræður Yxnadalsá. Að utan í vörðu við Yxnadalsá í svokölluðum Stekkjarhvammi og þaðan beina stefnu í svonefnda Merkjalá, og svo úr henni beint á háls upp. að vestan ræður hálsbrúnin landamerkjum. –

Steinstöðum og Bakka 9. maí mán 1887.

St. Jónsson J. Jónarsson.

Sem eigandi jarðarinnar Hraunshöfða í Yxnadal, sem land á móts við jörðina Skjaldastaði, samþykki eg hjermeð framangreind merki

Auðnum 1. júní 1887

Jón Bergsson

Sem umboðsmaður Miðhálsstaða er jeg samþykkur þessum landamerkjum.

Einar Ásmundsson

Þinglesið á manntalsþingi að Staðartungu 27 maí 1889.



Landamerki Múkaþverár í Ongulstaðahreppi.

Að vestan við allt land jarðarinnar liggur Eyjafjarðará, og á jörðin fram í hana miðja og þá hólma, sem eru í ánni: Lítil hólmi rjett útaf Klausturnesinu og annar hólmi rjett ofanundan bænum, er heitir Mariugerðishólmi.

Landamerki jarðarinnar að utan eru: Bein stefna úr neðsta fossinum á Grísará og í yzta vallargarðinn eða hús yzt á túninu á Ytra-Laugalandi uppað kíll ofanvið bakkana. – Að austan við Eyjafjarðarárbakka, sem heyra undir Múkaþverá ræður að utan ofanefndur kíll til suðurs að Laugalandsbrú, en fyrir sunnan brúna ræður til suðurs deiglulá eða lægð, er liggur fyrir ofan bakkana og suður í Sandskarðskíll, og þaðan ræður fyrir Uppsalalandi vestri brún Bakkakíls, allt suður fyrir Hrafnagilspoll, og frá nefndum Hrafnagilspolli eptir vörðum – áður ógreinilegum Kíldrögum suður undir svokallaðan Staðarstekk.

Að utan við aðalland jarðarinnar: Frá Staðarstekk liggja merkin beint í austur í svokallað Skriðugil, og þaðan upp að steini eða vörðu, er stendur rjett sunnan við Skriðugilið efst, og þaðan beina stefnu upp í Smáragil.

Að austan með fjöll eða öræfi og fram í botnin á Múkaþverártungum, en vestanvið tungurnar ræður Mjaðmá, er rennur úr Gljúfrum beint í Eyjafjarðará móts við Merkgilsá.

Undir jörðina heyrir svokallað Klausturnes og ræður þar merkjum að norðan Klausturneskíll og að vestan Eyjafjarðará. Að austan ráða Litla-Hamars og Há-Hamarstjarnir suður að Kamsbæ, síðan ræður lítil lægð, sem liggur milli Kambs og Stór-Hamarsmós í vestur suðvestur að stíflugarð frá Stór-Hamri, síðan eptir stíflugarðinum að Vatnsstokk frá Múkaþverá og suður í hæðsta Sandbakkan syðst á Klausturnesinu og síðan eptir nefndum sandbakka vestur í Eyjafjarðará. Undir Há-Hamar liggur tangi úti Eyjafjarðará suðvestur af Klausturnesinu, sem takmarkast af laut eða lægð að vestan.

Undir Múkaþverá heyrir Bleiksmýrardalur fyrir austan Fnjóska norður að Hamarslæk og á jörðin selför í svonefndu Skarðsseli, ~~eðr~~ liggur fremst í landi Reykja í Fnjóskadal og landeign milli Skarðsár og Vothamars og á Bleiksmýrardal fyrir vestan Fnjóská mánaðar hald fyrir öllu klaustursins fje og 30 geldneyta upprekstur. Selför í Melrakkadal, er liggur fyrir framan Helgársel. Jörðin á skipsuppsátur, búðar og hjallstæði á Oddeyri.

Undir jörðina Múkaþverá hefur heyrt hólmi eða eyja í Eyjafjarðará, sem nefnist nú Staðareyja, en áður var kölluð þorunnarey, og er hún nú tekin undan Múkaþverá og leijð sjerstaklega af umboðsstjórninni.

Akureyri 17. maí m. 1890

Stephán Stephensen

Hvað Bleiksmýrardal snertir samþykkir

Mattias Jochumsson.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Sem eigandi Kropps samþykkir

Jón Davíðsson. –

Sem umboðsmaður landsjóðsjarðanna Hols, Ytra- og Syðra-Laugalands, Uppsala, Klaufar, Sigtúna, Grýtu, Rifkellstaða, Stóra-Hamars, Litla-Hamars og Há-Hamars samþykkir

Stephán Stephensen

Samþykkir vegna Kaupangs

Vilhjálmur Bjarnarson

Samþykkur vegna Espihóls

Jón Sigfússon.

Þingl. 19/5 1890.



Landamerki fyrir Miklagarðstorfunni í Eyjafjarðarsýslu.

Að norðan eru landamerki milli Miklagarðstorfunnar og Möðrufellstorfunnar, frá vörðu, sem hlaðin er á barðinu út og upp af svonefndu „Undirnesi“ fyrir sunnan Torfur rjettsynis í Skjöldalsá, þar sem hún kemur úr gljúfrum út og upp frá Samkomugerði. Þaðan eru merkin í Skjöldalsá fram að svo nefndum Túngusporði þaðan eru merkin í nyrðri Króksá út og vestur þangað sem Kambsá fellur í Króksá. Þaðan og uppi svo nefnt Kambsskarð ræður Kambsá landamerkjum. –

Að vestan eru landamerkin eptir miðjum fjallshrygg þeim, er liggur suður frá Kambsskarði og fram til fjalla.

Að austan ræður Eyjafjarðará landamerkjum. Að sunnan eru landamerki milli Miklagarðstorfunnar og Saurbæartorfunnar úr miðjum gilskjapti Djúpadalsár eptir syðsta farvegi hennar utan við svonefnda laungbrekku allt ofan að svo nefndu Yztanesi og Þorishólma þá eptir austasta árfarvegi, sem liggur út með áðurnefndum Þorishólma) og svo eptir miðjum syðsta árfarvegi þeim norðan við áðurnefndan Þorishólma, sem rennur í Eyjafjarðará áður en farvegur þessi hefst, eru merkin í Djúpadalsá suður að gömlu/stekkjjarbroti skammt fyrir utan svonefnda Ytrigróf, sem er skamt fyrir utan Argerði. Þá eru landamerki að sunnan milli Miklagarðstorfunnar og Árgerðis frá áðurnefndu Stekkjarbroti (sem er sunnanvert við hól, sem er skammt frá Djúpadalsá rjettlínis í svo nefndan Miðgrástein, nær Árgerðisland að eins upp fyrir utan svonefndan Fálkahól í vörðu, sem þar er hlaðin. Frá vörðu þessari eru landamerki milli Miklagarðstorfunnar og Árgerðis rjettlínis í vörðu sem hlaðin er sunnan við lítinn hól, sem er syðst og neðst í svonefndri Miklagarðsfit. Frá þessari vörðu eru landamerkin milli Miklagarðstorfunnar að sunnan og Hvassafells rjettlínis í vörðu sem hlaðin er suður og ofan úr lág þeirri, sem er sunnan við svonefndan Garðhól í suður og niðurhorni Hlíðarhagalands. Frá síðast nefndri vörðu eru landamerkin milli Miklagarðstorfunnar eður Miklagarðsfitjarinnar að vestan og Hlíðarhagalands rjettsýnis til norðurs í áðurnefndan Miðgrástein. Þaðan eru landamerkin beint í vörðu sem hlaðin er í norður frá miðgrásteini stendur varða sú vestar en í beinni línu við áður nefnd merki að sunnan. Frá vörðu þessari eru landamerki milli Miklagarðstorfunnar og Hlíðarhaga beint uppí svonefnda Merkiskeldu og síðan upp miðja svo nefnda Merkislag uppá Mýrarhjallabrún þaðan rjettlínis uppá svonefndan Röðul um vörðu þá, sem hlaðin er í svonefndan Skálarmel. –

Miklagarðstorfan á Skjóldal allan sunnan fram og Miklagarðstungur út að Kambsá þeirri er áður er getið. Á jörðum í Miklagarðstorfunni er allt beitiland og afrjettarland óskipt að öðru en því, að Mikligarður, Yztagerði og Olversgerði eiga helminginn en Samkomugarðs og Miðgerði eiga hinn helminginn. Túnum og engjum jarðanna er éskipt.

Engjamerki jarða Miklagarðstorfunnar.



1. Takmörkin á engjum í Miklagarði eru þessi: heimaengjarnar að norðan frá Yztagerðisengjum takmarkast ofanvið svonefndan Hvíldarhól [Hvíld] af stuttu garðmóti, sem er rjett ofan við vegin, sem liggur út frá Miklagarði, liggja merkin beint yfir svonefndan Gunnlögshúsmó ofani móleitan stein, sem er í holtinu neðan við Jorsalamýri [Jórsalamýri]. Neðan við Hvíldarhól eru merkin úr litlum gráleitum steini, sem er sunnan og neðarlega framaní hólum rjettlínis í svo nefndum Sóta, sem er steinn suður og upp frá Miðgerði. Að neðan takmarkast engjarnar af svonefndum Torfhól og öðrum hól þar norðan við, næst sunnan við endan á svonefndum langamel eða Olversgerðisás. Upp frá Torfhól liggur holt, sem takmarkar Vargamýri að sunnan og liggur það upp undir Hróthúsholt. Engjar þær sem liggja sunnan við Miklagarð takmarkast að ofan af helli, sem liggur suður frá Miklagarði neðan við svo nefndan Messuveg að sunnan af merkiskeldu og úr henni út og ofan í svonefndan Klofastein. Þaðan út og ofan í svonefndan Hallahól og þaðan beint út neðstu höllin. Takmörkin á engjaparti þeim ofanundan Hlíðarhaga sem Miklagarðsfit heitir eru austan sunnan og vestan hin sömu landamerki Miklagarðstorfunnar að austan og Árgerðis að sunnan og Hvassafells að vestan og Hlíðarhaga að norðan eru takmörkin við fitina beint strik frá Fálkahól uppí Torfhól, sem er suður og niður frá Grásteini.
2. Takmörkin á engjum Yztagerðis eru að sunnan sem áður er sagt, en að norðan rjettlínis úr miðjum hæðsta Olvisgerðisklöppum sunnan við Skjöldalsá suður í gráan stein syðst og efst á svokölluðum Langamel eða Olversgerðisás.
3. Takmörkin á engjum Olversgerðis eru að ofan sem áður er sagt um takmörk Yztagerðis að neðan, að sunnan af hól þeim, er næst er sunnanvið Langamel og í holti því, sem frá honum liggur út og ofan í Sóta, sem áður er nefndur, að neðan eru merkin milli Olversgerðis og Miðgerðis frá Sóta áðurnefndum beina stefnu í norðurhluta í svonefnda Merkispúfu, sem er suður og niður frá Olversgerði, frá þeirri þúfu er aptur bein merki út og niður í svokallaða Merkisklöpp og þaðan sömu stefnu í Skjöldalsá.
4. Takmörkin á engjum Miðgerðis eru að ofan sem áður er sagt um takmörk Olversgerðisengja að neðan að norðan Skjöldalsá að neðan frá efri brún á ás þeim, sem liggur út og suður neðan við Miðgerði, að sunnan Holt það, sem er norðvestan við Pollalág hina syðri ofar að sunnan eru svonefndir Melar og efst úr þeim beint uppí svonefndan Lónhól ræður síðan Miðgerðisas merkjum heim að túni.
5. Takmörkin á engjum Samkomugerðis eru Djúpadalsá að sunnan og Eyjafjarðará að austan, að norðan landamerkin á milli Miklagarðstorfunnar og Möðrufellstorfunnar upp að engjamerkjum Miðgerðis að neðan. Að ofan eða vestan uppað Miðgerðismerkjum suður efribrún ássins suður að svonefndum ~~Miðgerðismerkjum~~ Hellisklaufum, og þaðan beint strik ofaní svokallaða Hellisnef vestan við Djúpadalsá. –

Samkomugerði 19. maí mán. 1890

Vigfús Gislason

Fyrir hönd Alfheiðar Einarsdóttur

Páll Hallgrímsson



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Jón Jóhannesson
Þ. Thorlacius

Olafur Olafsson
eigendur og umráðamenn Miklagarðstorfunnar

H E. Thorlacius.

Framanskriðuðum landamerkjum erum vjer undirskrifaðir samþykkir. Fyrir hönd umboðsmanns
Möðrufellsspítalajarða
Páll Hallgrímsson

Samþykkur þessum landamerkjum vegna Argerðis

M. Sigurðsson

V. Gíslason

Jakob Bjornsson
prestr í Saurbæ

Tryggvi Olafsson

Randver Bjarnason

Eigendur Hlíðarhaga.

Sem umboðsmaðr Hvassafells samþykkur

Stephán Stephensen.

Þingl. á Saurbæ 20 maí 1890.



[innskot: Áður innf.]

~~Landamerki jarðarinnar Skaldstaða í Saurbæarhrepp.~~

~~Að sunnan milli Skaldstaða og Jórunnarstaða eru merkin úr garðbroti suður við Eyjafjarðará, sem er vel sjáanlegt, svo úr garðbroti þessu eptir vörðum uppí rauðan jarð fastan stein, og úr honum bein stefna uppí næsta rima fyrir utan Jórunnarstaðaskál á fjall upp.—~~

~~—Að norðan er stór steinn, sem stendur á svokallaðr stóruskriðu hann er merkja steinn frá honum liggja merkin uppí svokallað ytra stóra Skriðugil og uppí vörðu, um stendur uppá þorgerðarhjalla brún og frá merkjavörðu þessari beina línu til fjallsbrúnar. Að vestan ræður fjallsbrún að austan. Eyjafjarðará.~~

~~—Skáldstöðum 20 maí 1889~~

~~—Daniel Danielsson _____ Sigurðr Sigurðsson _____ eigendur jarðarinnar.~~

~~—~~

~~—Sigurbjörg Jóhannesdóttir _____ eigandi Kolgrímastaða.~~

Fyrir hönd Jórunnarstaða samþykkir þessi landamerki

—Jón Kristjánsson

—eptir fullmakt.

Lesið að Saurbæarmanntalsþingi 24. maí 1890 og innf.



~~Landamerki jarðarinnar Oxnafellskots liggjandi í Saubæarhreppi.~~

~~Að norðan eru landamerki Oxnafellskots og Oxnafells eptir vörðum, sem hlaðnar eru á mýrunum, og í Gróf ofanvið mýrarnar og frá henni beint strik uppá mitt fjall og eins beint strik frá þeim í lækjarfarveg utanvið Oxnafellskotsvöll og eptir honum til Eyjafjarðará. Að sunnan eru landamerkin milli Oxnafellskots og Víðirneslands í miðjan svonefndan Stekkjarbotn og úr honum beint suður í Eyjafjarðará og beint strik eptir vörðum í Oxnafellsgilið i fjallsbrúninni og þaðan austur á mitt fjall útað Oxnafells merkjum.—~~

~~Akureyri 15. maí 1889.~~

~~Þ. Thorlacius~~

~~í umboði eiganda Oxnafells~~

~~Elin Einarsdóttir~~

~~eigandi Oxnafellskots~~

~~Þing. Að Saurbæ 24 maí 1889.~~

~~—og innfært.—~~



Landamerki Kirkjujarðarinnar Krónustaða í Eyjafirði.

Að austan ræður Eyjafjarðará frá vörðu þeirri, er stendur skamt frá ánni suður og niður frá Sandhólum og að næstu vörðu að sunnan, sem er merkjavarða milli Krónustaða og Hleiðargarðs. Þaðan ræður merkjum að sunnan bein lína upp í garðsbrot það, sem er utaní Gerðisholti og þaðan bein stefna uppí einstakan klett, sem er næst fyrir sunnan svonefndan Mjóadal og þaðan bein lína uppá mitt Saurbæarfjall. Að vestan ræður merkjum varðan suður og niður frá Sandhólum og bein lína upp í vörðu þá, er stendur kippkorn fyrir sunnan Sandhólabæ og þaðan bein lína sjónhending upp á mitt Saurbæarfjall

Saurbæ 12. maí 1890

Að áskildu samþykki stiptsyfirvaldanna að því er Hlíáðrhaga snertir
Jakob Björnsson.

Framanskriðuð landamerki samþykkja hjermeð eigendur Hleiðargarðs

Jón Jóhannesson

Olafur Guðmundsson

Olafur Olafsson

Þingl. á Saurbæar manntalsþingi 20 maí 1890.

Landamerkjabryf fyrir jörðunni Argerði í Saurbæarhrepp í Eyjafjarðarsýslu.

Að austan er Djúpadalsá á landamerki

Að norðan eru landamerki milli Argerðis og Miklagarðstorfunnar útá gamalt stekkjarmót sunnan við hól, sem er skammt fyrir utan svonefnda Ytrigróf og skamt frá Djúpadalsá og þaðan rjettlínis í svonefndan Miðgrástein, sem eru merki á milli Hlíðarhaga og Miklagarðstorfunnar, nær Árgerðisland aðeins uppfyrir utan svonefndan Fálkahól í vörðu sem þar er hlaðin. –

Að vestan eru landamerkin milli Argerðis og svonefndrar Miklagarðsfitjar úr næstnefndri vörðu rjettlínis í vörðu, sem hlaðin er sunnan við lítin hól, sem er syðst og neðst á Miklagarðsfit. –

Að sunnan um landamerki milli Argerðis og Hvassafells í næstnefndri vörðu syðst og neðst í svonefndri Miklagarðsfit rjettsynis eptir merkjavörðum. í miðja svonefnda Barðhúsklöpp, sem liggur austanvert við Djúpadalsá.

Samkomugerði 18 maí 1890.

Vígús Gíslason M Sigurðsson. –

Sem eigendur Miklagarðstorfunnar erum við framanskriðuðum landamerkjum samþykkir

P. Thorlacius H E. Thorlacius Olafur Olafsson Jón Johannesson

Fyrir hönd eigandans Álfheiðar Thorlacius

Páll Hallgrímsson

Sem umboðsmaður Hvassafells samþykkir

Stephán Stephensen

Þingl. að Saurbæ 20/5 1890.



Landamerki kirkjujarðarinnar þrúgsár í Eyjafirði

Að austan ráða merkjum „Langhólar“ og bein lína af efri parti þeirra á fjall upp. Fylgir jörðu þessari öll sú fjallshlíð af miðju fjalli að ofan svo sem vötnum hallar til vesturs fram á Jökul. Að vestan ræður þrúgsá landamerkjum og bein lína úr neðstu gljufrum hennar niður eyrarnar ofaní Djúpadalsá móts við gamalt Stekkjarbrot, sem er skammt frá Storuskriðugili í Litladalslandi. Ræður svo Djúpadalsá þaðan merkjum útá móts við ofangreinda Langhóla.

Saurbæ í Eyjafirði 12. maí 1890

Jakob Björnsson

prestr

Vegna kirkjujarðarinnar Háls

Benidikt Einarsson

ábúandi

Þingl. að Saurbæ 20/5 1890.



Landamerki Jarðarinnar Háls í Saurbæarhrepp í Eyjafjarðarsl.

Að sunnanverðu vestanfjalls liggja merkin úr Langhólum beina stefnu uppá fjallsbrún og þaðan utanvert við Bolla og Bláhól út og ofan í Klofusteina, þaðan eptir sömu stefnu í móleitan stein, er stendur í holti skammt fyrir utan og ofan Vörðuhús. Síðan beyjast þau þaðan út á við í tvilembulá og þaðan eptir vörðum út í Vallagötur hinar fornu og stendur þar varða utaní litlu holti; þaðan beyjast merkin út og upp á við beina stefnu í melhól, er stendur skammt austur frá Stóruborg og þaðan vestur í Stóruborg þaðan liggja merkin suður vestaní ásnum beina stefnu í stóran stein, sem stendur í hólnum suðvestur frá Holstekk hinum gamla og þaðan í sömu stefnu efst í Langhóla.

Þess utan á jörðin fram upprekstur fyrir geldfje í Sneis og fyrir trippi á Djupadal.

Akureyri 16 maí 1890

Jakob Björnsson

að því er Saurbæ^{Saurbæ} snertir og kirkjujorðina þrúgsá

Benidikt Einarsson.

Matth. Jochumsson

fyrir hönd Akureyrar prestakalls

Þinglesið að Saurbæ 20 maí 1890

Landamerki jarðarinnar Vallna í Saurbæarhreppi

Merki jarðarinnar að utan er hin svonefnda Gálghamarsrjett, sem er rjett sunnan við Djúpadalsá í beina stefnu suður frá Samkomugerði. frá rjettinni eru aptur landamerki að austan og suður að Klofasteini, sem er í Rauðhúsahólum. Síðan ganga merkin þaðan í suður beina línu í vörður, sem eru ofarlega í Svarðarmýri; þaðan enn í suður í stein í stein, sem er suður af Svarðarmýri. Frá steini þessum ganga landamerkin í vestur í svonefndan Árgarð og þaðan í Borgarklöpp, þar sem hún er hæðst, sem liggur austan við Borgarrjett. Frá Borgarrjett ganga merkin í beina línu suðvestur í stóran stein, sem er á hól, skammt frá Hólsstekk hinum gamla. Frá steini þessum eru merkin í beina línu suður að Varmhaga og að lokum þaðan í vestur að Reiðhól og síðan þaðan niður að Djúpadalsá. – Eptir það ræður Djúpadalsáin merkjum að vestanverðu.

Merki Varmhaga eru að utanverðu Vallalandi svo sem sagt hefur verið að framan; að austan frá Vallnalandi úr steini þeim, er stendur í áðurnefndum hól, sunnan og vestan við Hólsstekk; þaðan ganga merkin suður í Langhól. Að sunnanverðu ganga merkin frá Langhól beina línu í vestur að Djúpadalsá. Að vestan takmarkast Varmhagi af Djúpadalsá. .

þ. Thorlacius

Þessi landamerki samþykkir fyrir Grímseyjar kirkjujörð Velli í Saurbæarhrepp
Hofi í Horgárdal 12. maí 1890
Davið Guðmundsson.

Vegna jarðarinnar Hals
Benidikt Einarsson
ábúandi

Jakob Bjarnason
að því er Varmhaga snertir

Þingl. að Saurbæ 20/5 90



Landamerki jarðarinnar Hólsgerðis í Saurbæar hrepp.

Að sunnan milli Hólsgerðis og Úlfár eru merkin úr gömlum garðsstúf niður við Eyjafjarðará uppi 3 jarðfasta steina, sem vörður hafa verið hlaðnar á og úr þeim bein stefna til fjalls. Að norðan milli Tungufells og Hólsgerðis eru merkin í jarðfastan stein, sem er utan og neðan við langina og bein stefna úr honum niður til Eyjafjarðará, til fjallsins er landið óskipt milli jarðanna. Að austan ræður Eyjafjarðará, en að vestan fjallsbrúnin.

Jörðin á fría beit fyrir gjaldfje og stórgripi á Torfufellsdal. –

Staddur á Hólsgerði 21. maí 1889
Vegna eigandans Jóns Bergssonar
Jón Kristjánsson

þ. Thorlacius

í umboði eiganda að þingeyjarsyslu að einum helming jarðarinnar Torfufells samþykkir þessi landamerki

Sömuleiðis samþykki jeg þessi landamerki, sem eigandi að parti í Torfufelli
Tr. Sigurðsson.

Fyrir hönd jarðeigandans Úlfa
Páll Hallgrímsson

Þinglesið að Saurbæ 20/5 1890.

Landamerkjaskrá fyrir jörðunni Draflastöðum í Saurbæarhrepp.

Merki jarðarinnar að sunnan er í svokallaðan Gildrulæk, þar sem hann rennur í Nupá og þaðan beina sjónhending til fjalls í vörðu sem hlaðin er á kletti framaní svokallaðri vömb og svo þaðan beina línu upp á fjall. Að vestan eru merkin úr svokallaðri efrifjallsöxl og til norðurs þar sem land liggur hæðst. Að austan ræður Núpá merkjum. – Að norðan eru merkin úr svokölluðum Merkjamel, sem liggur niður við Núpsárgil, fáa faðma fyrir sunnan svokallaðan merkjalæk, á þessum merkjamel er hlaðin varða og þaðan liggja merkin beina línu í vörðu sem hlaðin er uppá heiðarbrúninni, rjett uppundan svokölluðum Stóruækjarskörðum.

Gjört að Draflastoðum 1 okt. 1889

Magnús Jónsson

Vilborg Pjetursdóttir

Samþykkir þessum landamerkjum vegna þormóðsstaða og Eyvindarstaða

Gunnlögur Sigurðsson

Ranveg Palsdóttir

Stefán Jónsson

Þinglesið á Saurbæ 20/5 1890.

Landamerki er tilheyra Arnarstöðum eru sem hjer greinir

Að sunnan í garð er stendur norðan við Nyjabæ og beina stefnu eptir honum til vesturs í Eyjafjarðará, en til austurs á fjall upp. – En að norðan útað svonefndum jarnmó milli Arnarstaða og Æsustaðagerða, og þaðan upp eptir að stórum steini og í svonefnda Hrafnatinda og á fjall upp; en til vesturs í Eyjafjarðará.

Sömuleiðis eiga Arnarstaðir afrjettarland í Arnarstaðatungum frá Hafrá að norðan fram að trippagarði þeim, sem stendur vestan Eyjafjarðará.

Þess skal getið, að Strangalækjarfjall í Arnarstaðatungum hefur verið þrætuland milli Hóla og Arnarstaða, en nú hafa jarðareigendurnir komið sjer saman um, að láta merkin vera um tryppagarðinn á móti Klaufá og eiga Arnarstaða menn að hafa frían upprekstur fyrir 2 trippi i Hólaafrjett, með því að viðhalda trippagarðinum vestan Eyjafjarðará, en þá eru undanskildir gamlir og grimmir graðfolar.

Randver Bjarnason
eigendur Arnarstaða.

Helga Jóhannesdóttir

Samþykkir
Páll Pálsson
Eigandi Æsustaðagerðis

Jón Ólafsson
samþykkir vegna Hólatorfueigenda.

Þinglesið að Saurbæ 20/5 1890.



Landamerki Hleiðargarðs í Saurbæarhreppi og Eyjafjarðarsýslu.

1 Að sunnan í garð sem liggur upp og niður skammt fyrir norðan bæinn í Nesi, og sem liggur á svokölluðum Merkjahól, og í röðul sem er á fjallinu út og upp af Nesskálarbotni og þaðan beint uppá mitt fjall, og aptur frá nefndum Merkjahól beina stefnu í Eyjafjarðará.

2 að norðan í garðbrot, sem liggur utaná svonefndu Gerðisholti og þaðan beina stefnu í Vörðu við Eyjafjarðará, og aptur frá nefndu garðbroti beina stefnu uppá einstakan klett, sem næstur er fyrir sunnan svonefndan Mjóadal, og þaðan beina stefnu uppá mitt fjall. . Að austan ræður Eyjafjarðará.

Hleiðargarði 27. maí 1885

Olafur Guðmundsson

Jón Jóhannesson

Olafur Olafsson

Samþykkt fyrir Nes Sigurbjörg Jóhannesdóttir

Samþykktur fyrir Saurbæ að áskildu samþykki Stiptsyfirvalda Íslands

Jakob Björnsson

prestur.

Þinglesið að Saurbæ 20 maí 1890.

Landamerki fyrir Æsustaðagerði í Saurbæarhreppi og Eyjafjarðarsýslu.

1. Að norðan eru merkin á milli Æsustaða og Æsustaðagerðis í vörðu sem hlaðin er á Eyjafjarðarárþakka beint á móti svonefndu Skriðugili í fjallinu vestanmegin, úr nefndri vörðu liggja svo merkin til austurs í Vörðu sem stendur utanvert á svokölluðum Steinhól beint út frá Æsustaðagerði, þaðan eru merkin beina sjónhending til fjalls í skarð, sem er í fjallsbrúninni lítið eitt fyrir sunnan fjallshofuðið.
2. að sunnan eru merkin í vörðu, vestan við svonefndan járnsmó og beina stefnu til austurs í stóran stein og þaðan beina línu í svokallaða Hrafnstinda og þaðan uppá mitt fjall.
þá er Æsustaðaábúanda heimilt að viðhalda skurði þeim, sem gjörður er gegnum tún og engjar Æsustaðagerðis og leiða vatn eptir honum borgunarlaust. –

Æsustaðagerði 6 maí 1890

Páll Pálsson.

Samþykkt vegna Æsustaða

Vilborg Pjetursdóttir

– – Í umboði prófests B. Kristjánssonar eiganda ½ Æsustaða

E. Laxdal Samþykkur

Randver Bjarnason

þ Thorlacius samþykkir vegna Arnarstaða

Þinglesið á Saurbæarmantalsþingi 20/5 90



Landamerki fyrir Hlíðarhaga í Saurbæarhrepp í Eyjafjarðarsýslu.

Að sunnan milli Hvassafells og Hlíðarhaga eru landamerki frá efstu vörðu í merkjum á milli Miklagarðsfitjar og Hvassafells beint strik í litla grasgróna laut fyrir sunnan og ofan Hlíðarhagatún og þaðan sömu stefnu á fjall upp.

Að austan og norðan er landamerki milli Hlíðarhaga og Miklagarðstorfunnar frá ofannefndri vörðu rjettlínis til norðurs í Miðgrástein, þaðan eru landamerkin beint í vörðu, sem hlaðin er í norður frá áðurnefndum Grásteini, stendur varða sú vestar en í beinni línu við áðurnefnd merki milli Hlíðarhaga og svo nefndrar Miklagarðsfitjar. Frá vörðu þessari eru landamerki milli Hlíðarhaga og Miklagarðstorfunnar beint uppí svonefnda merkiskeldu og síðan upp svonefnda Merkislág miðja rjettlínis uppá svonefnda Mýrarhjallabrún og eptir sömu stefnu uppí svonefndan Röðul um vörðu þá, sem hlaðin er á svonefndum Skálarmel.

Að vestan er hæðsta fjallbrúnin landamerki.

Gilsá og Jökli 14. maí 1890

Randver Bjarnason

Tryggi Ólafsson

Samþykkir fyrir Miklagarðstorfuna

Jón Jóhannesson

Ólafur Ólafsson

Vigfús Gíslason

Sem umboðsmaðr Hvassafells samþykkur Stephán Stephensen

H E. Thorlacius

þ. Thorlacius

Alfheiður Einarsdóttir

eigendur Miklagarðstorfunnar.

Þingl. að Saurbæ 20/5 90



Landamerki Gilsár í Eyjafirði.

Að norðan ræður stór steinn, er sendur framan í árbakkanum austan við Eyjafjarðará sunnarlega í svonefndum Haabakka. Hjerumbil móts við stein þenna liggur dálítið drag fram af árbakkanum; eru merkin í því niður við ána og síðan í sveig eptir vörðum, sem hlaðnar eru suður og upp engjarnar og beyjast síðan útá við, þegar uppá höllin kemur, þá í dálítin stein sunnan í Kinnung sunnaní Nyrðri-Skriðugilsskriðunni þaðan í skorning, sem dýaveita er í norðan við stóran stein gráan, skammt fyrir ofan hinn fyrnefnda stein; úr þessum skorningi eru merkin beint í dálítin skúta utarlega og neðarlega í jarðfalli því, sem fallið hefur rjett sunnan við Nyrðra-Skriðugilið. Úr skúta þessum eru merkin beint í fjallsbrúnina nyrst í Skeiðagilsflóan hinn nyrðri. - Að austan ræður Eyjafjarðará. Að vestan fjallið, þar sem það er hæðst fram vestan við Gilsárdal svo langt fram, sem Gilsárdalur nær. –

Að sunnan ræður Gilsáin frá upptökum hennar í Gilsardalsbotni og ofani gilskjaptinn milli Gilsár og Gullbrekku, þaðan beina línu frá stórum steini, sem er utan við vatnsstokk þann, er liggur frá Gilsánni suður og ofan beina stefnu í vörðu og ofan beina stefnu í vörðu sem hlaðin er utarlega á svonefndu Longubrekkuþarði og svo þaðan beina stefnu til Eyjafjarðará.

Að austan ræður Eyjafjarðará. –

Gilsá í Eyjafirði 16. júní 1886

Davið Ketilsson

(eptir fullmakt.) Fyrir hönd

Páls Steinssonar á Tjornum

Eigandi að ½ Gilsá

Tryggvi Olafsson (eigandi að ½ Gilsá

(handsalað).

Sigurbjörg Jóhannesdóttir

eigendr að Nesi.

Karl Pálsson

Július Pálsson

Frímann Jóhannesson (handsalað)

eigandi Gullbrekku.

Þinglesið að Saurb 20/5 1890.



Landamerkjaskrá fyrir jörðunni þormóðsstöðum í Saurbæarhrepp.

Merkum jarðarinnar að austan ræður þormóðsstaðadalsá og Núpá. Að norðan eru merkin úr svokölluðum Gildrulæk, þar sem hann rennur í Nupá, og þaðan beina línu til fjalls í vorðu sem hlaðin er á klett framan í svokallaðri Vömb og þaðan beina línu uppá fjall. Að sunnan eru merkin niður við árgilið í hina svonefndu Nöf eður Nafarhorn, þaðan skálínis uppí Syðri-Arnbjargarhól og eptir sjónhendingu á fjall upp. Itök þormóðsstaða í landareign þormóðsstaðasels eru samhljóða afsalsbrjefi af 21 júní 1876.

þormóðsstoðum 10 mai 1890

Sigfus E Thorlacius

eigandi þormóðstaðasels

Gunnlögur Sigurðsson

eigandi þormóðsstaða.

Magnús Jonsson

vegna Draflastaða

Vilborg Petursdóttir

vegna Draflastaða

þingl. að Saurbæ 20/5 1890.



Landamerki Eyvindarstaða í Eyjafirði

Að sunnan ræður merkjahóll eður varða, er stendur á Merkjahól, hóll þessi stendur niður við árgilið og úr hól þessum rjettlínis uppí Stóru-lækjarskörð efst í heiðarbrúninni og þaðan uppá há heiði.

Að norðan eru merkin í vörðu, er stendur á hinum svonefnda Hríshól og þaðan rjettlínis í vörðu niður á árgilsbarminum og uppá fjall utanvert við hina svonefndu Solvahliðaruppgöngu

Eyvindarstoðum 6 maí 1890

Stefán Jónsson

Guðbjörg Jónsdóttir

Ranveig Palsdóttir

Samþykkur vegna eiganda Draflastaða, að því er viðkemur Magnúsi Jónssyni á Akureyri sem eiganda ½ Draflastaða

M. Sigurðsson í Grund

Í umboði eiganda Sölvahliðar

Olafur Olafsson

Samþykk vegna ½ Draflastaða

Vilborg Pjetursdóttir

Þinglesið á Saurbæarmantlaþsingi 20/5 1890



Landamerki þormóðsstaðasels í Saurbæarhreppi.

Þormóðsstaðadalur liggur undir jörð þessa og ræður því dalsdragið merkjum að framan eða sunnan. Að austan ræður þormóðsstaðadalsáin Að vestan ræður fjallið.

Að norðan eru merkin niður við árgilið, hina svonefndu Nöf eður Nafarhorn þaðan skálínis uppí Syðri-Arnbjargarhól og eptir sjónhendingu á fjall upp. Þrætupartur er liggur í þormóðsstaða landareign utanvert við Langhóla. Takmörk þrætupartarins eru þessi:

Að norðan liggur hann að landamerkjum Draflastaða. Að sunnan eru merkin í Gildrulækin, þar sem hann fellur niður í Árgilið, síðan fylgja þau honum þartil hann hverfur og þaðan beina línu til fjalls upp. Ítök þormóðsstaðasels í landareign þormóðsstaða eru samhljóða afsalsbrjefi af 21. júní 1876.

Nupufelli dag 10 maí 1890

Sigfús Thorlacius Eigandi þormóðsstaðasels

Gunnlogur Sigurðsson eigandi þormóðsstaða.

Þinglesið á Saurbæ 20/5 1890.



Landamerki Saurbæar í Eyjafirði með tilheyrandi hjáleigum.

Að sunnan ræður merkjum varða sú, er stendur skamt frá Eyjafjarðará suður og niður undan Sandhólum; þaðan bein stefna í vörðu, er stendur kippkorn fyrir sunnan Sandhóla; þaðan bein lína uppá mitt Saurbæarfjall; þaðan út miðja fjallsöxlina, unz á stenz við Langhóla vestan í Saurbæarfjalli. Síðan beyjast merkin út og ofan utanvert við „Bollu“ og Bláhól austur og ofaní Klofasteina; þaðan eptir sömu stefnu í móleitan stein, sem stendur í holti, skammt fyrir ofan Vörðuhús. þaðan beyjast merki þessi út á við frá steini þessum úti tvílembulág, og þaðan eptir vörðum úti Vallagötur hinar fornu og stendur þar varða utaní litlu holti. þaðan liggja merkin norður og upp í stefnu á melhól, sem stendur utan og ofanvið Hálsflóa, en beint austur frá Stóruborg og þaðan vestur í Stóruborg. Frá Borgarklöpp (s: Stóruborg) ganga merkin til austurs í svonefndan Ásgarð, í stein sem er suður af Svarðarmýri þaðan beina línu í vörður, sem eru utarlega í Svarðarmýri þaðan í Klofastein á Rauðhúsahólum og þaðan bein lína úti Gálghamarsrjett við Djúpadalsá. –

Frá Gálghamarsrjett ræður Djúpadalsá merkjum að norðan og austan og syðsti farvegur hennar fyrir utan Laungubrekku, sem er utan undir Melgerðismelum, ofaní krók þann á Djúpadalsá, er gengur lengst til suðurs, ræður svo Djúpadalsá merkjum allt þar til hún fellur í Eyjafjarðará fyrir utan þórishólma litlu sunnar, en á móts við Arnarhól; þaðan ræður Eyjafjarðar á merkjum að austan, suður að vörðu þeirri er nefnd er í byrjun brjefs þessa. – –

Innan ummerkja þeirra, er nú voru talin liggja slægjulönd prestsetursins og hjáleigunnar og eru þær þessar: Sandhólar, Rauðhús og Melgerði. Beitiland er óskipt en slægjulönd fylgja hverri þessar jörð innan þeirra ummerkja, er hjer segir:

Sandhólum fylgir slægjuland allt út frá áður nefndri merkjalínu milli Sandhóla og Krónustaða útað garði þeim, er stendur í mýrinni fyrir sunnan Saurbæ í beinni línu frá Eyjafjarðará og upp að götum. –

Prestssetrinu Saurbæ fylgir allt slægjuland austan frá áðurnefndum garði útað þeim móleita steini, er stendur í holtinu skammt fyrir ofan Vörðuhús og þaðan fyrir neðan merkin milli Háls og Saurbæar, fyrir neðan tvílembulág og neðan Vallnagötur hinar fornu, og austan merkjalínu þeirrar, sem liggur á Melhól, utan og ofanvert við Hálsflóa og vestur undir Stóruborg. Þaðan ræður bein lína stefnu til austurs í 2 steina, sem eru utanvert við Ásgarð og þaðan bein lína ofaná Jámund og Stífluhól. Hríshólmi fylgir Saurbæ.

Melgerði fylgir slægjuland allt út frá Stífluhól fyrir neðan alfaravegin útað engjagarði þeim, sem hlaðin er skammt frá melhorni því, sem er næst fyrir sunnan Olafstjörn; útfra nefndum garðsenda að ofanverðu liggja fornar götur, og heyrir mýri sú, er þar liggur fyrir ofan og uppundir alfaraveg til Rauðleirum og sömuleiðis Olafstjörn. Nesið allt fyrir neðan þessar fornu götur heyrir til Melgerðis. –

Rauðhúsúm fylgir slægjuland það, er liggur fyrir neðan alfaraveg frá engjagarði þeim, sem er skammt frá melhorninu næst fyrir sunnan Ólafstjörn eptir fornum götum út frá efri enda garðsins



og út fyrir Ólafstjörn að neðan; þaraðauki fylgir slægjuland í Longubrekku utanvert við Melgerðismela. Að öðruleyti ræður alfaravegur frá Stifluhól og útað Djúpadalsá takmörkum slægjulandsins að austan, að svo mikluleyti sem þar verður slegið. Að sunnan ræður merkjum lína frá Stifluhól upp Jámund yfir Pálssund sunnanvert upp að vorðu á Breiðhól og þaðan í 2 steina, sem standa utanvert við Ásgarð, litlu vestar en Tjörninn, sem er syðst á Breiðhólasundi. Frá nefndum steinum eru merkin úti vörður, sem eru utarlega í Svarðarmyri, þaðan í Kofastein og þaðan úti Gálgamansrjett.

Auk þessa tilheyrir prestsetrinu Saurbæ svonefndur Varmhagi vestaní Saurbæarfjalli. Eru merki hans að utanverðu bein lína úr stórum steini fyrir sunnan og vestan Holsstekk hinn forna ofaní Reiðhól og þaðan til Djúpadalsár; þaðan ræður bein stefna úr gilkjaptinum fram í Djúpadalsá hjá Langhólum, svo ráða Langhólar að sunnan og bein stefna efst úr þeim úti aðurnefndan stóran stein, utanvert við Hálsstekk hinn forna. Ítak fyrir 60 fjár til vetrarþeitar um 8 vikur eða 120 fjár í 4 vikur viðurkennist að ábúandi Stóradals megi nota.

Afrjettarlönd jarðanna eru: 1 Sneis eða þrúgstunga milli þrúgsár að austan og Sneisarár að vestan allt fram á jökul eptir máldögum Olafs Rognvaldssonar og Pjeturs biskups frá 1461 og 1394. – 2. Djúpidalur fram frá grjótgarði þeim er liggur fram á mots við Kambfell og fram úr gegn, svo sem Djúpadalsá ræður að vestan. Á þessum parti er, að óskildu samþykki Stiptsyfirvaldanna (sbr sættagjörð 15 febr 1890) viðurkennt ítak fyrir selstöðu um sumartíman fyrir búsmalar Stóradals, Syðri og Ytri-Dalsgerða móti því, að ábúendur nefndra jarða veiti trippum þeim sem þangað eru rekin fyrir stöðu, svo sem þeir geta, að þau fari ekki til byggða meðan selstöðu tíminn yfirstendur. Kirkjugjarðirnar Krónustaðir, Háls, þrúgsá og Vellir ásamt hjáleigum prestakallsins, sem að framan eru nefndar eiga fría afrjett fyrir sínar egin skepnur sauðfje og trippi í Sneis og Djúpadal.

Saurbæ 12. maí 1890

Jakob Bjornsson
prestr.

Framanskriðuð landamerki samþykkir

Vigfús Gíslason Jón Jóhannesson. Ólafur Ólafsson HE. Thorlacius

þ. Thorlacius. Fyrir hönd Alfheiðar Einarsdóttur

H E. Thorlacius

eigendur Miklagarðstorfunnar.

Vegna Djúpadals undirskrifta

A. Stefánsson Kristinn Ketilsson Guðrún Bergrós Oddsdóttir

Með tilliti til Varmhagans



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Vegna kirkjujarðarinnar Hals

Benidikt Einarson

ábúandi

Þinglesið að Saurbæ 20/5 1890

[Sjá nú bls 65 í bók 2 –]

Landamerkjabréf fyrir Stóradal.

Að sunnan ræður Brandabúðará merkjum allt það er Brandabúðardalur nær, en þar ofan frá eru merkin beina stefnu niður úr gljúfrum til Djúpadalsár, út þaðan liggja merkin eptir Djúpadalsá undir Langhólum, og þaðan beina stefnu út í Gerðahólagilið. Beitarland heima jarðarinnar er óskipt við hjáleigurnar Ytri- og Syðri-Dalsgerði í svokölluðum Gerðahólum.

Einnig á Stóridalur austanmegín Djúpadalsár allan þverdal af Mælifellshálsi fram á fjöll, og allt land eyðihjáleigunnar Mælifells. Þar ræður merkjum að utan bein stefna úr þrúgsárgilinu ofan þrúgsáreyrar í Djúpadalsá, fram þaðan liggja merkin eptir Djúpadalsá vestan megin Mælifellshólma að grjótgarði þeim, er liggur til austurs upp frá ánni gegnt Kambfelli.

Ítök jarðarinnar í Saurbæarlandi eru þessi: Vetrararbeit í Varmhaga fyrir 60 fjár í 8 vikur eða 120 fjár í 4 vikur. Selstaða á Djúpadal fyrir framan grjótgarð á móti Kambfelli. –

Ítök sem Ytri- og Syðri Dalsgerði eiga í Stóradalslandi: Upprekstur á sumrum fyrir sitt eigið geldfje og trippi á þverárdal og selstöðubúfjárbeit í Mælifellslandi.

Stóradal 19. maí 1890

Í umboði eigandans

A. Stefánsson

Framan skrifuð landamerki samþykkja

Jakob Björnsson fyrir hönd Saurbæarprestakalls
prestr

Olafur Guðmundsson Sem eigandi Litladals

Guðrún Bergrós Oddsdottir – Ytri-Dalsgerðum

Jóhannes Randversson ábúandi Litladals

fyrir hönd Sra St. Arnasonar eiganda. –

Þinglesið að Saurbæ 20/5 1890

Landamerki Jarðarinnar Jórunnarstaða í Saurbæarhrepp.

Að sunnan milli Jórunnarstaða og Leynings eru þessi merki: úr vörðu, sem stendur á svonefndu Horni Suðurvið ytra Básgilið, úr henni í vörðu neðanvið Básana, svo úr henni í vörðu, sem stendur ofanvið syðri Básinn og þaðan í svonefndan Merkjahrygg og þaðan bein stefna upp sunnarlega í Leyningsस्कálar á fjall upp. að norðan milli Skáldstaða eru merkin úr garðbroti niður við Eyjafjarðará, sem er vel sjáanlegt, svo úr garðbroti þessu eptir vörðum uppí rauðan jarðfastan stein, og úr honum bein stefna upp næsta rima utan við Jórunnarstaða skál á fjall upp. Að vestan ræður fjallsbrúnin en að austan Eyjafjarðará

p. t. Jórunnarstoðum 22. maí 1889

Vegna Jóns Bergssonar

Jón Kristjánsson

Sem eigendur Skáldstaða samþykkja þessi landamerki

Daniel Danielsson

Sigurður Sigurðsson

eigendur Leynings samþykkja þau einnig

Í umboði Lilju Jonsdóttur

þ. Thorlacius

Bjarni Pálsson

Marín Jónsdóttir

Þinglesið á Saurbæarmannatalsþingi 20/5 1890.



Landamerki Gullbrekku i Saurbæar hrepp.

1. Að sunnan eru merkin að neðan í svo nefnt Hellnagil, sem er hjerumbil í beinni línu á merkjagarð milli Jarðanna Hóla og Arnarstaða austan Eyjafjarðará, og beina stefnu til vesturs úr Hellnagili í grænan skorning og úr honum beint strik uppá svonefnda háöxl og eptir miðri háöxlinni suður fjall og allaleið fram mitt fjallið fram í svonefndan Brekkudalsbotn. –
2. Að norðan ræður svokölluð Gilsá frá upptökum hennar alla leið ofaní gilskjaptinn milli Gilsar og Gullbrekku, þaðan beina línu frá stórum steini, sem er utan við vatnsstokk þann er liggur frá Gilsánni suður og ofan beina stefnu í vörðu, sem hlaðin er utarlega á svonefndu Löngubrekkuþarði og svo þaðan beina stefnu til Eyjafjarðará. Að austan ræður Eyjafjarðará.

Gullbrekku Eyjafirði 16. júní 1886

Tryggi Ólafsson
eigandi að ½ Gilsá

Frímann Jóhannesson
eigandi að Gullbrekku

Sigurbjörg Jóhannesdóttir
eigandi að Kolgrímastöðum

Fyrir hönd Cand mag. Pálma Pálmasonar eiganda að ½ Gilsá
Jón Davíðsson.

Þinglesið að Saurbæ 20 maí 1890